



Fornleifaskráning í Akrahreppi Djúpidalur og Torfmýri



Varða í Djúpadal

Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga

2008/73



© Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga
Bygðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2008/73

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Helstu minjaflokkar	5
Djúpidalur í Blönduhlíð	9
Sögu ágríp	9
Náttúrufar og jarðabætur	10
Eignarhald	13
Bæjarnafnið	13
Hjáleigur og tengdar jarðir	14
Fornleifaskrá	17
Stekkurinn/Tilvera	55
Djúpadalssel	67
Fornbýli á Kvíhól	75
Tungufjall	88
Þjóðsögur og munnmæli	94
Leiðir	99
Landamerki	101
Eyktarmörk	101
Torfmyri í Blönduhlíð	102
Sögu ágríp	102
Náttúrufar og jarðabætur	102
Fornleifaskrá	104
Minjar í túni	104
Minjar utan túns	112
Landamerki	118
Samantekt	119
Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða henta vel til kynningar	120
Niðurlag	122
Heimildaskrá	123
Fylgiskjöl	125

Inngangur

Skráning Djúpadals og Torfmýrar er liður í fyrsta áfanga fornleifaskráningar Akrahrepps. Ákveðið var að skrá þessar tvær jarðir saman þar sem þær eru ein nytjaheild í dag, þ.e. báðar að stærstum hluta í eigu ábúenda Djúpadals. Annars er að jafnaði miðað við jarðatal Johnsen frá 1847 og þær jarðir skráðar sér sem hann gefur eigið númer, en hjáleigur og eyðibýli sem ekki fá sér númer eru skráðar undir aðaljörðinni. Auk Djúpadals og Torfmýrar voru að þessu sinni skráðar eftirtaldar jarðir í Akrahreppi: Silfrastaðir, Kúskerpi, Úlfsstaðir, Hjarðarhagi og Dýrfinnustaðir.

Að vettvangsvinnu komu Guðmundur Stefán Sigurðarson og Bryndís Zoëga og stóð sú vinna yfir fyrrihluta ágúst mánaðar og nokkra daga í september. Skýrslu- og kortagerð var í höndum Guðmundar, en yfirumsjón með verkinu hafði Guðný Zoëga deildarstjóri Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga.

Þakkir fá heimildamenn og ábúendur Djúpadals og Kringlumýrar, sérstaklega Eiríkur Skarphéðinsson og Sigurður Hansen. Sérstakar þakkir fær Sigurður fyrir ítarlegar upplýsingar um minjar og örnefni, leiðsögn og lán á jeppa og að lokum fyrir ábendingar og leiðréttingar við ritun þessarar skýrslu.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

- [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
 - skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur

hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknarvinnu og við skipulag eða kynningu minjastaða.

Það er augljós hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er hvorki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar né framkvæmdaaðila og þess vegna sameinar fornleifaskráning hagsmuni beggja, fræðigreinarinnar og þeirra sem að framkvæmdum standa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Djúpidalur 146275, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847)¹, 234 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar; bærinn í Djúpadal er þá nr. 1 og auðkenndur með eftirfarandi hætti: Djúpidalur 146275 – 234 - 1. Sé jörð með landsnúmer en

¹ Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingu, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn: J. Johnsen, 1847.

ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum eru minjar horfnar af yfirborði þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gíslhús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. hesthús eða hlaða.

Leggja

Þegar staðsetning minja er þekkt er nákvæm staðsetning þeirra skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru tekin í landshnitakerfinu ISN93. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamenn við skráningu Djúpadals og Torfmýrar voru Sigurður Hansen í Kringlumýri, sem fæddur er og uppalinn í Djúpadal og Eiríkur Skarphéðinsson sem búíð hefur í Djúpadal alla sína ævi og er núverandi eigandi og ábúandi jarðarinnar á móti Sigurði sem á ¼ af jörðinni. Torfmýri á Eiríkur til hálfis við móður sína Elínborgu Guðmundsdóttur.

Saga jarðanna og fornleifar

Í sögukaflanum er stiklað á stóru um landkosti, umbætur og aföll jarðarinnar í gegnum tíðina. Í fornleifaskráningar kaflanum eru upplýsingar um hverja og eina fornleif skráðar ásamt öllum þeim upplýsingum sem hana snerta. Af þessum sökum gætir töluverðra endurtekninga þar sem sömu upplýsingar snerta oft fleira ein eina fornleif.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbyli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafraðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru yfirleitt mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjurnar. Elstu kirkjugarðar virðast hafa verið hringlaga en urðu seinna ferhyrdir. Fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur benda til að víðar hafi verið jarðað en ætlað hefur verið, og gefa vísbendingu um að fjöldi kirkna hafi verið meiri á fyrstu öldum kristni í landinu en síðar varð.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hæsnakofar, eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferhyrindir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar og stekkir: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekka en þær voru einn dilkur. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfernaskiðs að farið var að nota færirkvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugar/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna.

Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripaheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjaveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripaheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímamann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir/heytaði/heykuml/heygarðar: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Djúpidalur í Blönduhlíð

Djúpidalur á land að Syðstu-Grund að vestan og Torfmýri að norðan upp í fjallshlíð en eftir það að landi Flugumýrar að norðanverðu fram að botni Kattárdals, þá liggja lönd Djúpadals og Reykja í Hjaltadal saman austur að merkjum Reykja og Hóla við jökul upp af botni Grjótárdals. Eftir það liggja lönd Hóla og Djúpadals saman austur fyrir botni Suðurárdals allt að Hjaldadalsjökli. Þá fara merki Djúpadals til baka og liggja þar gengt Silfrastaðaafrétt, yfir nyrsta hluta Hornfjalls og botni Seljárdals og norðan við Kleifar, þar snertast landamerki Djúpadals og Fremri-kota í smá horni. Eftir það á Djúpidalur land að sameiginlegu beitolandi bæjanna í Akraftofunni, að vestan eftir Austurlæk og síðan sunnan eftir Djúpadalsá út að Grjóta, eftir það skilur Djúpadalsáin milli landa Djúpadals og Litladals og allra suðvestast milli Djúpadals og sameignlegs lands Litladals, Brekkukots og Miðhúsa.

Sögu ágríp

Djúpidalur kemur fyrst fram í rituðum heimildum undir lok 14. aldar. Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá 1394, eru talin upp fimm bænhús í Miklabæjarprestakalli, eitt á Sólheimum, eitt á Miðsitju, eitt í Dal og tvö á Völlum.² Ekki er um að villast að átt er við Djúpadal enda kemur varla annar bær með Dals-nafni til greina í Miklabæjarprestakalli. Þessi máldagi hefur svo verið uppritaður og yfirfarinn árin 1405, 1461³ og 1622⁴, með svipuðu orðalagi og bæjarnafnið það sama. Það virðist því vera að bænhúsið hafi verið í Djúpadal a.m.k. fram til 1622. Í úttekt frá 1685 er talað um kirkju og hún sögð „með 2 stafgólfum, [...] óþiljuð hið neðra báðum megin undir syllu og bekkjalaus. Kórinn undir sama formi með einu stafgólfi litlu [...]. Húsið lítið og nokkuð til gengið, þó stæðilegt viðum.“⁵

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713, sem tekin var saman árið 1709 fyrir Skagafjörð, er sögð um hálfkirkju á jörðinni og „tíðir veittar þegar heimafolk er til sacramentis“⁶ Á hálfkirkjum, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var yfirleitt messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða. Bænhús voru hins vegar nær því að vera einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti alla jafna ekki grafa lík.

Í Sigurðarregisteri frá 1525 segir: „(Þ)etta jarda gödz atti holakirkia j sama tima. osland og sydre breckur ok alla oslandzhlid. kolbeinsdal. hialltadal. skagafiord fyrir austan hieradsvotn. allt þetta med jardareign jtolulaust fram ath diupadal“⁷ Af þessu virðist mega skilja að Djúpidalur hafi þá ekki verið komið undir stólinn. Tuttugu og fimm árum síðar eða

²*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. III 1269-1415.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1896. Bls. 519. Hér eftir DI [bindi], [blaðsíðutal].

³ DI V, bls. 324.

⁴ DI XII, bls. 37.

⁵ *Biskupasögur III.* Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1998. Bls. 9.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið ísl. fræðafél. 1930. Bls. 183. Hér eftir JÁM IX, [blaðsíðutal].

⁷ DI IX, bls. 301.

árið 1550 er jörðin Stóridalur hins vegar í skrá yfir eignir Dómkirkjunnar og eru jarðirnar Flugumýri og Grund fyrir ofan og neðan hana í upptalningunni sem tekur af allan vafa um að um aðra jörð geti verið að ræða. Í skýrslu Eggerts Hannessonar hirðstjóra og Ólafs biskups Hjaltasonar, frá 1552, eru taldar upp „jarðeignir þær, er Jón byskup Arason hafi fargað frá Hólastól, og hverjar jarðir hann hefi fengið stólnum í stað þeirra.“⁸. Þar er talin upp jörðin „Stori dalvr“ sem ein af þeim jörðum sem nú séu komnar undir Hólastól.⁹ Svo virðist sem Jón Arason hafi upphaflega keypt Djúpadal árið 1542, trúlega sem einkaeign.¹⁰ Hann á svo í nokkuð sérkennilegum jarðaskiptum árið 1545 þegar hann selur Sæmundi Símonarsyni jörðin með forkaupsrétti fyrir jörð í Fljótum. Því næst selur hann Sæmundi Sólheima í Sæmundarhlíð en Sæmundur honum þá Djúpadal aftur. En áður en Jón lést hefur hann verið búinn að láta jörðina undir stólinn „fyrir þær jarðir sem hann hefur í burt selt og lógast hafa á meðan hann hefur ríkt“¹¹

Jörðin er svo talin upp í reikningum Hólastóls í skýrslu Eggerts hirðstjóra og Ólafs biskups árið 1552 eins og áður segir en í samskonar upptalningu, sem byrjað var að taka saman 1550 og lokið við 1559, er Stóri Djúpidalur meðtalinn en skrifað hefur verið „burt“ með rithönd Guðbrands biskups á eftir nafni jarðarinnar.¹² Í reikningi frá árinu 1569, dánar ári Ólafs, eru hins vegar taldar upp jarðeignir Hólastóls og þá er Djúpidalur þeirra á meðal.¹³ Það lítur því út fyrir að Djúpidalur hafi áfram tilheyrt Hólastóli, a.m.k. fram til 1569, þrátt fyrir athugasemd Guðbrands. En árið 1613 skrifar Guðbrandur „síðan eftir herra Ólaf hefur kirkjan orðið að missa... [Djúpadal] í lagaríftingum“.¹⁴ Eftir þetta er jörðin í bændaeign og frá árinu 1734 í eigu og ábúð sömu ættar.

Ýmis sagnfræðilegur fróðleikur er til um jörðina og ábúendur hennar frá því á 18. öld. svo sem *Saga Mera-Eiríks* eftir Simon Dalaskáld og *Djúpdæla Saga* eftir Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum, en þar er að finna heilmiklar upplýsingar um byggingar og búshætti auk annars fróðleiks um jörðina og ábúendur hennar. Fyrir utan þessar tvær bækur eru til nokkrar styttri ritgerðir og fróðleiksmolar, meðal annars eftir Símon Eiríksson í Litladal, Símon Bjarnason „Dalaskáld“ og Bólu-Hjálmar¹⁵.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bærinn Djúpidalur stendur hátt suðaustan undir Glóðafeyki í minni samnefnds dals og er þaðan víðsýni mikið og fagurt yfir héraðið. / Vestasti hluti landsins eru áreyrar norðan Djúpadalsár, lítið grónar. Ofan þeirra var hallandi mýrlendi ríkjandi austur að hlíðum Glóðafeykis. Þetta land hefur verið framræst að mestu og ræktað að hluta. Úrskipt land Kringlumýrar er í norðari hluta þessa framræsta lands og austast á áreyrunum. Túnið í Djúpadal er syðst og vestast í landinu, austan áreyrana. Austan þessa lands tekur við vesturhlíð Glóðafeykis sem telst enda við Húsgil. Þar tekur við Miðfjall og

⁸ DI XII, bls. 459.

⁹ DI XII, bls. 461.

¹⁰ Sbr. *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, Akrahreppur. Ritsstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007. Bls. 202.

¹¹ DI XII, bls. 691.

¹² DI XI, bls. 688 og 878

¹³ DI XV, bls. 224 og 1570 DI XV, bls. 457. Aftur er óljóst hvort „j“ táknar heilan eða hálfan.

¹⁴ DI XII, bls. 691.

¹⁵ sjá t.d. Ritsafns Hjálmars Jónssonar frá Bólu III (Laust mál), bls. 54-61.

síðan Hrútafjall að Selgili. Við Selhrygg beygir fjallið til norðausturs og opnast þar mynni Heimdals milli Selhryggjar og Tungufjalls að norðan. Heimdalur beygir síðan til austurs og endar í dalhvilft þar sem eru Grænuvötn í 1000 metra hæð. Telst dalurinn vera um 11 km langur. Suðurhlíð Tungufjalls er land Djúpadals, um 13 km vegalengd inn að Ullarvatni. Samkvæmt fornum landamerkjaskjölum á Djúpidalur land með Djúpadalsá til jökuls og þaðan í Glöppugil í Horni. Jökul er ekki lengur að finna á fjöllum fram af Dalsdal en hann hefur áreiðanlega legið þar yfir á fyrri öldum, jafnvel á þröskuldinum upp af Ullarvatni. Mestur hluti lands Djúpadals er því fjallendi. Í hlíðum dalanna eru grasgeirar víða hátt upp á milli gilskorninga og lækjarfarvega og nokkurt vel gróið undirlendi í Tungufjallinu á Víðivöllum. Veðursæld er mikil í þessum dölum. Norðurhlíðar þeirra liggja vel við sól og gott skjól er fyrir norðanátt. Stærð landsins er 7.535 ha. [...]“¹⁶

Árið 1552 er Djúpidalur metin á 60 hdr.¹⁷ Árið 1569 er landskuld sögð 3 hdr. með tíundum og 7 kúgildi.¹⁸ Til útskýringar á þessum tölum þá eru kúgildin sem hér um ræðir ávísun á verðmæti sem fylgja eiga jörðinni (hús, húsbúnaður og/eða búpeningur). Eitt kúgildi er verðmæti einnar kýr á aldrinum 4-8 vetra sem borið hefur a.m.k. tvisvar. Þetta jafngildir 6 ám með lömbum. Landskuld er hins vegar í öðru kerfi og talin í hundruðum og álnum. Jafnan er notast við svokallað langt hundrað í jarðabókunum, þar sem 120 álnir eru í hverju hundraði.¹⁹ En álnir eru í raun lengdar eining (1 al = 114sm = 45“) og vísa til verðmætis einnar alinnar eða 114sm af heimasþunninni ull. Þessi tvö kerfi tengjast raunar þannig að eitt hundrað jafngildir einu kúgildi.

Landskuld getur gefið ákveðnar vísbendingar um matið á jörðinni sjálfri. Landskuld var yfirleitt tekin í hlutfallinu 20:1, þ.e. 5% af verðmæti jarðarinnar var greitt í leigu.²⁰ Þetta er þó ekki ófrávikjanleg regla svo taka verður þesskonar útreikningum með ákveðnum fyrirvara. Sé hins vegar miðað við þessa reglu ætti landskuld af 60 hdr. jörð að vera 3 hdr. þetta kemur heim og saman við jarðamatið sem gefið er upp árið 1552 og landskuldina sem gefin er upp 1569 og virðist þetta hafa haldist óbreytt allavega fram til ársins 1686.

Í jarðabók frá árinu 1686 eru kúgildi sögð 6 og landskuld 3 hdr. en jörðin metin á 60 hdr. Í afriti frá 1695 af þessari jarðabók hefur landskuldinni hins vegar verið breytt í 2 ½ úr 3 hdr., en kúgildafjöldi og jarðamatið er það sama.²¹

Samkvæmt jarðabókinni frá 1713 (sem unnin var árið 1709 fyrir Skagafjörð) er jarðamatið enn 60 hdr. landskuld þá komin niður 2 hdr. og kúgildin 5, en tveim árum áður eða árið 1707 er landskuld sögð hafa verið 2 ½ hdr.²² Þá kemur fram að fyrir 10 árum eða árið 1699 hafi kúgilda fjöldinn verið 6. Til að draga þetta saman þá hafa kúgildin frá a.m.k. 1686 til 1699 verið 6, en 5 frá 1700 til a.m.k. 1709. Landskuld hefur verið 3 hdr. a.m.k. frá 1686 til 1694, en 2 ½ hdr. frá 1695 til 1707. En frá 1708 a.m.k. til 1709 aðeins 2 hdr. Jarðamatið helst hins vegar óbreytt 60 hdr. Í þessari sömu jarðabók er áhöfn jarðarinnar sögð:

¹⁶ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*. bls. 201.

¹⁷ DI XII, bls. 461.

¹⁸ DI XV, bls. 224 og 1570 DI XV, bls. 457. Aftur er óljóst hvort „j“ tákna heilan eða hálfan.

¹⁹ 1 hdr. = 120 al. = 1 kúg. = 6 lambær = 6 vættir = 240 fiskar = 5 tunnur af kolum.

²⁰ Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund: C.W.K. Gleerup.

²¹ Björn Lárusson (1967), bls. 255.

²² „Landskuld ii c, fyrir 2 árum iij c, áður iii c. Betalast í flytjandi eyri og flytst af ábúanda til alþingis árlega. / Kúgildi v fyrir 10 árum vi. / Leigur í peningum uppá landsvísu, gjaldast ásamt landskuld. / Kvöð 0.“ JÁM IX, bls. 183.

5 kýr, 1 kvíga, 100 ær, 50 sauðir, 20 gemlingar og 11 hross. Þá segir um landgæði: „Torfrista og stúnga nægileg. Reiðingsrista bjargleg fyrir heimamenn. Grasatekja fyrir heimabú bjargleg. Engjar mjög af sér gengnar fyrir skriðum og úthaga fyrir þeim ekki óhætt. Ekki er kvikfje óhætt fyrir foröðum og hrapi úr klettum“.²³

Djúpidalur er með óbreitt jarðamat frá 1686 til 1709, 60 hdr, en á sama tíma fer landskuldin úr 3 hdr. niður í 2 hdr. sem er umtalsverð lækkun. Árið 1734 er jörðin seld fyrir 50 hdr. í lausafé²⁴, en ekki er að sjá að jarðmatinu hafi verið breytt fyrr en árið 1750, þegar Skúli Magnússon færir það niður í 30 hdr. með áreiðardómi.²⁵ Þá var metið að jörðin gæti borið í meðalári 4 kýr á töðu og 4 á útheysi, eða 6 kýr og 4 geldneyti, 120 ær, 60 geldinga, 100 lömb og 20 hross.²⁶ Þessi lækkun á jarðmatinu lítur út fyrir að hafa verið leiðrétting til samsvörunar við áður nefndar breytingar á landskuldinni.

Í jarðatali Johnsen frá 1847 er Djúpidalur sagður 30 hdr. að dýrleika, landskuld 1 hdr. og 60 al. en kúgildi 6.²⁷ Árið 1849 er túnið talið „hérumbil 18 dagsláttur, allt þýft, sumpart harðlent og illt til aðvinnslu, fóðrar að jafnaði 4 ½ kú. Engjar eru víðslægar, mestpart votlendur og sumpart grýttar, snögglendar og heyslæmar. Sumarhagi í betra lagi með selstöðu en örðugur og langur fjallgangur sumar og vetur. Landrými mikið og útbeit í besta lagi á vetrum, einkum fyrir sauði. Gjörir þar mikið til veðursæld á Dalsdal þó land það sé mjög af sér gengið af grjóthruni og skriðuföllum. Torfrista nýtileg. Þessu jörð álist að framfæra að meðaltali 4 kýr og hálf, 57 ær, 66 sauði og 27 lömb er samgildir 21 hundraði. Jörð þessi getur að vísu borið eins hundraðs virði meira en hér er tilgreint, en því er sleppt sökum þess að hún er í flestu falli örðug.“²⁸ Árið 1861 er jörðin metin á 29,9.²⁹

Árið 1918 er túnið sagt 574 arar, að meiri hluta þýft en í góðri rækt og gefur af sér 200 hesta. Engjar nærtækrar, samfelldar og greiðfærar, bæði þurrar og blautar og snögglendar. Gefa af sér 500 hesta. Engjavegur slæmur. Beitiland kjarngott og víðáttumikið, snjólétt og vorgott, góð hrossaganga á vetrum. Smalamennska erfið. Jörðin hefur upprekstur á sitt eigið land í Djúpadal en þess utan á Silfrastaðafrétt. Hús góð. Jörðin er í sjálfsábúð en landskuld metin á kr. 160 og fylgikúgildi 3. Landið er metið á kr. 7.200, hús á kr. 1.500, tíu ára umbætur á kr. 300. Samtals kr. 9.000.³⁰

Árið 1922 er jörðin metin á 10.100 kr.³¹ og árið 1931 á 8.500 kr.³² 1938 á 9.900 kr.³³ Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar frá árinu 1981 segir um landgæði Djúpadals: „Djúpidalur er [...] mikil fjallajörð, og er graslendi nokkuð mikið, sérstaklega neðan til á Dalnum og í

²³ JÁM IX, bls. 183.

²⁴ *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953*, 3. hefti. [Útgáfustað vantar]: Sögufélag Skagfirðinga, 1956.

²⁵ *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu*, 3. hefti.

²⁶ Dóm. Skag. 27. júní 1750; tilvísun tekin úr bókinni *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 204.

²⁷ *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrip úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen, 1847.

²⁸ Jarðabók 1849, tilvísun tekin úr bókinni *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 204.

²⁹ Jarðabók 1861, tilvísun tekin úr bókinni *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 204.

³⁰ Jarðalýsing 1918; tilvísun tekin úr bókinni *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 204.

³¹ *Fasteignabók – Löggilt af Stjórnarráði Íslands samkv. Lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922*. Reykjavík: Prentsmiðjan Acta. 1921. Bls. 124.

³² *Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. Lögum nr. 41. 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932*. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1932. Bls. 71.

³³ *Fasteignabók – Löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3. 6. jan. 1938*. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. 1942-1944. Bls. 34.

Glóðafeyki. Einnig er mikið graslendi um miðjan Dalinn, þar sem áður var sel, og í Tungufjalli, framan ármótanna. [...] Glögggt má sjá, að graslendi í Djúpadalslandi hefur víða spillt stórlega af skriðuföllum, enda fjöll þar víðast mjög brött, en Dalsáin hefur oft valdið spjöllum niðri á láglandinu, en hún verður mikil í leysingum.“³⁴

Í Þar af 20 ha. tún í Djúpadal og 4 í Kringlumýri. Um 16% af landinu telst vel gróið.“³⁵

Eignarhald

Eins og fram hefur komið er Djúpidalur eign biskupsstólsins á Hólum árið 1550. Svo virðist sem Jón biskup Arason hafi keypt Djúpadal persónulega árið 1542 en látið hana renna til biskupsstólsins í stað annarra jarða sem hann hafði selt undan stólnum. Árið 1569 er Djúpidalur enn á skrá yfir eignir Hólastóls, en árið 1613 kemur fram í skrifum Guðbrands biskups að jörðina hafi stóllinn misst í „lagariftingum“³⁶. Eftir það er jörðin í bændaeign og frá árinu 1734, í eigu og ábúð sömu ættar, að undanskildum árunum 1808-1811 og 1850-1854.³⁷

Bæjarnafnið

(Djúpidalur / Djúpidalur Ytri / Stóri Djúpidalur / Dalur.)

Í ráðsmannsreikningi Hólastaðar frá árinu 1388, „um vinnuhjúakaup á Hólum í Hjaltadal“³⁸ segir: „þorgær i dal, cc. firer aurgangh giarda xiiij alner“³⁹ Sennilega er hér átt við Djúpadal þótt erfitt sé að slá því föstu og gæti þetta því verið elsta heimildin um jörðina og bæjarnafnið. Að vísu telur Margeir Jónsson *Djúpadals* nafnið hafa myndast snemma, en ekki er ólíklegt að ábúendur í Djúpadal hafi verið kenndir við bæinn með þessum hætti þá eins og nú, sbr. Henni í Dal, Eiríkur í Dal o.s.frv. Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá 1394 og síðar, eru talin upp fimm bænhús í Miklabæjarprestakalli og þar af eitt í „dal“.⁴⁰ Hér er aftur aðeins talað um Dal, en ekki er um að villast að átt er við Djúpadal enda kemur varla annar bær með því nafni til greina í Miklabæjarprestakalli. Þessi máldagi hefur svo verið uppritaður og yfirfarinn nokkrum sinnum með svipuðu orðalagi og er bæjarnafnið það sama: talað um „dal“ 1405; „daal“ 1461⁴¹; og „Dal“ 1622 (1404)⁴². Í Sigurðarregisteri frá 1525 er bæjarnafnið ritað „diupadal“⁴³ (í þolfalli) og eins árið 1569 í reikningi Hólastóls.⁴⁴ Í jarðabókinni frá 1713 er sagt „Diupárdalur, almennilega kallað Diupedalur“⁴⁵, þ.e. rétt nafn er Djúpárdalur en almennt sagt Djúpidalur.

³⁴ Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

³⁵ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*. bls. 201.

³⁶ Bréfabók Guðbrands biskups, bls. 266; tilvísun tekin úr bókinni *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 202.

³⁷ *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu*, 3. hefti.

³⁸ DI III, bls. 413.

³⁹ DI III, bls. 418.

⁴⁰ DI III, bls. 565.

⁴¹ DI V, bls. 324.

⁴² DI XII, bls. 37.

⁴³ DI IX, bls. 301.

⁴⁴ DI XV, bls. 224 og 1570 DI XV, bls. 457. Aftur er óljóst hvort „j“ táknar heilan eða hálfan.

⁴⁵ JÁM IX, bls. 183.

Um bæjarnafnið segir Margeir Jónsson í *Torskilin bæjanöfn í Skagafjarðarsýslu*: „Djúpidalur í Blönduhlíð hefir án efa heitið Djúpárdalur til forna. „Þórir dúfunef nam land á milli Glóðafeykisár og Djúpár,“ segir í Landnámu (Landnáma, bls. 143). Dalurinn hefir svo verið kendur við ána og kallaður Djúpárdalur. Af dalnum hefir bærinn dregið nafn. En snemma hefir Djúpadalsnafnið myndast; þannig t.d. í Sigurðarregistri 1525 (dipl. Ísl. IX.b., bls. 301). Á hinn bóginn ritar Á.M. Djúpárdal í Jarðabók sinni, auðvitað samkvæmt uppruna (sbr. Safn t.s. Ísl., bls. 521 í IV.b.), en bætir þó við: „alment Djúpi-.“ Áin er nú kölluð Djúpadalsá eða „Dalsá“ og forna nafnið Djúpá er flestum gleymt. Nafnið hefir átt vel við, því að farvegurinn er víða djúpur milli kletta. Mjer þykir líklegt að bæjarnafnið hafi breyzt, þegar hætt var að kalla ána Djúpá, en Dalsá varð algengt, en forliðurinn djúp- hefir geymst í bæjarheitinu og r auðvitað fjallið niður í framburði og orðið Djúpadalur, enda er það framborið af mörgum þannig enn í dag. Af þessu myndaðist svo nefnif. Djúpidalur (sbr. Ný jarðabók, bls. 104, og Johnsens Jarðatal, bls. 266), því að mönnum þótti það skiljanlegt, þegar dalurinn einmitt er djúpur. Upprunalega nafnið er því Djúpárdalur og öðruvísi ekki rjett ritað.“⁴⁶

Hjáleigur og tengdar jarðir

Engar hjáleigur eru frá Djúpadal en nokkrir staðir koma þó við sögu sem vert er að nefna í þessu tilliti og höfð var búseta á um lengri eða skemmri tíma, eða grunur er um slíkt.

Torfmýri

Torfmýri komst í eigu Djúpadals manna árið 1897 en tilheyrði fyrir þann tíma Flugumýri og var hjáleiga þaðan ásamt fleiri býlum. Torfmýri var með skýr landamerki, með eigin tún, engjar og hagagöngu. (sjá nánar sögukafla Torfmýrar aftar í skýrslunni)

Bakkakot

Hugsanlega forn hjáleiga frá Djúpadal, eða bústaður í líkingu við Tilveru. Ekki er vitað hvort tún hafa þá verið aðskilin, en engar heimildir eru fyrir túngörðum á þessum slóðum, engjar og hagaganga hafa að líkindum verið sameiginleg Djúpadal.

Grænatóft

Tóftahóll í túni suðvestur af Skriðu. Ekkert er vitað hvað þarna hefur verið en ekki er hægt að útiloka bústað af einhverju tagi. Þetta er þó afar óljóst.

Tilvera/Stekkur

Engar heimildir eru um eiginlegt býli á Stekknunum, en seint á 3. tug tuttugustu aldar bjó þar fólk við lítinn kost. Líklega hafa ábúendur haft not af túninu umhverfis Stekkinn en að öðru leyti hafa þau verið upp á ábúendur Djúpadals komin með engjar og hagagöngu. (sjá nánar um Tilveru hér síðar í skýrslunni).

⁴⁶ Margeir Jónsson. „Torskilin Bæjanöfn í Skagafjarðarsýslu.“ Í *Bæjanöfn á Norðurlandi: rannsókn og leiðréttingar*. Akureyri: [s.n.], 1921.

Fornbýli við Kvíhól

Við gerð þessarar skýrslu fundust leifar túngarðs og áður óþekkra tófta á Selgrundum framan við Selið á Djúpadal, gegnt Tungufjalli. Engar sagnir eru um fornbýli á þessum stað en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá því um 1700 segir: „Girðingar eru hjer í selhögum, sem menn vita ekkert til að nokkur tíma hafi bygt verið.“ Þeir sem til hafa þekkt hafa hingað til haldið að hér eigi Árni og Páll við garðinn umhverfis Selið sjálft. En þar var garður fyrir tíð bæði Jóns og Skarphéðins, en ekki er víst að hann hafi verið svo gamall. Jón gildaði þann garð upp um 1930 þegar hann hafði þar beitarhús og heyjaði þá innan hans. Þessi garður stendur vel á köflum enn í dag.

Almennt er álitid að túngarðar hafi ekki verið hlaðnir umhverfi annað en býli, fyrst og fremst vegna þess hve mikil fyrirhöfn það er og tímafrekt. Fornleifarannsóknir virðist hingað til hafa stutt þessa ályktun: þar sem eru fornir túngarðar eru yfirgnæfandi líkur á heilsárs búsetu. Hlaðnir túngarðar úr torfi og/eða grjóti eldri en frá 20. öld eru því jafnan settir í samhengi við heilsársbúsetu á Íslandi. Það þekkist þó t.a.m. frá Noregi að girt væri umhverfis sel.

Þegar farið á vettvang fyrstu vikuna í ágúst 2007 komu í ljós garðlög umhverfis Kvíhól sem er framan við Selið, þegar nánar var aðgáð komu þar einnig í ljós tóftir bæði innan garðs og utan. Þarna tel ég vera fundnar girðingarnar sem Árni og Páll minnst á og jafnframt tel ég líklegt að um fornbýli sé að ræða. Enda undarlegt ef ekki hefur verið búið þarna allt árið um kring á einhverjum tíma, sér í lagi þegar byggð var fram eftir öllum dölum í Skagafirði og víða mjög afskekkt. Þarna er töluvert undirlendi og góður hagi og aðeins um tveggja tíma gangur niður að Héraðsvötnum í miðju héraði. Hvort garðlögin umhverfis Selið eru vísun í býli er hins vegar óljóst þar sem garðlög þar gætu verið mun yngri, en erfitt er að átta sig á því vegna viðgerðanna frá því um 1930.

Önnur ferð var farin á staðinn 19. ágúst og hreinsaði ég þá rofabarð upp við eina tóftina, innan nýfundna garðsins umhverfis Kvíhól. Gata liggur í gegnum túngarðinn og meðfram einni tóftinni. Þar sem gatan fer í gegnum túngarðinn er hann svo óljós að ekki er hægt að hreinsa þar snið nema ráðast meiriháttar mokstur, það var því ekki reynt, hins vegar liggur gatan eins og áður sagði utan í einni tóftinni, langri tóft sunnan við Kvíhól. Þar hreinsaði ég rofið við götuna og kom þá í ljós rótað torf. Hugsanlega er þetta hrun úr veggjum tóftarinnar. Í torfinu voru flekkir af ljósri gjósku, að öllum líkindum úr Heklugosinu 1104⁴⁷ og tveir stærri flekkir af dökkri gjósku, líklega 1300⁴⁸. Ásamt gjóskunni voru þarna litlir kolaflekkir um 2-3mm í þvermál og yfir öllu saman óhreyfð svört gjóska um 3-4mm þykk rétt undir grasrót, að líklega úr Heklugosinu 1766. Þá voru 15sm af fokjarðvegi niður á torfrótið þar sem minnst var. Af þessu má ráða að torfið hafi að líkindum verið tekið eftir 1300 en látið óhreyft frá því töluvert fyrir 1766. Þó er erfitt að ráða í hve langur tími hefur liðið frá því að torfinu var rótað þar til að gjóskan féll 1766, 15sm jarðvegsþykkun bendir til að töluverður tími hafi liðið en rétt er að hafa í huga að jarðvegsþykkun getur verið mjög mismikil eftir

⁴⁷ Annað mjög svipað gjóskulag er svokallað g-lag sem féll um 150 e.Kr. (eða um 1800 BP) það er þó fremur ólíklegt að það kæmi upp í torfi nema jarðvegsþykkun hafi verið afar lítil þar sem torfið var tekið.


⁴⁸ Önnur gjóskulög sem til greina koma er svört gjóska úr Dyngjuhálsi/Veiðivötnum og/eða Kverkfjöllum/Grímsvötnum sem féll einhvern tíma milli 900-1000, einnig kallað 1000 lagið. Þá koma fjögur lög úr hinni svokölluðu Landnámssyrpu einnig til greina, hið svonefnda Landnámslag, grágrænt að lit og féll um eða eftir 900 frá Dyngjuhálsi/Veiðivötnum. Og þrjú önnur lög sem koma í röð með stuttu millibili á eftir Landnámslaginu, svart úr Kötlu, svart úr Kverkfjöllum/Grímsvötnum og annað svart úr Kötlu. Þessi gjóskulög eru þó öll minni að umfangi en 1300 lagið á þessu svæði og sjaldgæft að sjá þau í flyksum að þessari stær, þ.e. 2-3sm að þvermáli, sem er hins vegar ekki óalgengt með 1300 lagið úr Heklu.

aðstæðum og staðsetningu.

Umrædd tóft virðist því hafa verið í notkun einhvern tíma á 14.-15. öld. Litlar heimildir eru til um Djúpadal á þessum tíma, upplýsingar um jarðamat og landskuld eru ekki til fyrr en frá 1552. En þó er til skiptabréf frá árinu 1445, þar sem Steindór Jónsson ánafnar konu sinni Ingunni Ólafsdóttur jörðina með öllum gögnum og gæðum. Þar er gert grein fyrir landamerkjum jarðarinnar og augljóst af því að ekki hefur í þann tíma verið sjálfstætt býli við Kvíhól með eigin landamerki. Það útilokar að vísu ekki að þar hafi verið einhvers konar kot, en það verður að teljast ólíklegt að ekki hafi verið minnst á það í skiptabréfinu ef um slíkt væri að ræða. Umrædd tóft hlýtur því annað hvort að tilheyra einhverju öðru en býli, eða vera eldra en 1445. Hins vegar virðast garðlögin mun eldri og aðrar tóftir á svæðinu ýmist frá svipuðum tíma eða eldri, utan við tóftirnar á sjálfum Kvíhól, sem virðast umtalsvert yngri.

Fornleifaskrá

Minjar í túni



Loftmynd 1, Túnakort frá 1919 lagt yfir loftmynd af heimatúni Djúpadals. Minjarnar eru númeraðar með raðnúmeri þeirra í skýrslunni (þ.e. öftustu tölunni í númerinu). Merkingarnar á túnakortinu passa vel við minjarnar sem enn eru sýnilegar, en á túnakortinu eru einnig sýnd fjögur útihús, auk matjurtagarðs, sem nú eru horfin. Merkingarnar koma vel heim og saman við aðrar heimildir um staðsetningu tveggja þeirra, hinar tvær eru hins vegar óljósar. Það eru stjörnurnar tvær við túnjaðarinn norðaustur af bænum. Þarna gæti verið um að ræða hesthús (146275 – 234 - 49), sem að vísu var samkvæmt heimildamanni mitt á milli punktanna, og hins vegar hús sem kallað var Jónshús (146275 – 234 - 11) og sagt í túni ofan við bæinn, annað sem til greina kemur er Gilsakofi (146275 – 234 - 49) sem er sagður hafa verið upp við túngarðinn ofan Nýhúsa.

Djúpidalur 146275 – 234 - 1

Hlutverk: Bær

Tegund: Torfbær

Staðsetning: A 486922 N 562069

Ástand: Í notkun

Hættumat: Lítil hættu. Það sem eftir er bæjarins er uppistandandi og ætti ekki að verða fyrir raski af vangá. Húsið er hins vegar orðið gamalt og þarfnast viðhalds. Búast má við minjum undir yfirborði allt í kringum núverandi íbúðarhús.

Staðhættir:

Austasti hluti núverandi íbúðarhúss frá 1942.

Lýsing:

Hluti gamla torfbæjarins er enn uppistandandi, sambyggður núverandi íbúðarhúsi að austan og innangengt á milli. Þar er nú geymsla. Eftir stendur eldhús með lofti (suð-vestast) næst íbúðarhúsinu og svokallað Suðurhús, þ.e. suðurendi baðstofunnar austast.

Aðrar upplýsingar:

Núverandi íbúðarhús (106,6 m²) var byggt við gamla torfbæinn árið 1942. Austasti hluti

gamla bæjarins stendur enn. Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „[...] milli fjóssins og mýrarinnar utan við það [...] var] geysimikið þýfi, sem kallað var Leyningur [...] Þetta hefur nú verið sléttað, og var þá sópað þangað Öskuhólunum, þrem gömlum öskuhaugum, sem voru utan við Leyning, og einnig tekið ofan af Kerlingarhólnum fyrrnefnda.“ (bls. 7) Þetta vekur upp spurningar um hvar líklegt sé að bærinn hafi staðið þegar þessir öskuhólar hafa verið að myndast. Hugsanlega er eldra bæjarstaðis að leita nær því þar sem gamla fjósið stóð, ofan (austan við) núverandi fjós og nokkru norðar. Örnefnið „Bæjarhóll“, þar sem heimagrafreiturinn stendur, kemur einnig til greina þótt ýmislegt mæli einnig gegn þeim stað. (Sjá nánar Djúpidalur 146275 – 234 - 3). Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* lýsir Hannes Magnússon (1899-1972) frá Torfmýri gamla bænum í Djúpadal: „Fram á síðustu ár hefur staðið gamall og stór bær í Djúpadal. Hann er nú að mestu rifinn. En þannig var þar húsum háttáð, að fremst voru þrjár burstir. Í miðju stórar bæjardyr með lofti, norður af bæjardyrum stofa með lofti, en suður af þeim skáli, sem notaður var til geymslu. Inn úr bæjardyrum lágu bein göng. Nokkru innan við fremstu skellihurð var til vinstri stórt hlóðaeldhús, en nokkru innar til hægri svonefnt maskínuhús eða „kokkhús“, eins og það var stundum kallað. Þar var eldavélin. Inn af þessu húsi var allstórt búr, og þar inn af innra búr, þar var geymt slátur og skyr. [...] Næst var komið inn í baðstofuna, beint inn úr göngunum. Stærst var miðbaðstofan, þiljuð í hólf og gólf, þar svaf vinnufólk og húsfólk. Suður af henni var svo suðurhúsið, þar bjó Valdimar bóndi meðan hann lifði og Stefán elzti sonur Eiríks, en norður af miðbaðstofunni var svo norðurhúsið. Það var hjónahús og þar voru einnig börn þeirra hjóna. Loft var í baðstofunni, en ekki var það notað til neins. [...] Á hlaðinu norðan við bæinn stóð svo skemma, og enn utar var smiðja.“ (bls. 51-52)

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 2

Hlutverk: Bænhús/Kirkja

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Minjar um kirkju eða bænhús sjást nú engar, en heimildarmenn [Jón og Skarphéðinn Eiríkssynir og Sigurður Hansen] töldu, að hún muni hafa staðið nálægt því sem nú stendur fjósið, en þar hafa komið upp mannabein. (Áður en fjósið var byggt, stóð þar smiðja). Engin örnefni tengjast heldur guðshúsi þessu.“ (bls. 8).

Lýsing:

Engin merki þessara minja fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í máldaga frá 1394 er greint frá bænhúsi á jörðinni og kemur það fyrir í máldögum fram til 1622. (DI III, bls. 565. DI V, bls. 324. DI XII, bls. 35-37, sjá einnig sögukafla hér að framan) Í jarðabókinni frá 1713 er hins vegar sögð hálfkirkja í Djúpadal. (JÁM IX, bls. 183) Í Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu segir: „Mun kirkja eða bænhús hafa verið þar frá fornu fari, eða síðan í kaþólskum sið. Líklegt er, að hálfkirkja þessi hafi lagzt niður snemma á 18. öld. Nú er heimagrafreitur í Djúpadal.“ Meint mannabein sem Páll getur um og upp kom nálægt fjósinu er enn til í Djúpadal og var skoðað af Guðnýju Zoëga mannabeinafræðingi sumarið 2006. Guðný taldi ekki um mannabein að ræða. Það er því óvíst úr hvaða skepnu það kann að vera. Þá má geta þess að hleðslur hafa komið upp á hlaðinu milli fjóssins og núverandi

Íbúðarhúss, hugsanlega leifar þessarar byggingar (sjá einnig 146275 – 234 – 14 og 146275 – 234 – 7).

Heimildaskrá:

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. IV 1265-1449. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möllers. 1897.

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953, 3. hefti. [Útgáfustað vantar]: Sögufélag Skagfirðinga, 1956.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.



Mynd 1, horft í suðvestur yfir heimagrafreitinn á „Bæjarhólnum“ sunnan við íbúðarhúsið í Djúpadal. Ljósm. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 3

Sérheiti: Bæjarhóllinn

Hlutverk: Bæjarhóll/Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 486892 N 562024

Hættumat: Lítil hættu. Engar sýnilegar minjar eru á hólnum en vert er að fara að öllu með gát ef grafið verður í grafreitinn eða farið í annað jarðrask á þessu svæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Hóllinn beint fram af bænum nefnist Varpinn [réttara er Rústir eða Rústahóll, „Varpa“-nafnið nær yfir allt hlaðið framan við bæinn, sbr. hlaðvarpi], en sunnan hans er Bæjarhóllinn, sem heimagrafreiturinn stendur nú á“. (bls. 8).

Lýsing:

Svonefndur „Bæjarhóll“ er í röð hóla vestan og sunnan við íbúðarhúsið í Djúpadal. Nyrsti hóllinn er kallaður Rústir eða Rústahóll beint framan við íbúðarhúsið, þá kemur nefndur Bæjarhóll og annar smærri hóll sunnan hans. Milli Rústahólsins og Bæjarhólsins var áður smá upphækkun eða hóll sem sléttað var úr. Bæjarhóllinn svonefndi er á að giska 20m í þvermál hér um bil hringlaga, um 1,5m hár til austurs en miklu hærri til vesturs niður undan brekkunni sem þessir hólar mynda í sameiningu. Grafreiturn sem nær yfir stærsta hluta hólsins er um 35m suðvestur frá núverandi íbúðarhúsi (byggt 1942), hann liggur nálega austur vestur og er um 12x8,5m, með hlið til vesturs. Engin merki um byggingar eða hleðslur sjást á yfirborði hólsins.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt heimildamanni Sigurði Hansen (f. 1939) hafa engar hleðslur fundist á hólnum að honum vitandi sem bent gætu til að þar hafi staðið bær. Fjórum sinnum hefur verið grafið í reitnum, fyrst árið 1948, þegar Eiríkur Jónsson afi Sigurðar var grafinn. Þá var komið niður á stóran stein, sem síðar var fleygaður í margar allstórar hellur sem notaðar voru sem farg á Samstæðuhúsunum. Síðan hafa verið teknar þrjár grafir til viðbótar og engar hleðslur komið í ljós samkvæmt Sigurði, hann tók sjálfur tvær þeirra með gröfu, grafir Stefáns og Jóns Eiríkssona, og var viðstaddur þegar gröf Skarphéðins bróður þeirra var tekin. Sigurður telur því ólíklegt að bærinn hafi staðið á hólnum þrátt fyrir nafnið, í það minnsta ekki efst á honum þar sem grafreiturn er. Ekki eru heimildir um eldri grafreit í Djúpadal, en í máldaga frá 1394 er greint frá bænhúsi á jörðinni og kemur það fyrir í máldögum fram til 1622. (DI III, bls. 565. DI V, bls. 324. DI XII, bls. 35-37) Í jarðabókinni frá 1713 er hins vegar sögð hálfkirkja í Djúpadal. (JÁM IX, bls. 183) Það er því ekki útilokað að eldri kirkjugarður hafi verið á staðnum. Skammt sunnan við Bæjarhóllinn á öðrum lægri hól er svolítill lægð líkt og eftir tóft sem rutt hefur verið út (A 486894 N 561996), Sigurður Hansen man ekki eftir neinum tóftum þarna né hefur hann heyrt um það og telur að lægðin sé til komin vegna sléttunarframkvæmda.

Heimildaskrá:

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt Fornbréfasafn. IV 1265-1449. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möllers. 1897.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 4

Sérheiti: Rústir/Rústahóll

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Hóll

Staðsetning: A 486894 N 562065

Hættumat: Lítil hættu. Engar minjar eru í hættu nema hreyft sé við jarðvegi á staðnum.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Flötin beint framan við bæinn heitir Rústir.“ (bls. 5).

Lýsing:

Búið er að slétta hólinn ofanverðan og er hann algróinn. Smá lægð er í hann á einum stað þar sem grafið var fyrir súrheysgryfju á 20. öld.

Aðrar upplýsingar:

Suðurhluta Rústanna var samkvæmt Sigurði Hansen opinn öskuhól fram undir 1960, en kynt var með kolum í Djúpadal og var öskunni alltaf hent fram af hólnum.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 5

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðsetning: A 486920 N 562061

Hættumat: Lítill hættu. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Samkvæmt Sigurði Hansen var brunnur sunnan við eldhúsgluggan á gamla bænum (þ.e. „maskínu- eða kokkhús“ eins og Hannes Magnússon kallar það í lýsingu sinni, sjá 146275 – 234 - 1).

Lýsing:

Ekkert sér eftir af brunnum, en þarna er nú garður.

Heimildaskrá:

Heimildamaður Sigurður Hansen



Mynd 2, horft af „Bæjarhólnum“ norður yfir Rústirnar, einn af öskuhaugunum frá bænum, fremst á honum er símastaur. Á milli hólanna var áður annar lágur hól og á honum tóftir, sem nú hefur hvoru tveggja verið ýtt út. Á túnakorti frá 1919 er sýndur matjurtagarður u.þ.b. þar sem dráttarvélin stendur og eitthvað fram á Rústahólinn.

Djúpidalur 146275 – 234 - 6**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfið**Staðsetning:** A 486896 N 562051**Hættumat:** Lítill hættu. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Hóllinn beint fram af bænum nefnist Varpinn [réttara er Rústir eða Rústahóll, „Varpa“-nafnið nær yfir allt hlaðið framan við bæinn, sbr. hlaðvarpi], en sunnan hans er Bæjarhóllinn, sem heimagrafreiturrinn stendur nú á“. (bls. 8). Milli Rústanna og Bæjarhólsins er nú slétt aflíðandi brekka, þar var áður lágur hóll og á honum tóftarbrot samkvæmt Sigurði Hansen.

Lýsing:

Þarna er nú búið að slétta úr hólnum og engar minjar sýnilegar á yfirborði.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 7**Hlutverk:** Smiðja**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfin**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Minjar um kirkju eða bænhús sjást nú engar, en heimildarmenn [Jón og Skarphéðinn Eiríkssynir og Sigurður Hansen] töldu, að hún muni hafa staðið nálægt því sem nú stendur fjósið [...]. (Áður en fjósið var byggt, stóð þar smiðja).“ (bls. 8). Hér er átt við nýja fjósið (kálfahús byggt 1956, 71,1m², samkv. www.fmr.is)

Lýsing:

Engin merki þessarar byggingar sáust á vettvangi, enda annaðhvort undir fjósinu/hesthúsinu eða hlaðinu sem hefur verið sléttað.

Aðrar upplýsingar:

Hvort smiðjan og bænhúsið er eitt og sama húsið sem fengið hefur nýtt hlutverk er óvíst, en smiðjan var uppistandandi fram yfir 1950, samkvæmt Sigurði Hansen. Í bók sinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon (1899-1972) frá Torfmýri: „Á hlaðinu norðan við bæinn stóð svo skemma, og enn utar var smiðja.“ (bls. 51-52) Á túnakorti frá 1919 er sýnd smiðja þar sem nú er mjólkurhúsið eða þar um bil, óvíst er hve nákvæmt kortið er og því ekki hægt að útiloka að hleðslur sem komu upp um 5m suðvestan við mjólkurhúsið séu leifar umræddrar byggingar. (Sjá einnig 146275 – 234 – 2 og 146275 – 234 – 14).

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vefur Fasteignamats Ríkisins www.fmr.is, skoðað 3. September 2007.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 8

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir:

Í bók sinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon (1899-1972) frá Torfmýri: „Á hlaðinu norðan við bæinn stóð [...] skemma, og enn utar var smiðja.“ (bls. 51-52) Á túnakorti frá 1919 er sýnd skemma u.þ.b. mitt á milli mjólkurhússins og þess sem eftir er gamla bæjarins, það verður þó að hafa ákveðinn fyrirvara á nákvæmni þess.

Lýsing:

Engin merki þessarar byggingar sáust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Þarna hefur verið grafið fyrir lögnum en engar hleðslur komið í ljós samkvæmt Eiríki Skarphéðinssyni. Hins vegar komu hleðslur í ljós þegar grafið var fyrir staurum fyrir réttina sem nú stendur sunnan við fjósið. Hugsanlega hefur þar verið komið niður á leifar annarrar hvorrar þessara bygginga, smiðjunnar eða skemmunar (sjá einnig 146275 – 234 – 2 og 14).

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildamaður Eiríkur Skarphéðinsson

Djúpidalur 146275 – 234 - 9

Sérheiti: Skemma Maura-Jóns

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðsetning: A 486894 N 562065

Hættumat: Lítill hættu. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Flötin beint framan við bæinn heitir Rústir. Þar stóð skemma Maura-Jóns [...]“ (bls. 5).

Lýsing:

Ekkert sér eftir af þessum minjum á yfirborðinu.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur: „[Maura-Jón] dvaldi á efri árum í Djúpadal hjá dóttur sinni, Hólfríði, og manni hennar, Eiríki hreppstjóra, langömmu og langafa Djúpadalsbræðra [Jóni, Skarphéðni og Eiríki Eiríkssonum]. Skemman brann á fyrri hluta 19. aldar, og var talið, að stolið hefði verið úr henni og kveikt í til að eyða verksummerkjum.“ (bls. 5). Í Djúpdæla Sögu Stefáns Jónssonar á Höskuldsstöðum kemur fram að vorið 1828, þegar þau Eiríkur í Djúpadal og Hólfríður dóttir Jóns Einarssonar í Flatatungu giftust, að Jón hafi brugðið búi og flutt ásamt konu sinni að Djúpadal til dóttur sinnar „[...] Jón Einarsson átti peninga allmikla, sem fyrr getur; lánaði hann þá enn, eftir að hann kom að Djúpadal og hafði skemmu sér fyrir sitt dót.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 160)

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 10**Hlutverk:** Fjós**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 486914 N 562122**Ástand:** Horfið**Hættumat:** Lítill hættu. Ekkert sér eftir af þessari byggingu en þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.**Staðhættir:**

Samkvæmt heimildamönnum Sigurði Hansen og Eiríki Skarphéðinssyni var gamla fjósið norðaustan við núverandi fjós/hesthús.

Lýsing:

Ekkert sér nú eftir af fjósinu.

Aðrar upplýsingar:

Fjósinu var ýtt út fyrir um áratug eða meira, en stór steinhella sem var í fjósinu var tekin og flutt og er nú í garðinum sunnan við íbúðarhúsið. Sagt er að Jón Eiríksson í Djúpadal, síðar prestur, hafi flutt helluna framan úr Miðfjalli þegar verið var að endurbyggja fjósið. Hellunni var komið fyrir í austurvegg fjóssins og náði yfir ein og hálfu jötu. Hellan er á annan metra að lengd en fremur þunn.

Heimildaskrá:

Heimildamenn Sigurður Hansen og Eiríkur Skarphéðinsson

Djúpidalur 146275 – 234 - 11**Sérheiti:** Jónshús**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfið**Staðhættir:**

Staðhættir eru fremur óljósir en Jónshús er sagt hafa staðið á túninu ofan við gamla bæinn í Djúpadal.

Lýsing:

Þarna er í dag sléttað tún.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Jón sonur Bjarna í Djúpadal var heima með föður sínum [...] Kona hans hét Helga Halldórsdóttir. Eigi áttu þau börn. Við Jón er kennt Jónshús fyrir ofan Djúpadalsbæ, þar á túninu.“ Á túnakorti frá 1919 eru sýnd þrjú peningshús ofan við bæinn í Djúpadal og gæti Jónshús verið eitt þeirra.

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Djúpidalur 146275 – 234 - 12**Sérheiti:** Rústir/Rústahóll**Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 486894 N 562065

Ástand: Horfinn

Hættumat: Lítill hætta. Engar sýnilegar minjar eru á þessu svæði en mögulega leynast einhvernar hleðslur undir sverði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Flötin beint framan við bæinn heitir Rústir.“ (bls. 5).

Lýsing:

Engar leifar þessa matjurtagarðs eru sýnilegar á staðnum. En um 20m beint framundan bænum, sunnan við miðjan hól er hringlaga lægð (A 486884 N 562064), um 4m í þvermál og 20sm djúp í miðju. Þetta eru leifar af súrheysgryfju (frá 20. öld), annars er svæðið laust við sýnileg mannaverk fram að brekkubrún.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt túnakorti Guðmundar Sveinssonar er matjurtagarður á flötinni framan við bæinn í Djúpadal árið 1919, 751 flatarstíkur að stærð. (Miðað við hvernig teikningin passar á loftmynd eru þetta tæpir 183m²). Óvíst er til hvers örnefnið Rústir vísar, hugsanlega þó til leifa af skemmu Maura-Jóns, en hún stóð á Rústum segir í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur. Þar segir: „Flötin beint framan við bæinn heitir Rústir. Þar stóð skemma Maura-Jóns. [...] Niður af Rústum er Rústabrekka og sunnan við hana Bæjarhóllinn, sem heimagrafreiturinn stendur nú á, en á milli hans og Rústanna er kallaður Varpinn.“ (bls. 5).

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Djúpidalur 146275 – 234 - 117

Hlutverk: Hestasteinn

Tegund: Steinn

Ástand: Gott

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Flötin beint framan við bæinn heitir Rústir.“ Gamli hestasteinninn stendur í dag norðanvert á Rústum.

Lýsing:

Steinninn er lauslega áætlað um 40-50cm á kannt. Gat er í gegnum hann á einum stað, þar sem hægt er að draga taum í gegn.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar er samantekin frásögn um steininn úr Djúpdæla sögu, þar segir: „Það mun hafa verið haustið 1842 að þeir komu ríðandi heim að Djúpadal Pétur Pálmason, síðar bóndi í Valadal, þá hálfþrítugur, og Einar Andrésen, síðar kenndur við Bólu. Eiríkur hreppstjóri stóð í hlaði og piltar hans. Þeir tóku á steininum og veltu fram af brekkunni á móti þeim Pétri. Mælti þá Einar: „Þér mun ætlað að koma aftur upp á hlaðið steininum.“ Pétur kvaðst ekki geta verið að taka af sér vettlingana, fór af baki, tók steininn upp á bringu, bar hann upp á hlaðið og lét þar á reiðingsbunka (sumir segja við bæjardyr). Eiríkur bauð Pétur velkominn og mælti: „Mikið tröllumenni ertu.“ Gengu þeir síðan í bæinn og þágu veitingar. En er þeir komu út var búið að færa steininn upp á skemmuvegg er stóð þar frammi á hlaðinu og tók meðalmanni í bringu. Pétur spurði hver hefði gert en enginn vildi við það kannast. Þá var Hólmfríður kona Eiríks grunuð um það en hún bar það ekki af sér. Þá mælti Pétur. „Þú ert hraust kona Hólmfríður, en þetta var hættulegt fyrir þig.“ Þá var hún ólétt af Símoni syni

sínum er fæddur var 21. apríl 1843. (Djúpdæla saga, bls. 203-204)“ (*Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 202)

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Djúpidalur 146275 – 234 - 13

Sérheiti: Öskuhólar

Hlutverk: Öskuhólar

Tegund: Heimild

Ástand: Horfnir

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „[...] milli fjóssins og mýrarinnar utan við það [... var] geysimikið þýfi, sem kallað var Leyningur [...] Þetta hefur nú verið sléttað, og var þá sópað þangað Öskuhólunum, þrem gömlum öskuhaugum, sem voru utan við Leyning, og einnig tekið ofan af Kerlingarhólnum fyrrnefnda.“ (bls. 7-8).

Lýsing:

Engin merki þessara minja fundust á vettvangi.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983

Djúpidalur 146275 – 234 - 14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 486906 N 562089

Ástand: Undir yfirborði

Hættumat: Lítill hættu. Þarna eru minjar í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Við miðjan suðurvegg hestaréttar sunnan við fjósið í Djúpadal.

Lýsing:

Enging merki um hleðslur eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Þegar grafið var fyrir staurum fyrir réttina sem nú stendur sunnan við fjósið í Djúpadal kom Eiríkur Skarphéðinsson niður á hleðslur í einni holunni. Engra grjóthleðslna hefur hins vegar orðið vart þegar grafið hefur verið á svipuðum slóðum þarna í hlaðinu og ekki þegar grafið var milli íbúðarhússins og mjólkurhússins. Hugsanlega eru þetta leifar annað hvort smiðju eða skemmu sem stóðu norðan við bæinn og sýndar eru á túnakorti frá 1919, smiðjan fjær en skemman nær. (Sjá 146275 – 234 – 7 og 8) Grunur leikur á að smiðjan hafi upphaflega þjónað hlutverki bænhus, en engar öruggar heimildir eru þó fyrir því (sjá 146275 – 234 – 2).

Heimildaskrá:

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildamenn Sigurður Hansen og Eiríkur Skarphéðinsson

Djúpidalur 146275 – 234 - 15**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Ástand:** Undir yfirborði**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir:**

Beint vestur af mjólkurhúsinu í Djúpadal, norðan við afleggjarann þar sem hann kemur upp á hlaðið í Djúpadal.

Lýsing:

Enging merki um hleðslur eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen komu hleðslur upp á þessum slóðum þegar grafið var fyrir frárennsli úr mjólkurhúsinu.

Heimildaskrá:

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 16**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Ástand:** Undir yfirborði**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir:**

Norðan við Rústirnar/Rústahólinn, en sunnan við heimreiðina.

Lýsing:

Enging merki um hleðslur eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen komu upp hleðslur þarna þegar grafið var fyrir klóaki.

Heimildaskrá:

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 17**Sérheiti:** Lambhússlétta**Hlutverk:** Beðaslétta**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfin**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „[...] milli fjóssins og mýrarinnar utan við það [... var] geysimikið þýfi, sem kallað var Leyningur [...] Þetta hefur nú verið sléttað, og var þá sópað þangað Öskuhólunum, þrem gömlum öskuhaugum, sem voru utan við Leyning, og einnig tekið ofan af Kerlingarhólnum fyrirnefnda. Neðan við öskuhólana var gömul beðaslétta, sem hét Lambhússlétta.“ (bls. 7-8).

Lýsing:

Engin merki þessarar beðasléttu voru sýnileg á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Seinna var túnið neðan við Lambhúshól kallað Lambhússlétta og gengur undir því nafni í dag.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 18

Sérheiti: Hesthússlétta

Hlutverk: Beðaslétta

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir:

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Gamlar beðasléttur voru ofan við bæinn, sem Sigríði [Eiríksdóttur, systur Jóns, Eiríks og Skarphéðins] minnir, að hafi verið kallaðar Hesthússlétta, en vill þó ekki fullyrða það.“ (bls. 2).

Lýsing:

Engin merki þessarar beðasléttu voru sýnileg á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Þessar beðasléttur munu hafa verið neðan við tóftir gamla hesthússins telur Sigurður Hansen.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 19

Sérheiti: Gíslhús

Hlutverk: Fjárhús/gripahús

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 486941 N 561944

Ástand: Einn veggur stendur

Hættumat: Lítill hætta. Það sem eftir er af húsunum sést vel og er að hluta afgirt.

Staðhættir:

Gíslhús eru nokkurn veginn beint suður af íbúðarhúsinu og beint vestur af Réttarhúshólnum. Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Nálægt bænum að sunnan var einnig svokallað Gíslhús, sem enn stendur, en ekki er vitað, við hvað eða hvern húsið var kennt.“ (bls. 9).

Lýsing:

Aðeins einn veggur stendur eftir af húsunum, norður hliðin á afgirtum matjurtagarði sem nýtur skjóls af veggnum fyrir norðanátt. Veggurinn er um 70 sm hár þar sem hann er hæstur að austan og um 100-120 sm breiður, fremur illa farinn og lítið torf eftir að vestanverðu. Búið er að girða meðfram veggnum og að hluta ofan á honum.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.



Mynd 3, horft til austurs yfir leifar Gíslhúsa suður af íbúðarhúsinu í Djúpadal. Í baksýn er hóll, það sem eftir er af gömlu Réttarhúsunum er í gólfi vestari braggans af tveimur bak við fjárhúsin sem þarna sjást. Ljósm. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 20**Sérheiti:** Réttarhús**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A 487031 N 561979**Ástand:** Hleðslur fallnar.**Hættumat:** Lítill hætta. Minjarnar eru inní húsinu og hafa því nú þegar orðið fyrir miklu raski. Þær ættu hins vegar ekki að verða fyrir frekara raski nema gólf braggans verði dýpkað.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Nálægt bænum að sunnan var einnig svokallað Gíslhús, sem enn stendur, en ekki er vitað, við hvað eða hvern húsið var kennt. Skammt ofan þess er Réttarhúshóllinn, og ofan við hann fjánhús, Réttarhúsið.“ (bls. 9).

Lýsing:

Leifar líklega af undirstöðum veggja gömlu húsanna eru greinanlegar í gólfi vestari braggans.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 21**Sérheiti:** Réttarhúshóll**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfin**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Nálægt bænum að sunnan var einnig svokallað Gíslhús, sem enn stendur, en ekki er vitað, við hvað eða hvern húsið var kennt. Skammt ofan þess er Réttarhúshóllinn, og ofan við hann fjánhús, Réttarhúsið.“ (bls. 9).

Lýsing:

Ofan við hóllinn standa fjánhús og tveir braggar, og rétt eða gerði þar norðan við úr timbri.

Aðrar upplýsingar:

Örnefnin Réttarhúshóll og Réttarhús benda til að þar hafi einhvern tíma verið rétt. Sunnan í Réttarhólnum eða Réttarhúshólnum var kartöflugarður og kartöflugryfja (A 487011 N 561947) niðurgrafin ofarlega á honum austanverðum frá því um 1920, samkvæmt Sigurði Hansen.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 22**Hlutverk:** Túnslétt**Tegund:** Heimild**Ástand:** Þarna er enn tún**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Nálægt bænum að sunnan var einnig svokallað Gíslhús [...]. Skammt ofan þess er Réttarhúshóllinn, og ofan við hann fjánhús,

Réttarhúsið.“ (bls. 9). Um staðsetningu túnsléttunnar segir í Djúpdæla Sögu: „Plægði Jens ½ eða ¾ dagsláttu í Djúpadalstúnjaðri sunnan og ofan við Réttarhúsið [...]“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 216).

Lýsing:

Parna eru enn tún.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Það ætla eg, að verið hafi sumarið 1854, það fyrsta ár, er Eiríkur bjó í Djúpadal, eftir að hann flutti þangað aftur [frá Silfrastöðum], að hann fékk danskan plægingamann, Jens Stæhr, er verið hafði hjá Þorsteini Daníelssyni á Skípalóni og unnið honum margt þarft verk. Plægði Jens ½ eða ¾ dagsláttu í Djúpadalstúnjaðri sunnan og ofan við Réttarhúsið. Vann hann að því öllu, herfaði [svo] og sáði höfrum í það, og var það gert í 2 sumur og spruttu afar vel. Varð blettur þessi eggsléttur og er það enn og allgott tún.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 216).

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 23

Sérheiti: Elínargarðurur

Hlutverk: Túnarðurur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 486965 N 562035

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítill hættu. Parna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Elínargarðurur var dálítil túngarðsspotti ofan við Gíslhúsið, neðan við Elínardagsláttu. Hann hvarf við sléttun.“ (bls. 2).

Lýsing:

Ekkert sér nú eftir af þessu mannvirki.

Aðrar upplýsingar:

Þegar Sigurður Hansen var að hreinsa grjót úr túninu ofan og sunnan við bæinn í Djúpadal komu upp hleðslur neðst í brekkufætinum þar sem vegurinn liggur núna upp að Réttarhúsum. Stórir steinar með svolitlu bili á milli og hleðslur upp að þeim, líkt og þar hafi verið hlið á túngarði sem legið hefur u.þ.b. norður-suður eftir brekkufætinum. Hugsanlega hafa þetta verið leifar umrædds Elínargarðs.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur - Athugasemdir og viðbætur*.

Örnefnastofnun Íslands, 1985.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 24

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 487025 N 561966

Ástand: Hleðslur standa.

Hættumat: Lítill hættu. Ekki er um eiginlegar fornminjar að ræða.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Nálægt bænum að sunnan var einnig svokallað Gíslhús, sem enn stendur, en ekki er vitað, við hvað eða hvern húsið var kennt. Skammt ofan þess er Réttarhúshóllinn, og ofan við hann fjárhús, Réttarhúsið.“ (bls. 9).

Lýsing:

Um 80 m SA af bænum eru fjárhús með stafn til vesturs og þvert á þau til austurs tveir braggar. Um 1,5 m sunnan húsanna er einfalt veggjalag sem liggur samhliða fjárhúsvegnum, hlaðið úr torfi og grjóti. Veggurinn er um 50 sm hár og 1m að breidd, fyllt er upp að honum að sunnan.

Aðrar upplýsingar:

Þessi veggur var hlaðinn af Sigurði Hansen um 1958-9. Þótt ekki sé um eiginlegar fornminjar að ræða er allt skráð sem hlaðið er úr torfi og grjóti og ber þannig vitni um gamalt verklag. Þar af leiðir að hleðslur sem þessar eru skráðar og fá númer í fornleifaskrá.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.
Heimildamaður Sigurður Hansen



Mynd 4, hleðslur sunnan við núverandi fjárhús við Réttarhúshól, hlaðinn af Sigurði Hansen. Horft til austurs. Ljós. BZ.



Mynd 5, Réttarhúshóllinn, horft til norðausturs. Ljós. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 25

Sérheiti: Réttarhúshóll

Hlutverk: Taðþurrkun

Tegund: Hóll

Staðsetning: A 487001 N 561944

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Nálægt bænum að sunnan var einnig svokallað Gíslhús, sem enn stendur, en ekki er vitað, við hvað eða hvern húsið var kennt. Skammt ofan þess er Réttarhúshóllinn, og ofan við hann fjárhús, Réttarhúsið.“ (bls. 9). Þá segir í örnefnaskrá Nönnu

Rögnvaldardóttur: „Nýhús hét rétt fyrir ofan bæinn, nokkru sunnar en gamla hesthúsið var, en það er horfið. Á milli Nýhúss og Réttarhússins var Nýhúshóll. Þar var taðið þurrkað úr Nýhúsinu, en taðið úr Réttarhúsinu á Réttarhúshólnum.“ (bls. 6).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.
Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.
Heimildamaður Eiríkur Skarphéðinsson

Djúpidalur 146275 – 234 - 26**Sérheiti:** Samstæðuhús/Grjótgerði**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Fjánhús**Staðsetning:** A 487068 N 562007**Ástand:** Í notkun**Hættumat:** Lítill hættu. Þær minjar sem þarna eru innan um yngri byggingarluta eru ekki í hættu nema húsunum verði breytt eða þau rifin.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Ofan við Réttarhúsið eru aðalfjánhúsin, og eru þau kölluð Samstæðuhús, en hétu áður Grjótgerði. Þar austur af er fjárréttin og Réttarkofinn, og suður af réttinni er Kvíhóllinn.“ (bls. 6).

Lýsing:

Hluti húsanna er hlaðinn úr torfi og grjóti, m.a. suðurveggurinn.

Aðrar upplýsingar:

Ekki er um eiginlegar fornminjar að ræða en hluti húsanna er hlaðinn úr torfi og grjóti að mestu leyti á 20. öld samkv. Sigurði Hansen, þótt einhverjir veggir geti að vísu verið eldri. En þar sem allt er skráð sem hlaðið er úr torfi og grjóti óháð aldri, fær þetta að fylgja með í þessari skýrslu. Nafnið Grjótgerði bendir til að þarna geti hafi staðið grjóthlaðin rétt á einhverjum tíma, engar vísbendingar eru hins vegar um það aðrar.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 31**Sérheiti:** Lindin**Hlutverk:** Vatnsból**Tegund:** Uppspretta**Staðsetning:** A 486915 N 561959**Ástand:** Þurrkuð**Hættumat:** Engin hættu.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Týknadý, var sunnan við Lindarhóla, en ofan við þá var smáupspretta, Lindin, upp við fjánhús, sem kallað er Gíslhús og er beint suður af bæjarhúsunum.“ (bls. 6) Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Hóllinn beint fram af bænum nefnist Varpinn, en sunnan hans er Bæjarhóllinn, sem heimagrafreiturinn stendur nú á. Þar suður af eru Lindarhólar, og skammt fyrir ofan þá var vatnslind.“ (bls. 8).

Lýsing:

Búið er að grafa skurð í gegnum lindina og þurrka hana upp.

Aðrar upplýsingar:

Nokkurs ruglings virðist gæta hér um staðsetningu Lindarhólanna. Ekki er hægt að segja að Lindarhólar séu suður af Bæjarhólum eins og Páll gerir. Lindarhólarnir eru tveir, stórir aflíðandi hólar í túninu neðan við bæinn. Sá vestari og norðari er svo að segja beint suðvestur frá bænum og hinn aðeins sunnar og austar, beint vestur af Gíslhúsum. Lindin sem hólarnir draga nafn sitt af eru hins vegar suður af Bæjarhólum fyrir ofan (austan) Lindarhóla eins og kemur fram hjá Nönnu.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 37

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 486888 N 561789

Ástand: Horfin

Hættumat: Lítill hættu. Ef eitthvað er eftir af þessu mannvirki undir mölinni er það helst í hættu af ánni.

Staðhættir:

Samkvæmt Sigurði Hansen voru leifar grjóthlaðinnar réttar í mynni bæjargilsins að norðanverðu.

Lýsing:

Engin merki þessa mannvirkis sáust á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í mynni bæjargilsins norðanverðu var samkvæmt Sigurði Hansen grjóthlaðin fjárrétt. Annaðhvort hefur henni sópað burt í flóðum eða hún hefur grafist undir framburði árinna, í það minnsta sjást hennar engin merki á yfirborðinu. Önnur svipuð rétt var sunnan við ána Litladalsmegin sem einnig er horfin.

Heimildaskrá:

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 43

Sérheiti: Lambhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 486845 N 562132

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítill hættu. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Lambhús hét hús, sem var niður á túninu, nú horfið, og þar nálægt [neðar (athugasemd SH)] er Lambhúshóll.“ (bls. 9). Samkvæmt Sigurði Hansen var Lambhús skammt fyrir ofan núverandi heimreið, þar sem efni hefur var ýtt í veginn.

Lýsing:

Þarna er nú tún og engin mannvirki sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Þarna er sýnt útihús á túnakorti frá 1919.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 44

Sérheiti: Nýhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 487007 N 562024

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítill hætta. Hér gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Nýhús hét rétt fyrir ofan bæinn, þar sem gamla hesthúsið var, en það er einnig horfið.“ (bls. 9).

Lýsing:

Engar mannvirkjaleifar eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen voru Nýhús á hæð norður af Réttarhúsi í beinni línu milli bæjar og núverandi fjárhúsa upp við réttina. Þeim var ýtt út til norðurs niður í lægðina sem þar er og hóllinn sléttaður. Samkvæmt Eiríki Skarphéðinssyni hefur grjót verið að koma upp á þessu svæði í seinni tíð. Þá var gamla hesthúsið nokkuð norðan við Nýhús samkvæmt örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur. (sbr. NR, bls. 6).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamenn Sigurður Hansen og Eiríkur Skarphéðinsson



Mynd 6, horft til suðurs, Réttarhúsin gömlu stóðu þar sem braggarnir og fjárhúsin eru í baksýn, Nýhús (146275 – 234 - 44) eiga að hafa staðið þarna norðan við. Ljós. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 45

Sérheiti: Nýhúshóll

Hlutverk: Taðpurrkun

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 487006 N 562042

Ástand: Horfinn

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Nýhús hét rétt fyrir ofan bæinn, nokkru sunnar en gamla hesthúsið var, en það er horfið. Á milli Nýhúss og Réttarhússins var Nýhúshóll. Þar var taðið þurrkað úr Nýhúsinu, en taðið úr Réttarhúsinu á Réttarhúshólum.“ (bls. 6).

Lýsing:

Engar mannvirkjaleifar eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen voru Nýhús á hæð norður af Réttarhúsi í beinni línu milli bæjar og núverandi fjárhúsa upp við réttina. Þeim var ýtt út til norðurs niður í lægðina sem þar er og hóllinn sléttaður. Samkvæmt Eiríki Skarphéðinssyni hefur grjót verið að koma upp á þessu svæði í seinni tíð.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 47**Sérheiti:** Gilsakofi**Hlutverk:** Hesthús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 487045 N 562058**Ástand:** Horfin**Hættumat:** Lítill hættu. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Nýhús hét rétt fyrir ofan bæinn, nokkru sunnar en gamla hesthúsið var, en það er horfið. [...] Uppi við túngarðinn, beint upp af Nýhúsinu, var Gilsakofi.“ (bls. 6).

Lýsing:

Engin merki þessara byggingar sáust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur: „Gilsakofi, kenndur við Gísla Hannesson, sem lengi var í Djúpadal hjá Sigríði systur sinni, móður bræðranna [Eiríks, Jóns og Skarphéðins]. Hann hafði hross sín þar.“ (bls. 6). Samkvæmt Sigurði Hansen var þetta ekki langt norðan við núverandi fjárhús við réttina. Tóftir þessa kofa voru upp við efsta túngarðinn sem liggur rétt eftir túngirðingunni núverandi eða þar um bil.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 49**Sérheiti:** Gamla hesthúsið**Hlutverk:** Hesthús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 486950 N 562120**Ástand:** Horfið**Hættumat:** Lítill hættu. Þarna gætu minjar verið í hættu ef hreyft er við jarðvegi.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Nýhús hét rétt fyrir ofan bæinn, þar sem gamla hesthúsið var, en það er einnig horfið.“ (bls. 9). Samkvæmt Sigurði Hansen var gömul hesthústóft töluvert norðan við Nýhús, u.þ.b. 50m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing:

Engin örugg merki þessa húss sáust á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Girðing liggur til norðaustur nokkra metra frá fjósinu og upp að skurði þar austan við. Um 20m neðan við skurðinn, upp við girðinguna, minnir Sigurð Hansen að tóftir hesthússins hafi staðið (A 486950 N 562120). Þar er svolítið af grjóti sem gæti vel verið hleðslugrjót en þó er þetta ekki örugg staðsetning. Samkvæmt túnakorti frá 1919 eru sýnd útihús sitthvoru megin við þennan stað og gæti annað hvort þeirra einnig verið umrætt hesthús. Annað húsið virðist samkvæmt teikningunni vera um 20m norðvestan við og hitt um 25 suðaustan við.

Heimildaskrá:

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen



Mynd 7, ofan við girðinguna milli Hólfsins og heimatúnsins eru leifar gamals túngarðs (146275 – 234 - 46).

Djúpidalur 146275 – 234 - 46

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 487047 N 562063

Ástand: Hleðslur jarðsignar og grónar.

Hættumat: Lítil hætta steðjar að þeim hluta garðsins sem enn er sýnilegur önnur en ágangur búfénaðar. Aðrir hlutar garðsins eru komnir undir tún.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Nýhús hét rétt fyrir ofan bæinn, nokkru sunnar en gamla hesthúsið var, en það er horfið. Á milli Nýhúss og Réttarhússins var Nýhúshóll. Þar var taðið þurrkað úr Nýhúsinu, en taðið úr Réttarhúsinu á Réttarhúshólnum. Uppi við túngarðinn, beint upp af Nýhúsinu, var Gilsakofi.“ (bls. 6).

Lýsing:

Ofan við girðinguna sem afmarkar túnið fyrir ofan íbúðarhúsið í Djúpadal, má sjá leifar túngarðs sem liggur samsíða girðingunni frá hliðinu sem er ofan við fjósið og þaðan í suðaustur að réttinni. Garðurinn er fremur óljós nyrst en skýrist eftir því sem nær dregur réttinni.

Aðrar upplýsingar:

Hér er átt við efri túngarðinn. Annar túngarður var samkvæmt Sigurði Hansen nokkru neðar og náði frá því rétt ofan við gamla hesthúsið og suður eftir hávaðinu í átt að Réttarhúsum á rúmlega 100 m kafla, eða um hálfa leið að húsunum. Samkvæmt túnakorti Guðm. Sveinssonar frá 1919, var túnið 6,6 teigar og ¼ partur túnsins sléttur.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 48**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfinn**Staðhættir:**

Neðan við túngirðinguna ofan (austan) við bæinn í Djúpadal.

Lýsing:

Enging merki um þennan túngarð voru sýnilega á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen voru a.m.k. tveir gamlir túngarðar ofan við bæinn í Djúpadal, sá efri var nokkurn veginn eftir núverandi túngirðingu (146275 – 234 – 46), en annar var nokkru neðar og náði frá því rétt ofan við gamla hesthúsið og suður eftir hávaðinu í átt að Réttarhúsum á rúmlega 100 m kafla, eða um hálfa leið að húsunum.

Heimildaskrá:

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 28**Hlutverk:** Fjárrétt**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfin**Staðsetning:** A 487091 N 562018

Hættumat: Lítill hættu. Leifar eða undirstöður eldri réttar gætu leynst undir núverandi réttarstæði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Ofan við Réttarhúsið eru aðalfjórðuhúsin, og eru þau kölluð Samstæðuhús, en hétu áður Grjótgerði. Þar austur af er fjárréttin og Réttarkofinn, og suður af réttinni er Kvíhóllinn.“ (bls. 6).

Lýsing:

Samstæðuhúsin standa enn, en hafi þarna verið grjóthlaðin rétt á einhverjum tíma eins og nafnið Grjótgerði bendir til þá er sú rétt með öllu horfin. Ofan við Samstæðuhúsin er í dag timburrétt, en Réttarkofinn sem var þar ofan við er farinn.

Aðrar upplýsingar:

Ekki eru aðrar heimildir um grjóthlaðna rétt þarna aðrar en örnefnið.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Minjar utan túns

Djúpidalur 146275 – 234 - 27

Sérheiti: Réttarkofinn

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 487098 N 562017

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Nokkur hætta. Búið er að ýta húsunum út að mestu en þó er einn veggur uppistandandi og grunnur hleðslna að austan, líklega af heytóftinni. Það sem eftir er af þessum minjum er innan hestahólfs.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Ofan við Réttarhúsið eru aðalfjárhúsin, og eru þau kölluð Samstæðuhús, en hétu áður Grjótgerði. Þar austur af er fjárreittin og Réttarkofinn, og suður af réttinni er Kvíhóllinn.“ (bls. 6).

Lýsing:

Veggur er uppistandandi að sunnan 110sm hár og um 130sm breiður og liggur norðaustur-suðvestur. Um 4,5m norðaustan við hann eru undirstöður torfveggjar sem ýtt hefur verið út, hleðslur eru greinilegar á um 2m löngum kafla til norðausturs og beygir þar í 90° til norðvesturs tæpa 5m og þá aftur í 90 til suðvesturs, tæplega 5m.

Aðrar upplýsingar:

Sigurður Hansen lýsir húsunum á þessa leið eftir minni: „Húsið var um 5x8m að innanmáli og heytóft bakvið. Syðst var um 160-180sm breið kró og önnur álíka á móti með flór í gólfi, eftir að farið var að nota húsið sem hesthús. Milligerði var yfir í þriðju og nyrstu krónna og þar var stallur með veggnum að norðan.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.
Heimildamaður Sigurður Hansen



Mynd 8, horft til suðurs yfir það sem eftir er af réttarkofanum (146275 – 234 - 27).



Mynd 9, Kvíasteinn á Kvíhól ofan við réttina. Í nærrenda steinsins er náttúruleg skál sem smalahundum var gefin mjólk að leþja. Ekkert sér eftir af sjálfum kvíunum.

Djúpidalur 146275 – 234 - 29**Sérheiti:** Kvíhóll**Hlutverk:** Kvíar**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 487128 N 562000**Hættumat:** Lítill hættu. Engar sýnilegar minjar eru í hættu og ólíklegt að þær leynist í jörðu á þessum stað.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Ofan við Réttarhúsið eru aðalfjórðuhúsin, og eru þau kölluð Samstæðuhús, en hétu áður Grjótgerði. Þar austur af er fjárréttin og Réttarkofinn, og suður af réttinni er Kvíhóllinn.“ (bls. 6).

Lýsing:

Engin merki um kvíar fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Örnefnið Kvíhóll bendir til að þar hafi verið kvíar. Hugsanlega hafa þær verið jafnaðar við jörðu, en töluverð jarðvinnsla hefur farið fram á svæðinu, annar möguleiki er að þarna hafi verið færíkvíar. Annar Kvíhóll er fram á dalnum, framan við selið.

Heimildaskrá:Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.**Djúpidalur 146275 – 234 - 32****Hlutverk:** Leið**Tegund:** Reiðvegur**Staðsetning:** A 486818 N 561963**Ástand:** Horfið**Hættumat:** Engin hættu.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Heimreiðin gamla í átt til Stóru-Akra lá milli Lindarhólanna og niður hjá klettinum Ullarbergi [...]“ (bls. 8). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Gamla leiðin í átt til Stóru-Akra lá milli Lindarhólanna og niður hjá Ullarbergi, eftir Brúnni, sem svo var kölluð, og svo niður í eyri og þar yfir ána, en ekki var sérstakt nafn á vaðinu.“ (bls. 9).

Lýsing:

Þarna liggur nú dráttavéla slóð eftir túninu niður á milli lindarhólana og niður á eyrina ofan við Ullarberg og þaðan yfir vað á ánni yfir í Litladal.

Heimildaskrá:Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.**Djúpidalur 146275 – 234 - 33****Sérheiti:** Brúin**Hlutverk:** Vegur**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 486787 N 561897**Ástand:** Horfin**Hættumat:** Nokkur hættu. Ef eitthvað er eftir af þessum hleðslum undir sverði er líklegt að þær verði fyrir skemmdum af völdum umferðar og jarðræktar á svæðinu.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Gamla leiðin í átt til Stóru-Akra lá milli Lindarhólanna og niður hjá Ullarbergi, eftir Brúnni, sem svo var kölluð, og svo niður í eyri og þar yfir ána, en ekki var sérstakt nafn á vaðinu.“ (bls. 9).

Lýsing:

Þarna liggur nú dráttavéla slóð eftir túninu niður á milli lindarhólana og niður á eyrina ofan við Ullarberg og þaðan yfir vað á ánni yfir í Litladal.

Aðrar upplýsingar:

Þetta er önnur Brú af tveimur með því nafni. Þessi brú eða upphlaðni vegur, afmarkaði Sauðaskjól til norðvesturs. Líklega hefur þetta verið hlaðið úr torfi og ólíklegt að eitthvað heillegt sé eftir af því.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 34

Hlutverk: Vað

Tegund: Vað

Staðsetning: A 486751 N 561855

Ástand: Í notkun.

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Gamla leiðin í átt til Stóru-Akra lá milli Lindarhólanna og niður hjá Ullarbergi, eftir Brúnni, sem svo var kölluð, og svo niður í eyri og þar yfir ána, en ekki var sérstakt nafn á vaðinu.“ (bls. 9).

Lýsing:

Vaðið er enn á sama stað suð-vestur af Ullarbergi.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.



Loftmynd 2, heimreiðin og leiðin í framhlíðina, suðurhluta Blönduhlíðar.

Djúpidalur 146275 – 234 - 35

Sérheiti: Ullarberg

Hlutverk: Ullarþurrkunarstaður

Tegund: Klöpp

Staðsetning: A 486795 N 561860

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Ullarberg er niður við ána. [...] neðst í Sauðaskjóli, og þar var ull breidd og þurrkuð“. (bls. 9). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur segir: „[...] á bakkanum neðst í Sauðaskjólinu er gróin klöpp, sem heitir Ullarberg. Þar var ullin þvegin og breidd til þerris.“ (bls. 9).

Lýsing:

Klöppin er öll gróin en gróðurinn rýr þegar þurr er, enda lítill jarðvegur. Alls er klöppin um 30m löng og um 12m breið og liggur austur vestur. Hún er sunnan við skurð sem grafinn var nyrst í Sauðaskjóli frá austri til vesturs.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 36**Sérheiti:** Sauðaskjól**Hlutverk:** Yfirsetustaður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 486844 N 561826**Hættumat:** Engin hættu. Engar þekktar minjar eru í hættu á þessum stað.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Pásl Sigurðssonar segir: „Fyrir sunnan og neðan bæinn er hvammur, allstór, ofan að ánni, og heitir þar Sauðaskjól.“ (bls. 9) Niður við mynni bæjargils að norðanverðu, gegnt Litladal.

Lýsing:

Sauðaskjól er skjólgóður hvammur með kletta til austurs og svolitlar hæðir og hóla til norðurs og Dalsánnu til suðurs vesturs. Hvammurinn er fremur blautur en norðvestarlega í honum er gróin klöpp, nefnd Ullarberg, þar sem ull var breidd til þerris.

Aðrar upplýsingar:

Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon (1899-1972) frá Torfmýri því þegar verið var að færa frá: „Fyrst var byrjað að stíja lömbunum frá ánum nokkrar nætur. Þá voru ærnar reknar í hús á kvöldin og hýstar yfir nóttina, en lömbin tekin frá þeim og höfð í öðru húsi. Á morgnana voru svo ærnar mjólkaðar, en lömbunum því næst hleypt til þeirra út í hagann. Þetta var venjulega gert tvær til þrjár nætur, en svo einn morguninn er lömbunum ekki hleypt til mæðra sinna, heldur tekin frá þeim fyrir fullt og allt. [...] Lömbin voru nú rekin upp að Djúpadal, og þar fengum við systkinin að sitja þau með Djúpadalslömbunum. Var setið yfir þeim í tvo daga í svonefndu Sauðaskjóli sunnan og neðan við túnið. Eftir það voru þau farin að spekjast og gleyma mæðrum sínum. [...] Eftir þessa tvo daga voru svo öll lömbin rekin fram í Tungufjall, en það liggur á afrétt Djúpadals. Báðum megin við það renna straumharðar ár, svo að þarna verða lömbin í sjálfheldu.“ (bls. 40-41)

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 51**Sérheiti:** Bakkakot**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóftahóll**Staðsetning:** A 486615 N 562039**Ástand:** Hleðslur sléttaðar**Hættumat:** Nokkur hættu. Þegar hefur verið sléttað úr minjunum en tóftahóll bendir til byggingaleifa undir yfirborði sem raskast gætu við jarðvegsframkvæmdir.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á árbakkanum niður undan bænum [Djúpadal], þar sem hann er hæstur, kallast Bakkakot, og voru þar tóftir sjáanlegar fyrir sléttun [...]“ (bls. 10).

Lýsing:

Hóllinn er um afgangur um 25m langur og 13m breiður og liggur norðvestur-suðaustur. Ummálið er um 70m og mesta hæð miðað við nánasta umhverfi er um 1,5m. Smá dældir eru í hólnum á tveimur stöðum önnur fyrir miðju 2x3m og hin um 4m þar norðvestur af, 1,5x1,5m. Hugsanlega vísa þessar dældir á byggingaleifar.

Aðrar upplýsingar:

Þetta er sérstaklega forvitnilegur staður þar sem örnefnið og umfang hólins benda til meiriháttar mannvirkja og hugsanlegrar búsetu á staðnum þrátt fyrir þögn heimilda þar um. Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir að vísu: „[...] heimildarmenn [Jón og Skarphéðinn Eiríkssynir] töldu ólíklegt, að þar hefði verið hjáleiga eða þ.h.“ (bls. 10).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 52

Sérheiti: Bakkakot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Ástand: Fannst ekki

Hættumat: Nokkur hættu. Ef eitthvað er eftir af þessum minjum gætu þær verið í hættu vegna jarðvinnslu á svæðinu, þá er einnig möguleg hættu af ánni, en hún á til að brjóta bakka sína í flóðum.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á árbakkanum niður undan bænum [Djúpadal], þar sem hann er hæstur, kallast Bakkakot, og voru þar tóftir sjáanlegar fyrir sléttun [...]“ (bls. 10). Samkvæmt Sigurði Hansen voru tóftaleifar á bakkanum suðvestan við hólinn.

Lýsing:

Hóllinn er um aflangur um 25m langur og 13m breiður og liggur norðvestur-suðaustur. Ummálið er um 70m og mesta hæð miðað við nánasta umhverfi er um 1,5m. Smá dældir eru í hólnum á tveimur stöðum önnur fyrir miðju 2x3m og hin um 4m þar norðvestur af, 1,5x1,5m. Hugsanlega vísa þessar dældir á byggingaleifar. Engar vísbendingar um tóftir fundust hins vegar um tóftir suðvestan við hólinn, en þar hefur einnig verið sléttað og töluverður gróður var á svæðinu.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 129

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 486662 N 562091

Ástand: Horfið

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Niður undan bænum gengur svolítið nes fram á áreyrarnar. Þar rís aflangur hóll [...] á neðstu sléttu, spölkorn frá bakkanum. [...] Ofan við var Bæjarmýrin þar sem voru mógrafir og mótekja fram um miðjan fimmta áratug 20. aldar.“ (bls. 211).

Lýsing:

Þarna eru nú slétt tún.

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Djúpidalur 146275 – 234 - 53

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 486495 N 562134

Ástand: Horfið

Hættumat: Nokkur hættu. Ef eitthvað er eftir af þessum minjum gætu þær verið í hættu vegna jarðvinnslu á svæðinu, þá er einnig möguleg hættu af ánni, en hún á til að brjóta bakka sína í flóðum.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á árbakkanum niður undan bænum [Djúpadal], þar sem hann er hæstur, kallast Bakkakot [...] Þar skammt fyrir utan og neðan var Myllubakki og Myllulækur, og sást þar móta fyrir mylluhúsinu gamla.“ (bls. 10).

Lýsing:

Engin mannvirki sáust á vettvangi þegar staðurinn var skoðaður. Þarna er hins vegar greinilegur skorningur neðst í túninu, líklega eftir myllulækinn.

Aðrar upplýsingar:

Staðsetning var tekin eftir tilsögn Sigurðar Hansen, en hann man eftir hleðslum þarna í túnfætinum. Þarna eru kaldavermsl, 14° heitt vatn samkvæmt Sigurði. Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon (1899-1972): „Annars voru kornmyllur á stökustað í sveitinni, en þeir, sem áttu þær, tóku að sér að mala korn fyrir nágranna sína gegn einhverju ofurlitlu gjaldi. Voru þær byggðar við læki og gengu fyrir vatnsafli. Þessar myllur voru víða áður fyrr, en hvergi man ég eftir myllu í mínu ungdæmi nema á Syðstu-Grund. En rústir þeirra sjást víða, svo sem á Flugumýri, í Djúpadal og víðar.“ (bls. 25) Hannes ólst upp á Torfmýri næsta bæ við Djúpadal og var mikill samgangur á milli bæjanna, en Valdimar í Djúpadal átti þá jörðina Torfmýri og leigði foreldrum Hannesar.

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 54

Sérheiti: Grænútóftir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning: A 486335 N 562305

Ástand: Sléttað

Hættumat: Nokkur hættu. Þegar hefur verið sléttað úr minjunum en tóftahóll bendir til byggingaleifa undir yfirborði sem raskast gætu við jarðvegsframkvæmdir.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á árbakkanum niður undan bænum [Djúpadal], þar sem hann er hæstur, kallast Bakkakot [...] Þar skammt fyrir utan og neðan var Myllubakki [...] Út og niður með bökkunum voru Grænútóftir (tóftarbrot).“ (bls. 10).

Lýsing:

Sléttað hefur verið úr öllum tóftum og ekki sjást neinar tóftalægðir á yfirborði, eftir stendur lágur hóll um 10x15 m að utanmáli, samgróinn túninu.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 55**Sérheiti:** Reiðingamýri**Hlutverk:** Náma (reiðingsstunga)**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfin**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Reiðingamýri og Brynningamýri voru áður utan við Myllulækinn, nú tún. Í Reiðingamýri var skorinn reiðingur, en í Brynningamýri var lömbum brynnt. Þar voru kaldavermsl og lagði ekki.“ (bls. 9).

Lýsing:

Mýrin hefur verið þurrkuð og breytt í tún.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 56**Sérheiti:** Brynningamýri**Hlutverk:** Vatnsból**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfin**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Reiðingamýri og Brynningamýri voru áður utan við Myllulækinn, nú tún. Í Reiðingamýri var skorinn reiðingur, en í Brynningamýri var lömbum brynnt. Þar voru kaldavermsl og lagði ekki.“ (bls. 9).

Lýsing:

Mýrin hefur verið þurrkuð og breytt í tún.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 58**Sérheiti:** Flói**Hlutverk:** Náma (Torfrista)**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfið**Hættumat:** Engin hætta.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Út af Kringlumýri er Flóinn og nær yfir í Torfmýrarland. Hann hefur nú verið ræstur fram. Þar var góð torfrista.“ (bls. 10).

Lýsing:

Þetta hefur nú verið þurrkað og að hluta breytt í tún. Djúpur og breiður vélgrafinn skurður liggur frá austri til vesturs í gegnum Flóann og skilur að land Torfmýrar og Kringlumýrar.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 106

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 486172 N 562404

Ástand: Horfið

Hættumat: Engin hættu. Búið er að leggja akveg yfir þann kafla vegarins sem var upphlaðinn.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Neðan við Höllin [nokkuð austan við íbúðarhúsið á Skriðu] voru Litlubrýr, hreppavegur, stunginn upp, lá út á Skriðufót, sem er neðsti hluti Skriðanna og náði niður að Tanga og upp á móts við Matarlaut, sem síðar getur. Þar voru grasgefin smádrög, sem voru slegin, en nú er Skriðufóturinn alveg uppgróinn. Litlubrýrnar lágu niður á Tanga.“ (bls. 7).

Lýsing:

Engin merki um þetta mannvirki fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í huga Sigurðar Hansen á nafnið Litlubrýr aðeins við upphlaðinn veg sem var austur af íbúðarhúsinu á Skriðu eins og Nanna tilgreinir, (punktur var tekin eftir tilsögn S.H. á Litlubrúm: A 486553 N 562437). Vegurinn niður á Ytri-Tanga gekk ekki undir neinu nafni í hans huga. Hins vegar var annar upphlaðinn kafla neðst á þeim vegi þar sem afleggjarinn er í dag (fyrir Skriðu og Djúpadal). Í dag er skurður beggja vegna vegarins og byrjaði upphlaðni kafla gamla vegarins u.þ.b. við vesturenda syðri skurðarins og náði um 30m upp fyrir hann, alls um 70m. (Punktur tekin samkvæmt tilsögn S.H. á brúnni við Ytri-Tanga: A 486172 N 562404.)

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 39

Sérheiti: Litlubrýr

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 486553 N 562437

Ástand: Horfið

Hættumat: Lítill hættu. Engar sýnilegar minjar eru í hættu á þessum stað, en hleðslur gætu leynst undir sverði.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Neðan við Höllin [nokkuð austan við íbúðarhúsið á Skriðu] voru Litlubrýr, hreppavegur, stunginn upp, lá út á Skriðufót, sem er neðsti hluti Skriðanna og náði niður að Tanga og upp á móts við Matarlaut, sem síðar getur. Þar voru grasgefin smádrög, sem voru slegin, en nú er Skriðufóturinn alveg uppgróinn. Litlubrýrnar lágu niður á Tanga.“ (bls. 7).

Lýsing:

Engin merki um þetta mannvirki fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í huga Sigurðar Hansen á nafnið Litlubrýr aðeins við upphlaðinn veg sem var austur af íbúðarhúsinu á Skriðu eins og Nanna tilgreinir, (punktur var tekin eftir tilsögn S.H. á Litlubrúm: A 486553 N 562437). Vegurinn niður á Ytri-Tanga gekk ekki undir neinu nafni í

hans huga. Hins vegar var annar upphlaðinn kafli neðst á þeim vegi þar sem afleggjarinn er í dag (fyrir Skriðu og Djúpadal). Í dag er skurður beggja vegna vegarins og byrjaði upphlaðni kafli gamla vegarins u.þ.b. við vesturenda syðri skurðarins og náði um 30m upp fyrir hann, alls um 70m. (Punktur tekin samkvæmt tilsoðgn S.H. á brúnni við Ytri-Tanga: A 486172 N 562404.)

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.
Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 130

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 486798 N 563216

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Lítill hættu. Helsta hættan sem að þessum minjum gæti steðjað eru skriðuföll og ágangur búfjár.

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Um miðjan Glóðafeykinn, nærri efst í graslendinu, er Nautaskálarmelur og ofan hans er Nautaskálin. Á kolti melsins í 280m hæð sjást merki um lítið smalabyrgi [...]“ (bls. 210).

Lýsing:

Ekki var farið á þennan stað sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í byggðasögunni: „Rauðleitur steinn er utan við byrgisrústina og er nú talinn vera merki Torfmýrar og Djúpadals en eldri heimildir tala um landamerki á vörðu í ytri enda nautaskálar. Þessi varða er ekki sjáanleg enda hafa margar skriður fallið niður skálina.“ (bls. 210).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Djúpidalur 146275 – 234 - 127

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Um miðjan Glóðafeykinn, nærri efst í graslendinu, er Nautaskálarmelur og ofan hans er Nautaskálin.“ (bls. 210).

Lýsing:

Ekki var farið á þennan stað sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í byggðasögunni: „Rauðleitur steinn er utan við byrgisrústina og er nú talinn vera merki Torfmýrar og Djúpadals en eldri heimildir tala um landamerki á vörðu í ytri enda nautaskálar. Þessi varða er ekki sjáanleg enda hafa margar skriður fallið niður skálina.“ (bls. 210).

Heimildaskrá:

Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

Djúpidalur 146275 – 234 - 40**Sérheiti:** Byrgið**Hlutverk:** Smalabyrgi/leikstaður**Tegund:** Grjóthleðsla**Staðsetning:**

A 486646 N 562738

Ástand: Hleðslur fallnar

Mynd 10, svokallað Byrgi (146275 – 234 - 40) á grónum skriðum ofan við bæinn Skriðu sem sést í fjarska. Horft er til suðvesturs. Ljós. BZ.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Gamalt smalabyrgi var á Skriðunum, kallað Byrgið.“ (bls. 7)

Hættumat: Lítill hætta. Eina hættan sem steðjar að þessum minjum eru skriðuföll og ágangur búfjár.

Lýsing:

Byrgið er grjóthlaðið og snýr u.þ.b. austur-vestur, 5x6 m að utanmáli, veggir eru um 40 cm háir og 40 cm breiðir. Dyr virðast hafa verið til austurs upp hlíðina og til suðurs í átt að Djúpadal. Smá viðauki virðist vera til austurs ofan við megin hleðslunnar.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt heimildamanni Sigurði Hansen var þetta leikstaður hans og annarra barna í Djúpadal. Krakkarnir léku þar með ýmiskonar leirtau, bein o.fl. Þau juku við byrgið og breyttu því töluvert.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 41**Hlutverk:** Óþekkt/Leikstaður**Tegund:** Grjóthleðsla**Staðsetning:** A 486508 N 562579**Ástand:** Hleðslur fallnar

Hættumat: Lítill hætta. Eina hættan sem steðjar að þessum minjum eru skriðuföll og ágangur búfénaðar.

Staðhættir:

Örfáa metra til suðurs þegar komið er upp fyrir hliðið á efsta hólfinu í Kringlumýri. Um 175m norðaustan við íbúðarhúsið á Skriðu.

Lýsing:

Lágar og lítilfjörlegar hleðslur. Eftir stendur einföld steinaröð á kafla, annarsstaðar allt að þreföld. Hleðslurnar eru alls á um 4x4m fleti, og skipt niður í nokkur smærri hólf að innan.

Aðrar upplýsingar:

Líklega er þetta hlaðið af börnum. Engar heimildir eru til um þessar hleðslur og Sigurður Hansen kannaðist ekki við þær.

Heimildaskrá:

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 57**Sérheiti:** Matarlaut**Hlutverk:** Áningarstaður**Tegund:** Drag/Laut**Staðsetning:** A 486381 N 562649**Hættumat:** Engin hætta. Engar þekktar minjar eru í hættu á þessum stað.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Helsingjatóftir eru upp af og aðeins norðan við Kringlumýrina, og um miðjar Helsingjatóftirnar er smágildrag, sem heitir Matarlaut.“ (bls. 10).

Lýsing:

Dragið er um 200m beint norður af íbúðarhúsinu á skriðu. Engin mannvirki eru greinileg en sjálft dragið er um 20m langt frá austri til vesturs undan brekkunni og rúmlega 3m breitt.

Aðrar upplýsingar:

Þarna var matast þegar fólk var við heyskap á engjunum, en þarna er þurr og skjólgott.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 38**Sérheiti:** Brúin**Hlutverk:** Vegur**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfið**Hættumat:** Lítill hætta. Engar sýnilegar minjar eru í hættu en hugsanlega leynast hleðslur undir yfirborði, einhversstaðar á þessu svæði.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Upphlaðinn vegur frá því ofan við fjósið og út á Skriður, sem eru utan við túnin, var kallaður Brúin.“ (bls. 7).

Lýsing:

Frá gamla fjósinu um hálfa leið út á Skriður (á um 250m kafla) eru nú komin tún og því einskis að vænta þar á yfirborðinu. Þar norðan við hafa Höllin verið þurrkuð upp. Engin merki þessa mannvirkis eru sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Handgrafinn skurður var meðfram brúnni. Hann var svo grafinn upp síðar með vélum, líklega 1956.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 50**Sérheiti:** Lambalækur**Hlutverk:** Vatnsból**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 487102 N 562294**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Undir Stallinum, sem síðar getur, við

norðausturhornið á Hólfinu, er kallað Kverkin eða Uppi í Kverkinni. Þar sprettur upp smálækjarspræna, Lambalækur, sem rennur inn í Hólfið og þar í skurðum.“ (bls. 9-10).

Lýsing:

Búið er að grafa skurð upp í Kverkina og rennur lækurinn eftir honum.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir um Lambalæk: ”Þaðan er tekið neyzluvatn.”

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 125

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 487168 N 562224

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar að hluta.

Hættumat: Nokkur hættu. Hluti garðsins er innan hestahólfs og því í nokkurri hættu vegna ágangs búfjár, það sem er ofan girðingar er hins vegar í minni hættu.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur segir: „Fyrir ofan túnið er nú allstór, afgirtur hagi, sem kallaður er Hólfið [...], og nær það upp að fjallsrótum og suður að Gilinu. Sunnarlega í því er Tjörnin [...] og utan við hana Tjarnamýrin [...], beint austur af réttinni.“ (bls. 6).

Lýsing:


Vörslugarður liggur frá klettabeltinu ofan við Hólfið og niður í gegnum það og beygir þar í nokkuð beina stefnu í átt að réttinni og nær langleiðina að henni. Garðurinn er alls um 330 metrar. Efri hluti garðsins er eingöngu grjót, töluvert hrúnið, mesta hæð um 50 sm og breiddin allt að 150sm. Neðar í hólfinu er garðurinn torfhlaðinn, töluvert sokkinn, mest um 30sm hár og um 100sm breiður. Verður óljósari eftir því sem sunnar dregur og er á köflum nær alveg horfinn.

Heimildaskrá:


Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.



Mynd 11, horft til suðvesturs eftir vörslugarði (146275 – 234 - 125) ofan við Hólfið austan heimatúnsins í Djúpadal. Ofan við girðinguna eru smærri hleðslur sunnan garðsins líklega leikstaður barna (146275 – 234 - 126). Neðan við hliðið inní Hólfið beygir garðurinn til suðurs í átt að reykkofanum ofan við réttina (lengst til vinstri á myndinni).



Lofmynd 3. Vörslugarðurinn ofan við Djúpadal.



Teikning 1

Djúpidalur 146275 – 234 - 126

Hlutverk: Leikstaður

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 487202 N 562266

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Lítill hættan. Eina hættan sem að þessum minjum steðjar er hugsanlegur ágangur búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur segir: „Fyrir ofan túnið er nú allstór, afgirtur hagi, sem kallaður er Hólfið [...], og nær það upp að fjallsrótum og suður að Gilinu. Sunnarlega í því er Tjörnin [...] og utan við hana Tjarnarmýrin [...], beint austur af réttinni.“ (bls. 6).

Lýsing:

Vörslugarður liggur frá klettabeltinu ofan við Hólfið og niður í gegnum það og beygir þar í nokkuð beina stefnu í átt að réttinni og nær langleiðina að henni. Efri hluti garðsins er eingöngu grjót, töluvert hrunið, umtalsverðar hleðslur eftir börn eru sunnan undir garðinum, mörg smá hólfi. Alls átta saman að sunnan og tvö stærri á móti að norðanverðu (A 487202 N 562266), þá eru einnig tvö fremur lítil hólfi nokkru norðar að sunnanverðu (A 487216 N 562282).

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 30**Sérheiti:** Kvíagjá**Hlutverk:** Kvíar**Tegund:** Heimild**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Suður af Tjörninni er Flagmýrarhvatn í Gilinu og Kvíagjá nokkru neðar [...].“ (bls. 6)

Lýsing:

Engin merki fundust á vettvangi í ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Hugsanlega hafa verið færíkvíar á þessum stað. Þetta er fulllangt frá Kvíhól til að líklegt sé að örnefnið sé dregið af sömu kvíunum. Þá er talað um geitabyrgi í gilinu á svipuðum slóðum og gæti vel verið um sama mannvirki að ræða. (Sjá einnig 146275 – 234 – 60).

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 60**Hlutverk:** Geitabyrgi**Tegund:** Heimild**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „[...] Gilinu [bæjargilinu]. Þar er gamalt geitabyrgi [...].“ (bls. 12).

Lýsing:

Umrætt geitabyrgi fannst ekki á vettvangi í ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Nönnu segir að byrgið hafi verið í Snjókuhvammi í gilinu (næsta hvammi vestan við Stekkjarhvamm neðan við Stekkinn), en Sigurður Hansen segir byrgið hafi verið neðan við Kvígjá vestar í gilinu (Kvígjá er gjá sem gengur niður í gilið rétt framan við túngirðinguna A 487188 N 561773). Það er þá spurning hvort byrgið hafi upphaflega gegnt hlutverki kvía og þaðan sé nafnið á gjánni komið, Kvígjá. (Sjá einnig 146275 – 234 - 30).

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 61**Hlutverk:** Náttthagi**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfinn**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Framan við Holtið er Miðslétta. Neðan við hana er Snjókuhvammur [...] Snjókuhvammur var um tíma girtur af og hafður fyrir náttthaga og gleri þá upp.“ (bls. 12).

Lýsing:

Engar mannvirkjaleifar fundust í Snjókuhvammi þegar farið var á vettvang í ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Ekki er ljóst af því sem fram kemur í örnefnaskránni hvort hér hefur verið um girðingu eða hlaðna garða að ræða umhverfis náttúragagn.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 62

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 487339 N 561781

Hættumat: Engin hættu. Engar mann-gerðar minjar eru í hættu á þessum stað.

Staðhættir:

„Í gljúfrinu milli bæjanna, þar sem heitir Flagmýrarhvammur“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 205)

Lýsing:

Engin merki um sjálfa brúna fundust á vettvangi í ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson frá Eiríki Eiríkssyni hreppstjóra í Djúpadal: „Bjó hann á báðum jörðunum, Djúpadal og Litladal, árin 1843-1849 (að báðum árum meðtöldum) eða í 7 ár. Eiríkur hafði haft í seli á Djúpadalsseli í öll þau ár, sem hann hafði búið. Á þessum árum hafði hann í Djúpadalsseli fyrri hluta sumars, en á Fjallhúsunum í Litladal síðari hlutann, því þá var hann við heyskap á engi þar nærri. Eiríkur hafði sett brú á Tungufjallsá hjá Djúpadalsseli og hafði búsmalann á næturnar í Tungufjallinu, en á daginn í Lækjarhlíð, sem er fremst á heimdalnum [...]“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 200) Eiríkur fluttist að Silfrastöðum í Blönduhlíð og bjó þar í tvö ár 1852-3 en „vorið 1854 flutti Eiríkur frá Silfrastöðum að Djúpadal aftur. [...] Mjög hafði illa verið haldið við ýmsum verkum Eiríks af ábúendum Djúpadals. Báðar brýrnar höfðu fokið, bæði á Tungufjallsá og Djúpá og hafði hún alveg eyðilagzt. En brúna á Tungufjallsá setti Eiríkur upp aftur og hélt henni við úr því. Nokkru eftir að Eiríkur hætti búskap var sú brú eyðilögð. Höfðu ábúendur Djúpadals svikizt um að bera grjót á brúarsporðana á haustin, og því fuku brýrnar, en afar byljótt og misvinda [er] í gljúfrunum.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 214) Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[...] lét hann byggja brú í gljúfrinu milli bæjanna, þar sem heitir Flagmýrarhvammur, skeytti saman jufertur (stór tré) og lagði yfir milli kletta, tvær og tvær hvoru megin. Var síðan klætt yfir á milli þeirra og gerður góður pallur. Var þetta göngubrú sem sauðfé var rekið fyrir en ekki farið með hross því að gilið er þarna alldjúpt og kletthrafl að beggja megin.“ (Byggðasaga Skagafjarðar IV, bls. 205)

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.




Mynd 12, Brúarstæði Eiríks hreppstjóra á Djúpadalsá í Flagmýrarhvamm. Ljós. Hjalti Pálsson.

Stekkurinn/Tilvera



Mynd 13, horft til suðurs yfir Stekkinn. Túngarður sést glögglega umhverfis tvo aðskilda rústahóla. Sá austari (vinstra megin á myndinni) eru leifar mannabústaðar frá 3. áratug 20. aldar, kallaður Tilvera (146275 – 234 - 63). Lítil og óljós tóft er örfá metra þar vestan við (146275 – 234 - 64). Stóri tóftahóllinn suðvestast í túninu (hægra megin) eru leifar stekkjans (146275 – 234 - 67) að öllum líkindum byggður á rústum eldri beitarhúsa (146275 – 234 - 69).



Teikning 2.



Mynd 14, horft til vesturs yfir tóftir mannabústaðar á Tilveru/Stekknunum. Ljós. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 63

Sérheiti: Stekkurinn/Tilvera

Hlutverk: Mannabústaður

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 487944 N 561906

Ástand: Hleðslur standa grónar.

Hættumat: Lítil hættu. Helsta hættan sem steðjar að þessum tóftum eru skriðuföll og ágangur

búfenaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni heiman við Húsgilið stendur Stekkurinn.“ (bls. 16). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Þar fyrir framan [Snjókuhvamm] er Stekkjarlækur, smáspræna, og Stekkjartúnið framan við hann. [...] neðst í túninu er gömul stekkjartóft, en efst er Stekkurinn.“ (bls. 12).

Lýsing:

Stekkurinn/Tilvera er á sléttum aflíðandi bala undir suðurhlíðum Glóðafeykis, um 1km frá bænum Djúpadal. Hlaðinn garður er umhverfis túnið og innan hans a.m.k. þrjár tóftir. Neðst í túninu eru leifar gamals stekkjjar á svolitlum tóftahóli, en í na-horninu eru leifar mannabústaðar á lágum hóli, um 15m vestar er svo þriðja tóftin, að því er virðist töluvert eldri en hinar. Hóllinn sem mannabústaðurinn stóð síðast á er um 1m hærri en umhverfið og um 15m í þvermál, hann teygir sig um 5m suður fyrir framhlið tóftarinnar og liggur þar hleðslugrjót á dreif. Mögulega er hér um leifar lítils öskuhaugs að ræða. Tóftin sjálf er 10x7 m að utanmáli. Veggjalög úr torfi og grjóti eru greinileg en nokkuð sokkin, 110 sm breið og mest um 50 cm há. Gengið hefur verið inn við suðvesturhorn hússins og þaðan hafa legið göng til norðurs og dyr á þeim norðan við miðju tóftarinnar inni sjálft íveruhúsið. Íveruhúsið er 2,5 x 4,5 m að innanmáli. Við vesturvegg þess eru leifar ofns, framhlið úr járn og steyp plata upp við vegginn. Norðurveggur hússins virðist hafa komið alveg upp að túngarðinum, frekar en að túngarðurinn hafi komið upp að austur og vestur enda norðurgaflsins.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen var bás fyrir eina belju við enda ganganna, og hurðin inni íveruhúsið því rétt aftan við básinn. Þetta var hins vegar ekki greinanlegt á vettvangi. Stekkurinn var aldrei kallaður Tilvera af Djúpadalsfólki, en heyrðist frá öðrum samkvæmt Sigurði. Þetta var kennt við Kristján nokkurn sem kallaður var tilveru-Stjáni og var eini ábúandinn á staðnum. Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir: „Þar eru greinilegar tóftir, enda var þar mannabústaður skamma hríð, seint á 3. tug aldarinnar. Tún er kringum Stekkinn, sem var lengi nytjað, en nú er því hætt fyrir allöngu.“ (bls. 16). Síðast var það nytjað af Sigurði Hansen sumarið 1961.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 64

Sérheiti: Stekkurinn/Tilvera

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 487927 N 561914

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Lítill hætt. Helsta hættan sem steðjar að þessum tóftum eru skriðuföll og ágangur búfenaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni heiman við Húsgilið stendur Stekkurinn.“ (bls. 16).

Lýsing:

Stekkurinn/Tilvera er á sléttum aflíðandi bala undir suðurhlíðum Glóðafeykis, um 1km frá

bænum Djúpadal. Hlaðinn garður er umhverfis túnið og innan hans a.m.k. þrjár tóftir. Neðst í túninu eru leifar gamals stekkjars á svolitlum tóftahóli, en í na-horninu eru leifar mannabústaðar á lágum hóli, um 15m vestar er svo þriðja tóftin, að því er virðist töluvert eldri en hinar. Þessi tóft er um 6x8m að utanmáli og liggur nálega norður suður, með norðurvegginn undir eða upp að túngarðinum. Tóftin er algróin og vel sokki, breidd veggja er um 1m og hæð um 20sm. Fjargata liggur þvert í gegnum suðurhluta tóftarinnar (a-v).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.



Mynd 15, horft til austurs yfir suðvesturhorn túngarðsins á Stekknun/Tilveru. Allmikill tóftahóll er innan garðsins, á honum var síðast stekkur (146275 – 234 - 67) en áður beitarhús (146275 – 234 - 69) frá Djúpadal. Ljós. GSS.

Djúpidalur 146275 – 234 - 67

Sérheiti: Stekkurinn

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 487870 N 561846

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.


Hættumat: Lítill hættu. Helsta hættan sem steðjar að þessum tóftum eru skriðuföll og ágangur búfénaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni heiman við Húsgilið stendur Stekkurinn.“ (bls. 16).

Lýsing:

Stekkurinn/Tilvera er á sléttum aflíðandi bala undir suðurhlíðum Glóðafeykis, um 1km frá bænum Djúpadal. Hlaðinn garður er umhverfis túnið og innan hans a.m.k. þrjár tóftir. Neðst í túninu eru leifar gamals stekkjars á svolitlum tóftahóli, en í na-horninu eru leifar mannabústaðar á lágum hóli, um 15m vestar er svo þriðja tóftin, að því er virðist töluvert eldri en hinar. Hóllinn sem stekkurinn stendur á er um 20x18m að ummáli. Stekkjartóftin er



Teikning 3.

algróin en vel greinileg og grjót sést í veggjum á stöku stað. Tóftirnar eru alls um 10x16m frá norðri til suðurs og skiptast í þrennt, stekkurinn sjálfur að vestan, hólfi og lamakró norðan við hana, svo er stærra hólfi austan við sem stendur um 50sm neðar, eins og lítil rétt eða aðhald með austurvegg sem kemur í boga suður fyrir hornið á stekknunum. Breidd veggja er 1-1,5m, breiðastir að vestanverðu, þar sem meira hefur hrunið, mesta hæð veggja er 60sm. Túngarðurinn liggur um 10 m neðar í brekkunni.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 68

Sérheiti: Stekkurinn

Hlutverk: Óþekkt/Varnargarður?

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 487884 N 561863

Ástand: Hleðslur fallnar, grónar.

Hættumat: Lítill hættu. Helsta hættan sem steðjar að þessum tóftum eru skriðuföll og ágangur búfénaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni heiman við Húsgilið stendur Stekkurinn.“

Lýsing:

Stekkurinn/Tilvera er á sléttum aflíðandi bala undir suðurhlíðum Glóðafeykis, um 1km frá bænum Djúpadal. Hlaðinn garður er umhverfis túnið og innan hans a.m.k. þrjár tóftir. Neðst í túninu eru leifar gamals stekkjars á svolitlum tóftahóli, en í norðausturhorninu eru leifar mannabústaðar á lágum hólfi, um 15m vestar er svo þriðja tóftin, að því er virðist töluvert eldri en hinar. Austan og norðan við stekkjartóftina er 2m breitt og um 60sm hátt garðlag sem liggur frá túngarðinum austan tóftarinnar í boga upp fyrir tóftirnar. Líklega til varnar skriðuföllum á stekkinum. Í framhaldi af garðinum til suðausturs niður í Stekkjarhvamm er eins og farvegur eða gata.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 69

Sérheiti: Stekkurinn/Tilvera

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni heiman við Húsgilið stendur Stekkurinn.“ (bls. 16).

Lýsing:

Engar öruggar vísbendingar fundust um beitarhús á Stekknum, en þar var síðast stekkur á hólnum neðarlega suðvestan til á túninu en mannabústaður upp við garðinn að norðaustan (seint á 3. Tug aldarinnar). Beitarhúsin hafa að líkindum staðið á öðrum hvorum þessara staða og verður að teljast líklegra að það hafi verið suðvestan til á túninu enda er þar svolitilli tóftahóll undir stekkjarrústunum.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu Stefáns Jónssonar segir: „Enn er frá því sagt [...] að á beitarhúsum Eiríks í Djúpadal hvarf sauður einn úr húsunum um nótt og aðra nótt annar sauður. Hugðu menn, að þjófar mundu valda. Þá var Bjarni sonur Eiríks ungur maður eða nokkuð innan við tvítugt að sögn. [...] Beitarhús voru þá tvenn, önnur þar sem nú er Dalsstekkur, en hin á Dalsseli.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 61-62) Þetta virðist því hafa verið eitthvað fyrir 1750.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 65

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 487845 N 561920

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítill hættu. Helsta hættan sem steðjar að þessum tóftum eru skriðuföll og ágangur búfénaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni heiman við Húsgilið stendur Stekkurinn.“ (bls. 16).

Lýsing:

Umhverfis túnið sem umlykur tóftirnar á Stekknum er hlaðinn túngarður, norðurhliðin er grjóthlaðin ofan á skriðu um 30sm há og 70sm breið en hinar hliðarnar að miklu leyti úr torfi, á bilinu 70-100sm breiðar og mest um 50sm háar. Garðurinn er víða rofinn eftir götur sem troðist hafa yfir hann, hlið var á norðvesturhorni garðsins.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal: „Þar eru greinilegar tóftir, enda var þar mannbústaður skamma hríð, seint á 3. tug aldarinnar. Tún er kringum Stekkinn, sem var lengi nytjað, en nú er því hætt fyrir alllöngu.“ (bls. 16). Síðast var það nytjað af Sigurði Hansen sumarið 1961.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen



Mynd 16, horft til vesturs eftir norðurhlið túngarðsins umhverfis Stekkinn/Tilveru. Ljós. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 66

Sérheiti: Stekkjarlækur

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lækur

Staðsetning:

A 487798 N 561926

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni heiman við Húsgilið stendur Stekkurinn.“ (bls. 16). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Þar fyrir framan [Snjúkuhvam] er Stekkjarlækur, smáspræna, og Stekkjartúnið framan við hann.“ (bls. 12).

Lýsing:

Stekkjarlækurinn var þurr þegar farið var á vettvang 26. Júlí 2007, enda búnir að vera miklir þurrkar. Farvegurinn er þó greinilegur og liggur vegslóðinn í gegnum hann um 50m norðvestan við norðvesturhorn túngarðsins.


Aðrar upplýsingar:

Líklega hefur lækurinn verið notaður sem vatnsból, en hafi hann þrotið þá er örstutt að ná í vatn niður í á. Vélgrafinn skurður er ofan við veginn sem Sigurður gróf 1979.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen



Loftmynd 4, Tilvera/Stekkurinn.

Djúpidalur 146275 – 234 - 70

Sérheiti: Stekkjarvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Vað

Ástand: Í notkun

Staðsetning: A 488003 N 561761

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni heiman við Húsgilið stendur Stekkurinn.“ (bls. 16).

Lýsing:

Stekkjjarvað er niður undan Stekkjarhvammi framanverðum (austanverðum) til móts við múlann hinumegin ár sem skagar til norðurs og setur hlykk á ána.

Aðrar upplýsingar:

Það er tilgáta Sigurðar Hansen að brennumenn undir forustu Eyjólfssonar hafi farið þar um á haustdögum 1253 er þeir fóru að Gissuri á Flugumýri. En það er sagt að þeir hafi farið yfir Djúpá ofarlega er þeir riðu út Blönduhlíðina og því ekki um marga aðra staði að ræða, en þetta er fyrsti færi staðurinn á ánni framan við Bæjargilið.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen



Mynd 17, horft til suðurs yfir rústir fjárborgar (146275 – 234 – 71) í Miðfjalli, austast á gróinni skriðu úr Húsgilinu. Ljós. GSS.

Djúpidalur 146275 – 234 - 71

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Tóft


Staðsetning: A 488302 N 561946

Ástand: Hleðslur fallnar og grónar

Hættumat: Lítill hætta. Þessum mannvirkjum stafar helst hætta af skriðuföllum og ágangi búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á þrem stöðum í Dalnum sjást merki eftir fjárborgir, sem Mera-Eiríkur er sagður hafa látið gera fyrir fé sitt til skjóls á vetrum. Er ein þeirra heimast á svonefndum Miðfjallsgrundum, skammt fyrir ofan göturnar, sem farnar eru fram Dalinn. Er þar einföld tóft. Önnur svipuð tóft er í



Teikning 4

Hrútafjallinu, framan við Hrútaskriður, sem koma úr Hrútagili, og á svipuðum slóðum er önnur, öllu stærri. Jón Eiríksson nefnir einnig byrgistöftir alveg fram við Krákugil.“ (bls. 15).

Lýsing:

Tóftir eru vestast á Miðfjallsgrundum, austast á grónum skriðum úr Húsgilinu. Um 10 m frá „nýlegri“ ógrónum skriðum, 15m ofan vegslóðans fram dalinn. Svo virðist sem um tvær tóftir sé að ræða, eða tóft og einhverskonar rétt eða aðhald fyrir skepnur vestan við hana. Hin eiginlega tóft liggur norður suður og er 4,5x7,5m að utanmáli, veggir mest um 75sm breiðir og 25sm háir. Rof er í veggjum að norðanverðu en annars er tóftin vel gróin. Dyr virðast hafa verið mót suðri undan brekkunni. Vestan við þessa tóft eru óljós veggjalög, mögulega leifar eldra mannvirkis af einhverju tagi eins og áður segir. Ekki er hægt að greina útbrúnir veggja en greinileg gróðurskil eru þarna, ferhyrndur flötur um 9x7m með grænu grasi en um 20sm hár bakki að norðan og vestan. Umhverfis er skriða og fremur rýr gróður. Ekki er hægt að útiloka að þetta sé náttúrulegt þótt margt bendi til annars. Skriða hefur runnið niður hlíðina á norðurvegg aðaltóftarinnar og inni mögulegt mannvirku þar vestan við.

Aðrar upplýsingar:

Um fjárborgir Mera-Eiríks segir Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum: „Lét hann fé sitt lifa á útigangi, svo sem frekast kostur var, sem þá var alls staðar títt. Byggði hann fjárbyrgi eða borgir með hverju gili fram allan dalinn, og hljóp féð í byrgi þessi, þegar hríðar gerði og illviðri. Mátti svo heita, að féð lægi úti vetur alla, nema í aftökum; er og Djúpadalslandi viðbrugðið fyrir veðursæld, þó landgæði séu eigi meiri en sæmileg.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 44.) Mera-Eiríkur er talinn fæddur um 1690, en óvíst hvenær hann deyr, hann keypti Djúpadal 1733, en sonur hans Bjarni er tekin við búi 1755.) Í bókinni saga Eiríks Magnússonar (Mera-Eiríks) segir: „oft komu góðir vetrar í tíð Eiríks, lét hann þá gera fjárborgir með hverju gili á Dalsdal, og sjást þau merki enn í dag og hljóp féð ofan með giljunum þegar hríðar gerðu og borgirnar og var það mikil hlífð fyrir það“ (Símon Eiríksson 1912, bls. 11).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Símon Eiríksson. *Saga Eiríks Magnússonar (Mera-Eiríks)*. Eyrarbakka: Símon Bjarnason Dalaskáld, 1912.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 72

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Heimild

Ástand: Horfin

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á þrem stöðum í Dalnum sjást merki eftir fjárborgir, sem Mera-Eiríkur er sagður hafa látið gera fyrir fé sitt til skjóls á vetrum. Er ein þeirra heimast á svonefndum Miðfjallsgrundum, skammt fyrir ofan göturnar, sem farnar eru fram Dalinn. Er þar einföld tóft. Önnur svipuð tóft er í Hrútafjallinu, framan við Hrútaskriður, sem koma úr Hrútagili, og á svipuðum slóðum er önnur, öllu stærri. Jón Eiríksson nefnir einnig byrgistöftir alveg fram við Krákugil.“ (bls. 15).

Lýsing:

Fannst ekki við skráningu á vettvangi 26. Júlí 2007, hugsanlega farin undir skriðu.

Aðrar upplýsingar:

Um fjárborgir Mera-Eiríks segir Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum: „Lét hann fé sitt lifa á útigangi, svo sem frekast kostur var, sem þá var alls staðar títt. Byggði hann fjárbyrgi eða

borgir með hverju gili fram allan dalinn, og hljóp féð í byrgi þessi, þegar hríðar gerði og illviðri. Mátti svo heita, að féð lægi úti vetur alla, nema í aftökum; er og Djúpadalslandi viðbrugðið fyrir veðursæld, þó landgæði séu eigi meiri en sæmileg.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 44.) Mera-Eiríkur er talinn fæddur um 1690, en óvíst hvenær hann deyr, hann keypti Djúpadal 1733, en sonur hans Bjarni er tekin við búi 1755.)

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 113

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðsetning: A 488654 N 561943

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítill hætta. Þessu mannvirki stafar helst hætta af skriðuföllum.

Staðhættir:

Á Hrútaskriðu

Lýsing:

Lítill varða, þrjár til fjórar steinaraðir um 60-70 sm í þvermál, um 50 sm há. Lítur ekki út fyrir að hafa verið stærri.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Bjarni [bóndi í Djúpadal eftir Mera-Eirík föður sinn] var oftast svo búinn að hann var í ljósbláum fötum og grænu vesti eða bol, og þótti það hæsti móður á heldir bændum; hafði hann rauðan trefil um hálsinn og blóðrauða skinnhúfu á höfði. Var það eitt sinn, að hann reið fram á Djúpadal um sumar að gamni sínu. Sá hann þá, að há grjótvarða var komin á hverri skriðu fram dalinn, með rauðum steini ofan á, og þótti honum þetta kynlegt og spurði smaladrengr sinn, hvað þetta ætti að merkja. Smalinn mælti: „Vörðurnar hefi eg hlaðið að gamni mínu í hjásetunni mér til dægurstyttingar, en þar sem steinninn er ofan á er það í líking húsbóndans.“ Bjarni hló og mælti: „Ojæja, drengur minn, lítið er ungs manns gaman, og er þetta bara gott hjá þér.““ (Stefán Jónsson 1984, bls. 69.)

Mynd 18, óþekkt varða (146275 – 234 - 113) á Hrútaskriðu, sú efsta af þremur. Horft inn Djúpadal, Tungufjall á vinstri hönd og Akradalur hlíðin á móti. Fagrahlíð sést í fjarska milli hlíðanna. *Ljósm. BZ.*

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 114

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðsetning: A 488663 N 561926

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítill hætta. Þessu mannvirki stafar helst hætta af skriðuföllum.

Staðhættir:

Á Hrutaskriðu

Lýsing:

Nokkrir steinar hvor ofan á öðrum. Greinilegt mannaverk en ákaflega lítilfjörleg varða. Hæð um 40 sm, þvermál 40sm.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Bjarni [bóndi í Djúpadal eftir Mera-Eirík föður sinn] var oftast svo búinn að hann var í ljósbláum fötum og grænu vesti eða bol, og þótti það hæsti móður á heldir bændum; hafði hann rauðan trefil um hálsinn og blóðrauða skinnhúfu á höfði. Var það eitt sinn, að hann reið fram á Djúpadal um sumar að gamni sínu. Sá hann þá, að há grjótvarða var komin á hverri skriðu fram dalinn, með rauðum steini ofan á, og þótti honum þetta kynlegt og spurði smaladrengr sinn, hvað þetta ætti að merkja. Smalinn mælti: „Vörðurnar hefi eg hlaðið að gamni mínu í hjásetunni mér til dægrastyttingar, en þar sem steinninn er ofan á er það í líking húsbóndans.“ Bjarni hló og mælti: „Ojæja, drengur minn, lítið er ungs manns gaman, og er þetta bara gott hjá þér.““ (Stefán Jónsson 1984, bls. 69.)

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.



Mynd 19, óþekkt varða (146275 – 234 - 114) á Hrutaskriðu. Horft til vesturs. Ljós. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 115

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðsetning:

A 488630 N 561908

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítil hætta. Þessu mannvirki stafar helst hætta af skriðuföllum.

Staðhættir:

Á Hrutaskriðu

Lýsing:

Aflöng hleðsla um þrjár til fjórar hleðsluhæðir. Lengd um 2 m, breidd 50 sm. hæð um 50 sm. Lítur ekki út fyrir að hafa verið stærri.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Bjarni [bóndi í Djúpadal eftir Mera-Eirík föður sinn] var oftast svo búinn að hann var í ljósbláum fötum og grænu vesti eða bol, og þótti það hæsti móður á heldir bændum; hafði hann rauðan trefil um hálsinn og blóðrauða skinnhúfu á höfði. Var það eitt sinn, að hann reið fram á Djúpadal um sumar að gamni sínu. Sá hann þá, að há grjótvarða var komin á hverri skriðu fram dalinn, með rauðum steini ofan á, og þótti honum



Mynd 20, óþekkt hleðsla (146275 – 234 - 115) á Hrutaskriðu. Lengst til vinstri er suðurhlið Tungufjallsins, Akradalur á mótí og Fagrahlið á milli. Ofarlega lengst til hægri er Grjótárdalur. Ljós. BZ.

þetta kynlegt og spurði smalaðreng sinn, hvað þetta ætti að merkja. Smalinn mælti: „Vörðurnar hefi eg hlaðið að gamni mínu í hjásetunni mér til dægurstyttingar, en þar sem steinninn er ofan á er það í líking húsbóndans.“ Bjarni hló og mælti: „Ojæja, drengur minn, lítið er ungs manns gaman, og er þetta bara gott hjá þér.““ (Stefán Jónsson 1984, bls. 69.)

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 73

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 488847 N 562000

Ástand: Hleðslur fallnar og að mestu grónar

Hættumat: Lítill hættu. Þessari tóft stafar helst hættu af skriðuföllum og ágangi búfjár.

Staðhættir:


Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á þrem stöðum í Dalnum sjást merki eftir fjárborgir, sem Mera-Eiríkur er sagður hafa látið gera fyrir fé sitt til skjóls á vetrum. Er ein þeirra heimast á svonefndum Miðfjallsgrundum, skammt fyrir ofan göturnar, sem farnar eru fram Dalinn. Er þar einföld tóft. Önnur svipuð tóft er í

Hrútafjallinu, framan við Hrútaskriðu, sem koma úr Hrútagili, og á svipuðum slóðum er önnur, öllu stærri. Jón Eiríksson nefnir einnig byrgistöftir alveg fram við Krákugil.“ (bls. 15).



Mynd 21, horft til suðurs yfir tóftir fjárbyrgis (146275 – 234 – 73) austast á Hrútaskriðu. Í bak sýn er Grjótárdalur og Grjótá sem rennur í Djúpadalsá. Ljós. BZ.

dalinn, og hljóp féð í byrgi þessi, þegar hríðar gerði og illviðri. Mátti svo heita, að féð lægi úti vetur alla, nema í aftökum; er og Djúpadalslandi viðbrugðið fyrir veðursæld, þó landgæði séu eigi meiri en sæmileg.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 44.) Mera-Eiríkur er talinn fæddur um



Teikning 5

Lýsing:

Austast á grónum skriðum úr Hrútagilinu, um 40m ofan vegslóðans er tóft. Líklega er hér um að ræða stærri tóftina af tveimur sem þar eiga að vera samkvæmt örnefnaskrá Páls, þar sem hin minni á að vera svipuð þeirri sem er á Miðfjallsgrundunum. Sú tóft er aðeins um 7x6m að utanmáli en sú sem hér um ræðir er mun stærri eða um 14x7m. Tóftin stendur í svolitlum halla til SA, hún virðist vera a.m.k. tvískipt og liggur NV-SA með dyr til SA. Engar greinilegar dyr eru á milli hólfanna. Veggir eru um 40sm háir þar sem þeir eru hæstir. Víðast eru þeir útflattir um 120-150sm. Nokkuð grjót er í veggjum og inni syðrihluta tóftarinnar.

Aðrar upplýsingar:

Um fjárborgir Mera-Eiríks segir Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum: „Lét hann fé sitt lifa á útigangi, svo sem frekast kostur var, sem þá var alls staðar títt. Byggði hann fjárbyrgi eða borgir með hverju gili fram allan

1690, en óvíst hvenær hann deyr, hann keypti Djúpadal 1733, en sonur hans Bjarni er tekin við búi 1755.)

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 112

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðsetning: A 489302 N 561963

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítill hætta. Þessu mannvirki stafar helst hætta af skriðuföllum.



Staðhættir:

Á skriðu úr heimara Selgili.

Lýsing:

Varðan er mikil að grunnfleti 3x3m, með stóru grjóti. Neðst að norðanverðu er steinunum haganlega fyrir komið en efri hlutinn og hinar hliðarnar ólögulegri, líkt og þar hafi grjótinu verið hrúgað upp, frekar en að það hafi hrunið. Hæð mest um 60-70sm, aldur óviss.

Mynd 22, varða (146275 – 234 - 112) á Skriðu úr heimara Selgili. Ljós. BZ.


Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Bjarni [bóndi í Djúpadal eftir Mera-Eirík föður sinn] var oftast svo búinn að hann var í ljósbláum fötum og grænu vesti eða bol, og þótti það hæsti móður á heldir bændum; hafði hann rauðan trefil um hálsinn og blóðrauða skinnhúfu á höfði. Var það eitt sinn, að hann reið fram á Djúpadal um sumar að gamni sínu. Sá hann þá, að há grjótvarða var komin á hverri skriðu fram dalinn, með rauðum steini ofan á, og þótti honum þetta kynlegt og spurði smaladrengr sinn, hvað þetta ætti að merkja. Smalinn mælti: „Vörðurnar hefi eg hlaðið að gamni mínu í hjásetunni mér til dægrastyttingar, en þar sem steinninn er ofan á er það í líking húsbóndans.“ Bjarni hló og mælti: „Ojæja, drengur minn, lítið er ungs manns gaman, og er þetta bara gott hjá þér.““ (Stefán Jónsson 1984, bls. 69.)

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.


Djúpadalssel



Teikning 6, Selið og fornbýlið á Kvíhól.



Mynd 23, horft til suðurs úr hlöðutóft beitarhúsanna (146275 – 234 - 74) á Selinu. Ljósm. BZ.



Teikning 7

Djúpidalur 146275 – 234 - 74

Sérheiti: Sel

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóftir

Staðsetning:

A 489751 N 561971

Ástand: Hleðslur standa grónar.

Hættumat: Lítil hætta. Helsta hættan stafar af aurskriðum og ágangi búfjár.



Mynd 24, vestan við beitarhúsin er áfastur tryppakofi. Horft til suðurs. Ljósm. BZ.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni gegnt Tungufjallssporði, norðan ár, heitir Sel, en grundirnar kallast Selgrundir, og er þar mikið og gott graslendi. Þar var haft í seli frá Djúpadal. Á selinu voru lengi beitarhús, sem Jón Eiríksson reisti, og sjást þar enn merki.“ (bls. 15).

Lýsing:

Beitarhúsatóftirnar standa á svolítili upphækkun eða lágum hól (20x20m) og augljóst að byggt er á eldri tóftum. Tóftir beitarhússins eru mjög greinilegar. Fjánhús með tveimur gördum, liggur nálega norður-suður og norðan við hlaða sem liggur austur-vestur og innangengt á milli. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, breidd veggja á bilinu 75-110sm og hæðin 70-120sm. Þá eru leifar kofa utan á vesturvegg fjárhúsanna sem tryppi voru höfð í samkvæmt Sigurði Hansen. Kofinn liggur samsíða húsunum með sameiginlegan vegg að austan, innanmál hans er um 4x1,5m, dyr til suðurs. Austanundir beitarhúsunum eru leifar eldri tófta sem beitarhúsin virðast haf verið byggð ofan á að hluta. Um er að ræða tvískipta tóft, um 12x6m að utan máli, sem liggur samsíða beitarhúsunum. Norðara hólfið er tæplega 3x3m að innanmáli en það syðra tæplega 4x3m. Veggir eru jarðsokknir og lítið grjót sjáanlegt, mesta breidd um 50sm og mesta hæð 20sm. Hlaðinn kantur er framan við beitarhúsin að sunnan, um 30sm hár.

Aðrar upplýsingar:

Í aftanmálgrein í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir: „Seinast mun hafa verið haft í seli þar í búskapartíð Valgerðar Eiríksdóttur, ömmu þeirra Jóns og Skarphéðins.“ (bls. 21). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „[...] síðast voru þar beitarhús, sem Jón reisti og gekk á í átta ár, og sjást rústirnar enn. Fyrr á tíð voru þar sauðahús um langan aldur.“ (bls. 14). Samkvæmt Sigurði Hansen endurbyggði Jón eldri garð á selinu um 1930 og jók þá við hann til norðurs. Hann var þá með beitarhús á Selinu og heyjaði innan garðsins.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 75

Sérheiti: Sel

Hlutverk: Sel/Sauðahús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489761 N
561970

Ástand: Hleðslur grónar

Hættumat: Lítil hætta. Helsta hættan stafar af aurskriðum og ágangi búfjár.



Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni gegnt Tungufjallssporði, norðan ár, heitir Sel, en grundirnar kallast Selgrundir, og er þar mikið og gott graslendi. Þar var haft í seli frá Djúpadal.“ (bls. 15).

Mynd 25, horft til suðurs yfir gamlar tóftir (146275 – 234 - 75) austan við beitarhúsin á Selinu, svo virðist sem beitarhúsin (146275 – 234 - 74) hafi verið byggð a.m.k. að hluta ofan á eldri tóftum. Ljósm. BZ.

Lýsing:

Austanundir beitarhúsunum eru leifar eldri tófta sem beitarhúsin virðast haf verið byggð ofan á að hluta. Um er að ræða tvískipta tóft, um 12x6m að utan máli, sem liggur samsíða beitarhúsunum. Norðara hólfið er tæplega 3x3m að innanmáli en það syðra tæplega 4x3m. Veggir eru jarðsokknir og lítið grjót sjáanlegt, mesta breidd um 50sm og mesta hæð 20sm. Hlaðinn kantur er framan við beitarhúsin að sunnan, um 30sm hár.


Aðrar upplýsingar:

Þessar tóftir gætu verið leifar selbygginga eða sauðahúss. Í aftanmálgrein í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir: „Seinast mun hafa verið haft í seli þar í búskapartíð Valgerðar Eiríksdóttur, ömmu þeirra Jóns og Skarphéðins.“ (bls. 21) Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „[...] síðast voru þar beitarhús, sem Jón reisti og gekk á í átta ár, og sjást rústirnar enn. Fyrir á tíð voru þar sauðahús um langan aldur.“ (bls. 14)

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.



Teikning 8



Mynd 26, horft til suðurs af beitarhúsunum á Selinu. Jarðsokkið hringlaga mannvirki (146275 – 234 - 79), hugsanlega gömul rétt.

Djúpdalur 146275 – 234 - 79

Hlutverk: Óþekkt/rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489761 N 561970

Ástand: Hleðslur grónar

Hættumat: Lítil hættu. Helsta hættan stafar af aurskriðum og ágangi búfjár.

Staðhættir:

Í ornefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni gegnt Tungufjallssporði, norðan ár, heitir Sel, en grundirnar kallast Selgrundir, og er þar mikið og gott graslendi. Þar var haft í seli frá Djúpadal.“ (bls. 15).

Lýsing:

Um 7m neðan (sunnan) við beitarhúsatóftirnar eru aðrar eldri tóftir. Alls eru tóftirnar um 16x15m að ummáli og má segja að þær liggi norðaustur-suðvestur. Syðst er mjög greinilegt hringlaga mannvirki, um 13m í þvermál að utanverðu en 6m að innan. Mesta breidd veggja 3,3m og hæð 50sm. Hringurinn virðist hafa verið opinn til norðurs, en þar ganga tveir veggir samsíða til norðausturs, sá austari um 8m langur og hinn vestari um 9m. Smá þrep er upp í ganginn sem þessir tveir veggir mynda og gæti það hafa verið veggur sem lokað hefur á milli hringins og gangins. Þrem metrum norðar mótar fyrir öðrum eins vegg sem gengur þvert yfir ganginn, um 1m breiður og um 20sm há. Þá er aftur þúfa eða leifar veggs nyrst í ganginum sem gengur um 2m til norðvesturs frá eystri veggnum í átt til hins og skilur eftir um 1m breiðar dyr á norðurenda gangins. Þetta er því eins og tvískipt tóft sem gengur til norðausturs frá hringnum norðanverðum. Vestan við þetta má sjá móta fyrir annarri einfaldri tóft (2,3x2,4m að innanmáli, veggir 70sm breiðir og um 30-40sm háir) og þúfum framan við hana sem gætu verið hrun.

Aðrar upplýsingar:

Hugsanlega eru þetta leifar réttar sem var á Selgrundunum á tímum Mera-Eiríks Bjarnasonar. Mera-Eiríkur er talinn fæddur um 1690, en óvíst hvenær hann deyr, hann keypti Djúpadal 1733, en sonur hans Bjarni er tekin við búi 1755.) Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum: „Eiríkur lét hundinn smala allan dalinn upp í kletta, en gekk sjálfur eftir götunum allt fram að Djúpadalsseli; þar var fjárrétt, og staðnæmdist Eiríkur þar.“ (Stefán Jónsson 1984 bls. 54.)

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.
Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 76**Sérheiti:** Sel**Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Grjóthleðsla**Staðsetning:** A 489717 N 562025**Ástand:** Hleðslur standa að mestu**Hættumat:** Lítill hættu. Helsta hættan stafar af aurskriðum og ágangi búfjár.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni gegnt Tungufjallssporði, norðan ár, heitir Sel, en grundirnar kallast Selgrundir, og er þar mikið og gott graslendi. Þar var haft í seli frá Djúpadal.“ (bls. 15).

Lýsing:

Að vestan er garðurinn nokkuð vel standandi, hann er grjóthlaðinn um 1m að breidd og allt að 110sm hár og liggur frá malarbakkanum til nna-ssv á 80m kafla, hrúnið hefur úr honum á nokkrum stöðum.

Að norðan um 36m norðaustur af norðurenda vesturhliðarinnar er um 15m

langur varnargarður grjóthlaðinn úr voldugu hleðslugrjóti um 60sm hár. Skriða hefur fallið á garðinn og fyllt upp að honum að norðanverðu. Að austan liggur garðurinn í frá malarbakkanum að sunnan til nna um 20m og tekur þá stefnu til nnv í aflíðandi boga sem kreppist eftir um 60m meira til vesturs. Á þessum kafla er garðurinn allur lægri og verr farinn sérstaklega að norðan. Í framhaldi af þessu má rekja slóð steina í grassverðinum áfram til suðvesturs með stefnu í miðjan vesturvegginn. Greinilegt er að hér er um a.m.k. tvö byggingarskeið að ræða, eldri garður hefur legið innan hins yngri, sem virðist þó hafa verið hlaðinn upp að hluta til í upprunalegu horfi.

Aðrar upplýsingar:

Í aftanmálgrein í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir: „Seinast mun hafa verið haft í seli þar í búskapartíð Valgerðar Eiríksdóttur, ömmu þeirra Jóns og Skarphéðins.“ (bls. 21). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „[...] síðast voru þar beitarhús, sem Jón reisti og gekk á í átta ár, og sjást rústirnar enn. Fyrr á tíð voru þar sauðahús um langan aldur.“ (bls. 14). Samkvæmt Sigurði Hansen hlóð Jón garðinn upp að vestan um 1930, en girti ofan á austurhluta gamla garðsins að sunnan til norðausturs, þaðan tók girðingin svo stefnu til vesturs í norðurhornið grjótgarðinum. Veggstubburinn upp í brekkunni ofan við slóðann telur Sigurður að hafi verið til að varna því að skriður rynnu niður á Seltúnið og virðist garðurinn hafa þjónað því hlutverki sínu vel.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Heimildamaður Sigurður Hansen



Mynd 27, horft til suðurs eftir túngarðinum (146275 – 234 – 76) vestan við Selid í Djúpadal. Ljós. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 77

Sérheiti: Sel

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Grjóthleðsla

Staðsetning: A 489751 N 562062

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítill hættu. Ekki er um eiginlega fornleifa að ræða en öll mannvirki sem hlaðin eru úr torfi og grjóti og bera vott um fornt verklag eru skráð. Því fær þetta mannvirki að fylgja með. Helsta hættan sem að þessu mannvirki steðjar er af skriðuföllum og ágangi búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni gegnt Tungufjallssporði, norðan ár, heitir Sel, en grundirnar kallast Selgrundir, og er þar mikið og gott graslendi. Þar var haft í seli frá Djúpadal.“ (bls. 15).

Lýsing:

Um 80m norður af beitarhúsatóftunum á Selinu (um 36m norðaustur af norðurenda túngarðsins að vestan) er um 15m langur varnargarður grjóthlaðinn úr voldugu hleðslugrjóti um 60sm hár. Skriða hefur fallið á garðinn og fyllt upp að honum að norðanverðu.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „[...] síðast voru þar beitarhús, sem Jón reisti og gekk á í átta ár, og sjást rústirnar enn. Fyrr á tíð voru þar sauðahús um langan aldur.“ (bls. 14). Samkvæmt Sigurði Hansen hlóð Jón garðinn upp að vestan um 1930, en girti ofan á austurhluta gamla garðsins að sunnan til norðausturs, þaðan tók girðingin svo stefnu til vesturs í norðurhornið grjótgarðinum. Veggstubburinn upp í brekkunni ofan við slóðann telur Sigurður að hafi verið til að varna því að skriður rynnu niður á Seltúnið og virðist garðurinn hafa þjónað því hlutverki sínu vel.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 78

Sérheiti: Sel

Hlutverk: Túngarður (eldri)

Tegund: Grjóthleðsla

Staðsetning: A 489754 N 562021

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Lítill hættu. Helsta hættan sem að þessu mannvirki steðjar er af skriðuföllum og ágangi búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni gegnt Tungufjallssporði, norðan ár, heitir Sel, en grundirnar kallast Selgrundir, og er þar mikið og gott graslendi. Þar var haft í seli frá



Mynd 28, horft í vestur eftir eldri túngarði norðan við Selid í Djúpadal. Ljósm. BZ.

Djúpadal.“ (bls. 15).

Lýsing:

Að vestan er garðurinn nokkuð vel standandi, hann er grjóthlaðinn um 1m að breidd og allt að 110sm hár og liggur frá malarbakkanum til nna-ssv á 80m kafla, hrúnið hefur úr honum á nokkrum stöðum. Að norðan um 36m norðaustur af norðurenda vesturhliðarinnar er um 15m langur bútur af garðinum, einnig grjóthlaðinn úr völdugu hleðslugrjóti um 60sm hár. Skriða hefur fallið á garðinn og fyllt upp að honum að norðanverðu. Að austan liggur garðurinn í frá malarbakkanum að sunnan til nna um 20m og tekur þá stefnu til nnv í aflíðandi boga sem kreppist eftir um 60 m meira til vesturs. Á þessum kafla er garðurinn allur lægri og verr farinn sérstaklega að norðan. Í framhaldi af þessu má rekja slóð steina í grassverðinum áfram til suðvesturs með stefnu í miðjan vesturvegginn. Greinilegt er að hér er um a.m.k. tvö byggingarskeið að ræða, eldri garður hefur legið innan hins yngri, sem virðist þó hafa verið hlaðinn upp að hluta til í upprunalegu horfi.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „[...] síðast voru þar beitarhús, sem Jón reisti og gekk á í átta ár, og sjást rústirnar enn. Fyrr á tíð voru þar sauðahús um langan aldur.“ (bls. 14) Samkvæmt Sigurði Hansen endurbyggði Jón eldri garð á selinu um 1930 og jók þá við hann til norðurs. Hann var þá með beitarhús á Selinu og heyjaði innan garðsins. Óvíst er hins vegar hvort hann hefur lokið við að hlaða garðinn alla leið til norðurs þar sem veggstubburinn er greinilegur í dag eða hvort það verk hafi aldrei verið klárað og látið nægja að girða ofan á gamla garðinum að norðan.



Mynd 29, garðurinn er mjög vel uppistandandi á kafla syðst. Horft í vestur. Ljósm. BZ

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.
Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.
Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 118

Sérheiti: Sellækur

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lækur

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Á grundinni gegnt Tungufjallssporði, norðan ár, heitir Sel, en grundirnar kallast Selgrundir, og er þar mikið og gott graslendi. Þar var haft í seli frá Djúpadal.“ (bls. 15). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Seltúnið er í kringum selið. [...] Sellækur rennur um túnið.“ (bls. 14).

Lýsing:

Lækurinn var þurr þegar farið var á vettvang í ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Líklega hefur lækurinn þjónað hlutverki vatnsbóls fyrir selið. En stutt er í ána hafi hann

þornað.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 80

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Ástand: Horfnar

Staðhættir:

Í túninu umhverfis selið (146275 – 234 – 75).

Lýsing:

Engin merki þessara kvía sjást, enda þess ekki að vænta þar sem um færirkvíar er að ræða. Svæðið er hins vegar vel gróið umhverfis Selið bæði utan túns og innan.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson frá Eiríki hreppstjóra í Djúpadal: „Bjó hann á báðum jörðunum, Djúpadal og Litladal, árin 1843-1849 (að báðum árum meðtöldum) eða í 7 ár. [...] Flest hafði Eiríkur í seli 150 ær eitt eða tvö sumur, sem hann hafði Litladal með, en þótti það fullmargt. Jafnaðarlega mun hann hafa haft 80-100 ær í kvíum eða rúmt það, stöku sinnum allt að stórt hundrað. [þ.e. 120]“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 200) Enn segir Stefán: „Eftir að Eiríkur tók Litladal, hafði hann þann sið að setja færirkvíar þar á hólana, því ill rækt var í túninu. Gerði hann þetta seinnipart sumars. Ræktaðist túnið mjög við þetta. Í Djúpadal hafði Eiríkur og færirkvíar á Dalsseli og græddi þar út túnblett með því móti. En á vetrum hafði hann ætið sauðina þar á selinu [...]“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 201-2)

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 119

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 489849 N 561904

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Nokkur hættu. Hleðslurnar eru nálægt malarbrúninni og gætu verið í hættu ef hrynur úr bakkanum.

Staðhættir:

Við brún malarbakkans við Djúpaldalsá um 35m framan við tún-garðinn umhverfis Selið (146275 – 234 – 75).

Lýsing:

Lág hringlaga hleðsla um 1x1m í ummál.

Aðrar upplýsingar:

Þetta gæti verið fallin varða eða hleðsla eftir smala eða eitthvað slíkt, jafnvel eins og gömul undirstaða undir girðingastaur en engar heimildir eru um að girt hafi verið þarna og kannast



Mynd 30, óþekkt hleðsla á malarbakkanum suðaustur af Selinu í Djúpadal. *Ljósm BZ*.

Sigurður Hansen ekki við það. Staðsetningin er ekki óeðlileg fyrir kuml, á malarbakka utan garðs nokkur hundruð metra frá fornþýli, sem gæti hugsanlega verið frá landnámsöld. Þó er ekkert sem bendir sérstaklega til þess að túlkun af þessu tagi eigi rétt á sér, né heldur neitt sem útilokar hana.

Djúpidalur 146275 – 234 - 120

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 489965 N 561894

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Nokkur hætta. Hleðslurnar eru nálægt malarbrúninni og gætu verið í hættu ef hrynur úr bakkanum.



Staðhættir:

Við brún malarbakkans við Djúpaldalsá um austast á Selgrundum.

Lýsing:

Lág óljós hleðsla um 2x1m í ummál, með nokkuð stórum steinum.


Mynd 31, óþekkt hleðsla (146275 – 234 - 120) suðaustast á Selgrundunum, suður af Kvíhól. Ljós. BZ.

Aðrar upplýsingar:

Mjög keimlíkt hleðslu 146275 –

234 – 119 Þetta gæti verið fallin varða eða hleðsla eftir smala eða eitthvað slíkt, jafnvel eins og gömul undirstaða undir girðingastaur en engar heimildir eru um að girt hafi verið þarna og kannast Sigurður Hansen ekki við það. Staðsetningin er ekki óeðlileg fyrir kuml, á malarbakka utan garðs nokkur hundruð metra frá fornþýli, sem gæti hugsanlega verið frá landnámsöld. Þó er ekkert sem bendir sérstaklega til þess að túlkun af þessu tagi eigi rétt á sér, né heldur neitt sem útilokar hana.

Fornþýli á Kvíhól



Teikning 9



Mynd 32, horft til suðurs yfir Kvíhól framan við Selid í Djúpadal.

Djúpidalur 146275 – 234 - 81**Sérheiti:** Kvíhóll**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóftir/bæjarhóll**Staðsetning:** A 489948 N 562005**Ástand:** Hleðslur fallnar, grónar.**Hættumat:** Lítill hættu. Þessu mannvirki stafar helst hættu af ágangi búfénaðar.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Skammt framan við Selið er Kvíhóll [...].“ (bls. 16).

Lýsing:

Hóllinn er fagurgrænn og sker sig mjög úr umhverfinu, sem er að mestu mosagróið mólendi með rofabörðum og moldarflögum inn á milli. Hóllinn er töluvert hár á að giska 3m frá lægsta punkti í umhverfinu. Ofan á hólnum er tvískipt tóft 9x5m að utanmáli og liggur nálega austur-vestur með dyrum eða opi til austurs. Veggirnir eru ógreinilegir en virðast u.þ.b. 70sm breiðir og hæstir um 30-40sm. Grjót sést aðeins á einum stað í tóftinni.

Aðrar upplýsingar:


Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal: „[...] ekki eru nú sagnir um kvíar þar. Þó má sjá þar eitthvert mannvirki, sem gæti hafa verið tengt kvíum.“ (bls. 16). Mannvirkið er ofan á sjálfum hólnum og virðist því afar óhentugt til aðrekstrar ef um kvíar hefur verið að ræða, þó gæti garðurinn sem gengur í boga suðaustur af hólnum hafa nýst sem aðhald þegar rekið var í kvíarnar, gróðurskilin á hólnum benda hins vegar til að hann hafi verið í notkun mun lengur en aðrar tóftir á staðnum. Hugsanlega tengist þetta örnefni færiskvíum Eiríks hreppstjóra í Djúpadal, en um þær segir í Djúpdæla Sögu: „Í Djúpadal hafði Eiríkur og færiskvíar á Dalsseli og græddi þar út túnblett með því móti.“ [...]“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 202) Þetta mun hafa verið á árunum 1843-1849 (sbr. Stefán Jónsson 1984, bls. 200). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1713 (en þeir voru á ferð um Skagafjörð árið 1709) segir: „Girðingar eru hjer í selhögum, sem menn vita ekkert til að nokkurn tíma hafi bygt verið.“ (JÁM IX, bls. 183). Við gerð þessarar skýrslu fannst forn túngarður umhverfis Kvíhól og eru þar að líkindum fundnar áður nefndar girðingar. Þá fundust einnig áður óþekktar tóftir innan garðsins og utan. Túngarðar eru alla jafna taldir vísa á býli með heilsársbúsetu þar sem gerð slíkra garða hefur verið erfið og tímafrek og tæplega gerð umhverfis beitarhús eða sel. Þar af leiðir að líklegt er að hér sé fundið áður óþekkt fornbylí og lítur út fyrir að Kvíhóll sé forn bæjarhóll. (sjá nánari umfjöllun um staðinn í sögukaflanum framar í skýrslunni).

Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafél. 1930.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.



Teikning 10



Mynd 33, horft til norðausturs af Kvíhóli. Fyrir miðri mynd er óþekkt tóft (146275 – 234 - 82), rétt ofan við hana sést móta fyrir garðlagi sem gengur í aflíðandi boga frá austri til vesturs (þvert yfir myndina). Í fjarska sést svo Byrgishóll. Líósm. RZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 82

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489960 N 562012

Ástand: Hleðslur grónar.

Hættumat: Lítil hættu. Þessu mannvirki stafar helst hættu af ágangi búfénaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Skammt framan við Selið er Kvíhóll [...]“ (bls. 16).

Lýsing:


Norðaustan undan Kvíhól er gömul tóft 5x6m að utanmáli og virðast vera dyr til nyrst á norðausturvegg. Veggir eru nokkuð rofnir en algrónir, gras er í tóftagólfinu en mosi og gras í veggjum. Breidd veggja um 70sm og hæð 50sm.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal: „[...] ekki eru nú sagnir um kvíar þar. Þó má sjá þar eitthvert mannvirki, sem gæti hafa verið tengt kvíum.“ (bls. 16). Mannvirkið er ofan á sjálfum hólnum og virðist því afar óhentugt til aðrekstrar ef um kvíar hefur verið að ræða, þó gæti garðurinn sem gengur í boga suðaustur af hólnum hafa nýst sem aðhald þegar rekið var í kvíarnar, gróðurskilin á hólnum benda hins vegar til að hann hafi verið í notkun mun lengur en aðrar tóftir á staðnum.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.



Teikning 11

Mynd 34, horft til suðausturs af Kvíhóli. Mjög óljóst garðlag (146275 – 234 – 85) virðist liggja í sveig í átt að hólnum, og við norðvestur enda hans eru tvær tóftir (146275 – 234 – 83 og 84).

Djúpidalur 146275 – 234 - 83

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489962 N 562003

Ástand: Hleðslur grónar.

Hættumat: Lítill hættu. Þessu mannvirki stafar helst hættu af ágangi búfænaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Skammt framan við Selið er Kvíhóll [...].“ (bls. 16).

Lýsing:

Beint austur af kvíhól er fremur óljós tóft innan um þúfurnar. Tóftin eru um 4x4 m að utanmáli, dyr virðist hafa verið til norðvesturs en þetta er þó fremur ógreinilegt þar sem veggirnir eru slitnir á fleiri en einum stað. Tóftagólflið er grasvaxið en mosi í veggjum líkt og á þúfunum umhverfis.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 84

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489970 N 562001

Ástand: Hleðslur grónar.

Hættumat: Lítill hættu. Þessu mannvirki stafar helst hættu af ágangi búfænaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Skammt framan við Selið er Kvíhóll [...].“ (bls. 16).

Lýsing:

Beint austur af kvíhól er fremur óljós tóft innan um þúfurnar. Tóftin eru um 4x4 m að utanmáli, dyr virðist hafa verið til norðvesturs. Um 1m austan við þessa tóft er önnur heldur greinilegri um 5x5m að utanmáli og liggur eins og hin nv-sa. Engar dyr eru greinilegar á

Þessari tóft, en veggir um 1m breiður og allt að 40sm háir. Meðfram þessari tóft að sunnanverðu er röð þúfna sem gengur í örlítinn boga frá norðvestri til suðausturs og gætu verið leifar einhvers konar garðs, hugsanlega til aðrekstrar ef haft hefur verið í kvíum á hólnum eða upp við hann.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 85

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 489972 N 561993

Ástand: Hleðslur grónar.

Hættumat: Lítill hættu. Þessu mannvirki stafar helst hættu af ágangi búfénaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Skammt framan við Selið er Kvíhóll [...].“ (bls. 16).

Lýsing:

Beint austur af kvíhól er fremur óljós tóft innan um þúfurnar. Tóftin eru um 4x4 m að utanmáli, dyr virðist hafa verið til norðvesturs en þetta er þó fremur ógreinilegt þar sem veggirnir eru slitnir á fleiri en einum stað. Tóftagólfíð er grasivaxið en mosi í veggjum líkt og á þúfunum umhverfis. Um 1m austan við þessa tóft er önnur heldur greinilegri um 5x5m að utanmáli og liggur eins og hin nv-sa. Engar dyr eru greinilegar á þessari tóft, en veggir um 1m breiður og allt að 40sm háir. Meðfram þessari tóft að sunnanverðu er röð þúfna sem gengur í örlítinn boga frá norðvestri til suðausturs og gætu verið leifar einhvers konar garðs, hugsanlega til aðrekstrar ef haft hefur verið í kvíum á hólnum eða upp við hann.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal: „[...] ekki eru nú sagnir um kvíar þar. Þó má sjá þar eitthvert mannvirki, sem gæti hafa verið tengt kvíum.“ (bls. 16). Mannvirkið er ofan á sjálfum hólnum og virðist því afar óhentugt til aðrekstrar ef um kvíar hefur verið að ræða, þó gæti garðurinn hafa nýst sem aðhald þegar rekið var í kvíarnar.

Í Djúpdæla sögu er sagt frá færíkvíum á Selgrundunum sem notaðar voru til að græða upp túnið umhverfis beitarhúsin.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 86

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 489963 N 562021

Ástand: Hleðslur mjög sokknar og að hluta rofnar.

Hættumat: Mikil hætta. Götur liggja þvert í gegnum túnið sem garðurinn umlykur og rof hefur myndast bæði að austan og vestan þar sem gatan fer í gegn. Fyrirsjáanlegt er að þetta rof muni halda áfram og verður garðurinn því að teljast í mikilli hættu.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Skammt framan við Selið er Kvíhóll [...]“ (bls. 16).

Lýsing:

Garður hefur legið umhverfis hólinn, hann er nokkuð vel greinilegur á um 73m kafla norðan við hólinn, þar sem hann liggur austur vestur, um 1,5m breiður og um 40sm hár. Þá má rekja austurhlið hans með nokkru öryggi nyrst en hann verður mjög óljós og rofinn til suðurs. Óvíst er hvort hann beygir í átt að afgangi tóft um 30m suður af Kvíhólum eða hvort hann teygir sig lengra til suðurs. Að vestan er garðurinn allur mjög óljós en þó má greina hann nyrst þar sem hann beygir nokkuð krappt aftur að greinilega kaflanum að norðan. Garðurinn hefur verið á bilinu 220-240m langur eftir því hvort innri eða ytri hringurinn er valinn. Ekki er heldur útilokað að hér sé um tvo garða að ræða yngri og eldri túngarð utan um það sem nærtækast er að álykta að hafi verið býli.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal: „[...] ekki eru nú sagnir um kvíar þar. Þó má sjá þar eitthvert mannvirki, sem gæti hafa verið tengt kvíum.“ (bls. 16). Engar sagnir eru um fornbylí á þessum stað en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá því um 1700 segir: „Girðingar eru hjer í selhögum, sem menn vita ekkert til að nokkur tíma hafi bygt verið.“ (JÁM IX, bls. 183) Líkast til er átt við þennan garð þótt menn hafi hingað til haldið að hér hafi verið átt við túngarðinn sem er umhverfis Selið.

Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller. 1930.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 87

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489942 N 562019

Ástand: Hleðslur grónar.


Hættumat: Lítill hætta. Þessu mannvirki stafar helst hætta af ágangi búfénaðar.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Skammt framan við Selið er Kvíhóll [...]“ (bls. 16).

Lýsing:

Norðan við Kvíhól fast upp við túngarðinn að innanverðan, virðist mega greina tvískipta tóft. Þetta er þó fremur óljóst og ekki fullvíst að um mannvirki sé að ræða frekar en hrun úr garðinum




Teikning 12

og þúfnamyndun. Utanmálið er 4x7m og liggur austur-vestur eftir garðinum. Vestar hólfið er 2x1,2m og gætu hafa verið dyr vestast á suðurvegg, hólfið austan við er um 1,9x1m norður-suður og gætu dyr þar einnig hafa verið vestast á suðurvegg. Þetta er þó fremur óljóst eins og áður segir og rétt að hafa fyrirvara á þessu sem raunverulegri tóft.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.



Teikning 13

Mynd 35, horft til vesturs yfir aflanga tóft (146275 – 234 - 88) suður af Kvíhóli. Ljós. Gatan sem liggur upp við tóftina sést ekki á myndinni en er aðeins lengra til hægri. Ljós. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 88

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489962 N 561969

Ástand: Hleðslur grónar.

Hættumat: Nokkur hættu. Helsta hættan sem steðjar að þessum tóftum er umferð manna og dýra um svæðið en rof hefur myndast við norðausturhorn tóftarinnar þar sem gatan liggur.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Skammt framan við Selið er Kvíhóll [...].“ (bls. 16).

Lýsing:

Um 30m suður af Kvíhól er aflöng tóft, um 10x5m að utanmáli, sem liggur norðaustur-suðvestur. Veggir eru að hluta hlaupnir í þúfur og rofnir á köflum, um 1m breiður og 20-30sm háir. Mosi og gras er í veggjum en gras inni tóftinni. Gata liggur upp við norðvesturhorn tóftarinnar. Svo virðist sem túngarður liggi frá suður vegg tóftarinnar til í boga til norðvesturs en hann er fremur óljós og ekki hægt að rekja hann með vissu nema örfáa metra.


Aðrar upplýsingar:

Snið var hreinsað upp við tóftina, þar sem gatan hafði rofið útbrún hennar og kom þar í ljós rótað torf. Hugsanlega er þetta hrun úr veggjum tóftarinnar. Í torfinu voru flekkir af ljóstri gjósku, að öllum líkindum úr Heklugosinu 1104 og tveir stærri flekkir af dökkri gjósku, líklega 1300. Ásamt gjóskunni voru þarna litlir kolaflekkir um 2-3mm í þvermál og yfir öllu saman óhreyfð svört gjóska um 3-4mm þykk rétt undir grasrót, að líklega úr Heklugosinu 1766. Þá voru 15sm af fokjarðvegi niður á torfrótið þar sem minnst var. Af þessu má ráða að torfið hafi að líkindum verið tekið eftir 1300 en látið óhreift frá því töluvert fyrir 1766. Þó er

erfitt að ráða í hve langur tími hefur liðið frá því að torfinu var rótað þar til að gjóskan féll 1766, 15sm jarðvegsþykkun bendir til að töluverður tími hafi liðið en rétt er að hafa í huga að jarðvegsþykkun getur verið mjög mismikil eftir aðstæðum og staðsetningu. Umrædd tóft virðist því hafa verið í notkun einhvern tíma á 14.-15. öld. Kolaleifar benda til að þar hafi verið farið með eld og gæti því verið um mannbústað eða smiðju að ræða. Aðrar tóftir á svæðinu virðast ýmist frá svipuðum tíma eða eldri, utan við tóftina á sjálfum Kvíhól (146275 – 234 - 81) er fagurgræn og því líklega yngri en hinar.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.



Teikning 14



Mynd 36, horft til vesturs yfir hringlaga mannvirki (146275 – 234 – 89) suður af Kvíhól.

Djúpidalur 146275 – 234 - 89

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 489927 N 561936

Ástand: Hleðslur grónar.

Hættumat: Nokkur hætta. Þessu mannvirki stafar nokkur hætta af umferð manna og dýra um svæðið.

Staðhættir:


Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Skammt framan við Selið er Kvíhóll [...].“ (bls. 16).

Lýsing:

Um 60m suðvestur af Kvíhól er lítið hringlaga mannvirki. 7m í þvermál og um 40sm hærra en umhverfið. Örlítill gróðurskil eru á mannvirkinu, sem þó virðist nokkuð gamalt en ekki eins mosavaxið og umhverfið. Þetta er um 30m utan innri garðsins og um 20m utan meints ytri garðs.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.



Teikning 15



Mynd 37, horft til suðurs yfir Byrgishól. Ljósm. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 90

Sérheiti: Byrgishóll

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Hleðslur

Staðsetning: A 490142 N 562153

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Lítill hættta. Eina hættan sem að þessum minjum steðjar er mögulegur ágangur búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Byrgishóll er framan við Selið, nálægt bakkanum, rétt heiman við Tungufjallsána, og bendir nafnið til þess, að þar hafi verið smalabyrgi.“ (bls. 16).

Lýsing:

Augljós mannvirki eru á hólnum. Efst á honum virðast vera leifar vörðu, sem hefur fyrir löngu hrunið eða grjót úr henni verið nýtt í „smalabyrgi“ um 2m norðar á hólnum. Nokkrum steinum hefur verið raðað upp aftur á vörðustæðinu. Á milli vörðunnar og byrgisins en nokkru vestar er fremur lítill hringlaga hleðsla, um 60sm í þvermál. Þá eru að því er virðist eldri hleðslur í halla til vesturs að hluta til undir meintu byrgi.

Aðrar upplýsingar:

Aldur meints smalabyrgis er óþekktur en að sögn heimildamanns Sigurðar Hansen (f. 1939) sem alinn var upp í Djúpadal og bjó þar fram á fullorðins ár var þetta ekki uppistandandi í hans minni né telur hann að svo hafi verið í tíð móðurbræðra sinna Skarphéðins (f. 1914) og Jóns (f. 1898) Eiríkssona. Hafi þarna verið eiginlegt smalabyrgi til notkunar þegar setið var yfir ám, þá er fremur ólíklegt að það hafi verið í notkun á sama tíma og selið eða beitarhúsin, því Byrgishóll er aðeins í um 200-300m fjarlægð frá húsunum og það hefði því verið auðvelt

fyrir smala að leita sér skjóls þar, hafi byggingar verið uppistandandi. Hins vegar gæti verið að þarna hafi verið smalabyrgi eða skjól af einhverju tagi sem notast var við í smalamennsku. Á yngri árum Sigurðar Hansen var alltaf fyrirstaða á Selgrundinni. Glóðafeykir var smalaður og féð rekið fram á sel til móts við gangnamenn sem komu með fé af Heimdalnum og Tungufjalli, þar var allur hópurinn tekinn saman og rekið eftir götunum aftur til baka heim í Djúpadal. Því er ekki ólíklegt að þarna séu hleðslur sem fólk hafi dundað við að hlaða þegar beðið var í fyrirstöðunni, eða jafnvel að þarna hafi verið hlaðið byrgi til að bíða í, en af hólnum sést vel fram bæði Heimdal og Tungufjall.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 121

Sérheiti: Byrgishóll

Hlutverk: Óþekkt/varða

Tegund: Hleðslur

Staðsetning: A 490143 N 562149

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Lítil hættu. Eina hættan sem að þessum minjum steðjar er mögulegur ágangur búfjár.



Mynd 38, óþekkt hleðsla (varða) á Byrgishóli. Horft til norðausturs fram Heimdal, Tungufjall á hægri hönd og Lækjarhlíð fyrir miðju. Ljós. BZ.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Byrgishóll er framan við Selið, nálægt bakkanum, rétt heiman við Tungufjallsána, og bendir nafnið til þess, að þar hafi verið smalabyrgi.“ (bls. 16).

Lýsing:

Augljós mannvirki eru á hólnum. Efst

á honum virðast vera leifar vörðu, sem hefur fyrir löngu hrunið eða grjót úr henni verið nýtt í „smalabyrgi“ um 2m norðar á hólnum. Nokkrum steinum hefur verið raðað upp aftur á vörðustæðinu. Á milli vörðunnar og byrgisins en nokkru vestar er fremur lítil hringlaga hleðsla, um 60sm í þvermál. Þá eru að því er virðist eldri hleðslur í halla til vesturs að hluta til undir meintu byrgi.

Aðrar upplýsingar:

Aldur meints smalabyrgis er óþekktur en að sögn heimildamanns Sigurðar Hansen (f. 1939) sem alinn var upp í Djúpadal og bjó þar fram á fullorðins ár var þetta ekki uppistandandi í hans minni né telur hann að svo hafi verið í tíð móðurbræðra sinna Skarphéðins (f. 1914) og Jóns (f. 1898) Eiríkssona. Á yngri árum Sigurðar var alltaf fyrirstaða á Selgrundinni. Glóðafeykir var smalaður og féð rekið fram á sel til móts við gangnamenn sem komu með fé af Heimdalnum og Tungufjalli, þar var allur hópurinn tekinn saman og rekið eftir götunum aftur til baka heim í Djúpadal. Því er ekki ólíklegt að þarna séu hleðslur sem fólk hafi dundað við að hlaða þegar beðið var í fyrirstöðunni, eða jafnvel að þarna hafi verið hlaðið byrgi til að bíða í, en af hólnum sést vel fram bæði Heimdal og Tungufjall.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 122**Sérheiti:** Byrgishóll**Hlutverk:** Óþekkt/varða**Tegund:** Hleðslur**Staðsetning:** A 490143 N 562152**Ástand:** Hleðslur fallnar**Hættumat:** Lítill hættu. Eina hættan sem að þessum minjum steðjar er mögulegur ágangur búfjár.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Byrgishóll er framan við Selið, nálægt bakkanum, rétt heiman við Tungufjallsána, og bendir nafnið til þess, að þar hafi verið smalaþyrgi.“ (bls. 16).

Lýsing:

Augljós mannvirki eru á hólnum. Efst á honum virðast vera leifar vörðu, sem hefur fyrir löngu hrunið eða grjót úr henni verið nýtt í „smalaþyrgi“ um 2m norðar á hólnum. Nokkrum steinum hefur verið raðað upp aftur á vörðustæðinu. Á milli vörðunnar og byrgisins en nokkru vestar er fremur lítil hringlaga hleðsla, um 60sm í þvermál. Þá eru að því er virðist eldri hleðslur í halla til vesturs að hluta til undir meintu þyrgi.

Aðrar upplýsingar:

Aldur meints smalaþyrgis er óþekktur en að sögn heimildamanns Sigurðar Hansen (f. 1939) sem alinn var upp í Djúpadal og bjó þar fram á fullorðins ár var þetta ekki uppistandandi í hans minni né telur hann að svo hafi verið í tíð móðurbræðra sinna Skarphéðins (f. 1914) og Jóns (f. 1898) Eiríkssona. Á yngri árum Sigurðar var alltaf fyrirstaða á Selgrundinni. Glóðafeykir var smalaður og féð rekið fram á sel til móts við gangnamenn sem komu með fé af Heimdalnum og Tungufjalli, þar var allur hópurinn tekinn saman og rekið eftir götunum aftur til baka heim í Djúpadal. Því er ekki ólíklegt að þarna séu hleðslur sem fólk hafi dundað við að hlaða þegar beðið var í fyrirstöðinni, eða jafnvel að þarna hafi verið hlaðið þyrgi til að bíða í, en af hólnum sést vel fram bæði Heimdal og Tungufjall.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.



Mynd 39, hleðslur á Byrgishóli. Efst á hólnum eru leifar lítillar vörðu, næst okkur á myndinni er óljós og hrunin hleðsla sem smalabyrgið sem er fjær virðist hafa verið byggt ofaná. Hugsanlega er þetta leifar eldra byrgis. Horft til suðausturs fram Akradal (til hægri), gegnt Tungufjalli. Skarðið í fjallinu er inn Hrafnabjargardalina, vinstra megin við skarðið heitir Fagrahlíð. Ljós. GSS.

Djúpidalur 146275 – 234 - 123

Sérheiti: Byrgishóll

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðslur

Staðsetning: A 490141 N 562155

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Lítill hættu. Eina hættan sem að þessum minjum steðjar er mögulegur ágangur búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Byrgishóll er framan við Selið, nálægt bakkanum, rétt heiman við Tungufjallsána, og bendir nafnið til þess, að þar hafi verið smalabyrgi.“ (bls. 16).

Lýsing:

Augljós mannvirki eru á hólnum. Efst á honum virðast vera leifar vörðu, sem hefur fyrir löngu hrunið eða grjót úr henni verið nýtt í „smalabyrgi“ um 2m norðar á hólnum. Nokkrum steinum hefur verið raðað upp aftur á vörðustæðinu. Á milli vörðunnar og byrgisins en nokkru vestar er fremur lítil hringlaga hleðsla, um 60sm í þvermál. Þá eru að því er virðist eldri hleðslur í halla til vesturs að hluta til undir meintu byrgi.

Aðrar upplýsingar:

Aldur meints smalabyrgis er óþekktur en að sögn heimildamanns Sigurðar Hansen (f. 1939)

sem alinn var upp í Djúpadal og bjó þar fram á fullorðins ár var þetta ekki uppistandandi í hans minni né telur hann að svo hafi verið í tíð móðurbræðra sinna Skarphéðins (f. 1914) og Jóns (f. 1898) Eiríkssona. Á yngri árum Sigurðar var alltaf fyrirstaða á Selgrundinni. Glóðafeykir var smalaður og féð rekið fram á sel til móts við gangnamenn sem komu með fé af Heimdalnum og Tungufjalli, þar var allur hópurinn tekinn saman og rekið eftir götunum aftur til baka heim í Djúpadal. Því er ekki ólíklegt að þarna séu hleðslur sem fólk hafi dundað við að hlaða þegar beðið var í fyrirstöðunni, eða jafnvel að þarna hafi verið hlaðið byrgi til að bíða í, en af hólnum sést vel fram bæði Heimdal og Tungufjall. Mörg kuml hafa fundist á melhólum sem þessum, yfirleitt utan túns í nágrenni við fornbylí. Það er því ekki hægt að útilokað að þarna gæti verið að finna kuml, ef fornbylíð á Kvíhól er nógu gamalt, aldur þess er að vísu óþekktur að öðru leyti en því að ein tóftanna þar er að líkindum frá 14.-15. öld. Aðrar tóftir og túngarðurinn gætu þó verið eldri og jafnvel frá heiðni.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 91

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir:

Óljósir

Lýsing:

Engin merki um þetta mannvirki fundust á vettvangi.


Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson frá Eiríki hreppstjóra í Djúpadal: „Bjó hann á báðum jörðunum, Djúpadal og Litladal, árin 1843-1849 (að báðum árum meðtöldum) eða í 7 ár. Eiríkur hafði haft í seli á Djúpadalsseli í öll þau ár, sem hann hafði búið. Á þessum árum hafði hann í Djúpadalsseli fyrri hluta sumars, en á Fjallhúsunum í Litladal síðari hlutann, því þá var hann við heyskap á engi þar nærri. Eiríkur hafði sett brú á Tungufjallsá hjá Djúpadalsseli og hafði búsmalann á næturnar í Tungufjallinu, en á daginn í Lækjarhlíð, sem er fremst á heimdalnum [...]“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 200) Eiríkur fluttist að Silfrastöðum í Blönduhlíð og bjó þar í tvö ár 1852-3 en „vorið 1854 flutti Eiríkur frá Silfrastöðum að Djúpadal aftur. [...] Mjög hafði illa verið haldið við ýmsum verkum Eiríks af ábúendum Djúpadals. Báðar brýrnar höfðu fokið, bæði á Tungufjallsá og Djúpá og hafði hún alveg eyðilagzt. En brúna á Tungufjallsá setti Eiríkur upp aftur og hélt henni við úr því. Nokkru eftir að Eiríkur hætti búskap var sú brú eyðilögð. Höfðu ábúendur Djúpadals svikizt um að bera grjót á brúarsporðana á haustin, og því fuku brýrnar, en afar byljótt og misvinda [er] í gljúfrunum.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 214)

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Tungufjall



Teikning 16



Mynd 40, horft til vestnorðvesturs yfir réttin (146275 – 234 – 92) á Sporðinum í Tungufjalli. Ljósm. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 92

Hlutverk: Fjarrétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 490351 N 561888

Ástand: Hleðslur grónar, fallnar að hluta.

Hættumat: Lítill hættu. Helsta hættan sem að þessum minjum steðjar er ágangur búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Þar sem árnar koma saman, heitir Tungufjallssporður eða Sporður. Þar upp af er gömul fjarrétt.“ (bls. 19).

Lýsing:

Grjóthlaðin rétt, ferhyrnd, liggur norðvestur-suðaustur með dyr syðst á suðvesturhlið. Réttarveggir eru um 60sm breiðir og allt að 110sm háir, alls er réttin um 17x21m í ummál. Við norðausturhorn sér móta fyrir eldri tóftum sem réttarveggurinn virðist byggður yfir.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen var síðast réttað þar á unglingsárum Skarphéðins móðurbróður hans fyrir 1930. Þarna var féð rekið inn til rúnings á vorin svo ekki þyrfti að reka alla leið heim og svo aftur á dalinn. Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Vorið 1828, þegar þau Eiríkur í Djúpadal og Hólmsfríður dóttir Jóns í Flatatungu Einarssonar giftust, þá brá Jón búi og flutti sig að Djúpadal til dóttur sinnar með konu sína [...] Höfðu þeir Eiríkur og Jón sauði sína í Djúpadalsseli í þeim fjárhúsum, er þar voru, og nægðu þau eigi. Byggði þá Eiríkur, að ráði Jóns, önnur hús á Tungufjallssporðinum utan við Balana, þar sem síðar löngu var fjarrétt. Var það hús byggt á þann hátt, að jötur voru með veggjum og engar stoðir, en það lag var á uppreftinu, sem kallað var viðarhnútur, og hallaði af þakinu á alla vegu. Var þetta að líkindum sem skýli fyrir sauðina í vondum veðrum, en eigi til heygjafar að mun. [...] Svo er sagt, að húsið í Tungufjallinu entist illa, og var það aflagt með öllu eftir nokkur ár.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 160.)

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.
Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 93**Hlutverk:** Óþekkt/fjárborg**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A 490356 N 561900**Ástand:** Hleðslur fallnar og grónar**Hættumat:** Lítill hættu. Helsta hættan sem að þessum minjum steðjar er ágangur búfjár.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Þar sem árnar koma saman, heitir Tungufjallssporður eða Sporður. Þar upp af er gömul fjárrétt.“ (bls. 19).

Lýsing:

Grjóthlaðin rétt, ferhyrnd, liggur norðvestur-suðaustur með dyr syðst á suðvesturhlið. Réttarveggir eru um 60-110sm breiðir og allt að 1m háir. Við norðausturhorn réttarinnar sér móta fyrir eldri tóftum sem réttarveggurinn hefur verið byggður ofan á. Ekki er alveg ljóst hvaða form þessar tóftir hafa haft, eða hvort um hrun er að ræða. Norðan við réttina er svolítill bakki eða útveggur eldri byggingar, um 40sm hár og um 2m breiður, sem liggur samsíða norðvestur vegg réttarinnar. Við norðausturenda þessa bakka og horn réttarinnar eru tvær ferkantaðar lægðir hvor í línu við aðra til norðausturs. Sú syðri er 1,7x1,7m og um 30sm djúp og mögulega með dyrum til norðurs, grjót sér á einum stað. Hin er 2,7x1,3m og gæti hafa verið með dyrum til suðvesturs, en þar er eins og komi yngri veggur fyrir dynnar með stefnu í suðvesturs sem beygir svo 90° til suðvesturs hér um bil upp að réttarveggnum og myndar þannig eins og hólf (2x3m) móti suðurvegg fyrstnefndu lægðarinnar með dyrum til suðausturs eftir réttarveggnum.

Aðrar upplýsingar:

Þarna á samkvæmd Djúpdælasögu að hafa staðið hringlaga fjárborg áður en réttin var byggð. Mera-Eiríkur er talinn fæddur um 1690, en óvíst hvenær hann deyr, hann keypti Djúpadal 1733, en sonur hans Bjarni er tekin við búi 1755.)

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 128**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Garðlag**Staðsetning:** A 490351 N 561888**Ástand:** Hleðslur að mestu horfnar.**Hættumat:** Lítill hættu. Mjög lítið er eftir af þessu mannvirki en það sem eftir stendur er ekki í hættu nema stórfloð komi í ána.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Þar sem árnar koma saman, heitir Tungufjallssporður eða Sporður. Þar upp af er gömul fjárrétt.“ (bls. 19). Önnur fjárrétt var Samkvæmt Sigurði Hansen niður á eyrinni fast við brekkuna.

Lýsing:

1,5m langur veggur fast upp við brekkufótinn er það eina sem eftir er af þessari rétt, annað hefur áin hrifsað með sér í flóðum.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 124

Hlutverk: Óþekkt/varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning:

A 490360 N 561988

Ástand: Hleðslur standa

Hættumat: Lítill hætta. Helsta hættan sem að þessum minjum steðjar er ágangur búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu

Rögnvaldardóttur fyrir

Djúpadal segir: „Þar sem árnar

koma saman, heitir

Tungufjallssporður eða

Sporður. Þar upp af er gömul

fjarrétt.“ (bls. 19). Um 90m

norður af réttinni er melhóll og

á honum lítill varða.

Lýsing:

Þarna hefur nokkrum fremur stórum steinum verið raðað upp hverjum ofan á annan.

Aðrar upplýsingar:

Engin augljós tilgangur er með þessari hleðslu, en þetta eru stórir steinar og hefur þurft nokkuð til að koma þeim hverjum ofan á annan, í það minnsta ekki á færi barna. Á næsta melhól um 130m til norðausturs er hleðsla efst á hólnum og beinagrind af kind þar undir (A 490474 N 562049) þarna var fyrir nokkrum árum urðað hræ sem hafði verið eitrað í fyrir tófu samkvæmt Eiríki Skarphéðinssyni.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Eiríkur Skarphéðinsson



Mynd 41, óþekkt hleðsla (varða) á Tungufjallssporði (146275 – 234 - 124). Horft í vestur út Djúpadal. Ljós. BZ.

Djúpidalur 146275 – 234 - 94

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Hleðsla/Garðlag

Ástand: Hleðslur fallnar

Hættumat: Nokkur hætta. Garðurinn er í hættu vegna skriðufalla.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „[...] er talið, að Mera-Eiríkur hafi látið hlaða grjótgarð á Stóruskriðu í Tungufjalli sunnanverðu [...]“ (bls. 15-16).

Lýsing:

Þessar minjar voru ekki skoðaðar á vettvangi 2007, en skýrsluhöfundur hefur hins vegar margoft komið á staðinn. Þar eru leifar völdugs garðs á neðri hluta skriðunnar, að ofan hefur garðinum verið rutt til af skriðuföllum og að neðanverðu endar garðurinn á grófum malarbakka sem áin hefur grafið. Garðurinn er á að giska 1,5m breiður og um 50 sm hár.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal: „[...] stendur enn 20-30 m partur af honum, að því er virðist óskaddaður en skriða hefur að öðru leyti grandað garðinum. Sagt er, að Eiríkur hafi haft stóð sitt fyrir framan garðinn, á þeim tíma, er það gekk í Kleifar og Horn.“ (bls. 15-16).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 95

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Hlaðin smalabyrgi eru nokkur fram á Dalnum. Eitt þeirra við Kattána, á eyrunum rétt heiman við ána. Annað er rétt heiman við Krákugilið, og eitt er enn sunnan í Tungufjallinu, skammt neðan við Altarishvamminn, og er hleðslan þar a.m.k. enn allglögg.“ (bls. 16).

Lýsing:

Ekki gafst tími til að skoða þetta á vettvangi. Fyrir nokkrum árum skoðaði skýrsluhöfundur hins vegar hleðslur framan við Krákugil, ekki heiman við eins segir í örnefnaskránni. Mjög líklega eru það þó leifar umrædds smalabyrgis.

Aðrar upplýsingar:

Um fjárborgir Mera-Eiríks segir Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum: „Lét hann fé sitt lifa á útigangi, svo sem frekast kostur var, sem þá var alls staðar títt. Byggði hann fjárbyrgi eða borgir með hverju gili fram allan dalinn, og hljóp féð í byrgi þessi, þegar hríðar gerði og illviðri. Mátti svo heita, að féð lægi úti vetur alla, nema í aftökum; er og Djúpadalslandi viðbrugðið fyrir veðursæld, þó landgæði séu eigi meiri en sæmileg.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 44.) Mera-Eiríkur er talinn fæddur um 1690, en óvíst hvenær hann deyr, hann keypti Djúpadal 1733, en sonur hans Bjarni er tekin við búi 1755.)

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 96

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Hlaðin smalabyrgi eru nokkur fram á Dalnum. Eitt þeirra við Kattána, á eyrunum rétt heiman við ána. Annað er rétt heiman við Krákugilið, og eitt er enn sunnan í Tungufjallinu, skammt neðan við Altarishvamminn, og er hleðslan þar a.m.k. enn allglögg.“ Annarsstaðar segir: „Jón Eiríksson nefnir einnig byrgistöftir alveg fram við Krákugil.“ (bls. 16).

Lýsing:

Ekki var farið á þennan stað sumarið 2007.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 97**Hlutverk:** Smalabyrgi**Tegund:** Heimild**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Hlaðin smalabyrgi eru nokkur fram á Dalnum. Eitt þeirra við Kattána, á eyrunum rétt heiman við ána. Annað er rétt heiman við Krákugilið, og eitt er enn sunnan í Tungufjallinu, skammt neðan við Altarishvamminn, og er hleðslan þar a.m.k. enn allglögg.“ (bls. 16).

Lýsing:

Ekki var farið á þennan stað sumarið 2007.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 98**Sérheiti:** Tjaldhvammur**Hlutverk:** Tjaldstæði**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hætta. Engar þekktar minjar eru í hættu á þessum stað.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Fjallshlíðin fram af Kattárdal nefnist einu nafni Lækjarhlíð. [...] Lækjarhlíðarrani heitir þar, sem Kattárdalur og Lækjarhlíð mætast. Sporður er þar neðan við. Þar framar, niður við ána, er hvammur, ekki stór, sem heitir Tjaldhvammur.“ (bls. 16).

Lýsing:

Ekki var farið á þennan stað sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur: „[...] Tjaldhvammur. Var þar tjaldað í grasaferðum.“ (bls. 16).

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 99**Sérheiti:** Lækjarhlíð**Hlutverk:** Grasatekja**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hætta. Engar þekktar minjar eru í hættu á þessum stað.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Fjallshlíðin fram af Kattárdal nefnist einu nafni Lækjarhlíð. [...] Grös voru þarna í Lækjarhlíðinni og svo neðan við Fossmó og ofan við Gamburmosa, er síðar getur.“ (bls. 16).

Lýsing:

Ekki var farið á staðinn sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur: „Þar framar, niður við ána [Kattá], er hvammur, ekki stór, sem heitir Tjaldhvammur. Var þar tjaldað í grasaferðum.“ (bls. 16).

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 100**Sérheiti:** Gamburmosar**Hlutverk:** Grasatekja**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hætta. Engar þekktar minjar eru í hættu á þessum stað.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Heiman við Strangalæk tekur við nokkurt graslendi, mosablandið, og heita þar Gamburmosar“ (bls. 16).

Lýsing:

Ekki var farið á staðinn sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur: „Fjallshlíðin fram af Kattárdal nefnist einu nafni Lækjarhlíð. [...] Þar frammar, niður við ána [Kattá], er hvammur, ekki stór, sem heitir Tjaldhvammur. Var þar tjaldað í grasferðum. Grös voru þarna í Lækjarhlíðinni og svo neðan við Fossmó og ofan við Gamburmosa.“ (bls. 16).

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 101**Sérheiti:** Fossmór**Hlutverk:** Grasatekja**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hætta. Engar þekktar minjar eru í hættu á þessum stað.**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Heiman við Krókagilið er graslendi, þýft nokkuð, mólendi, sem heitir Krókagilsbalar, en frammar tekur við Fossmór, sem er misfellulítið land báðum megin árinna [Heimdalsár/Tungufjallsár], sem þarna er orðin heldur vatnslítil.“ (bls. 16).

Lýsing:

Ekki var farið á staðinn sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur: „Fjallshlíðin fram af Kattárdal nefnist einu nafni Lækjarhlíð. [...] Þar frammar, niður við ána [Kattá], er hvammur, ekki stór, sem heitir Tjaldhvammur. Var þar tjaldað í grasferðum. Grös voru þarna í Lækjarhlíðinni og svo neðan við Fossmó og ofan við Gamburmosa.“ (bls. 16).

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Djúpidalur 146275 – 234 - 102

Sérheiti: Kattárdalur

Hlutverk: Grasatekja

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta. Engar þekktar minjar eru í hættu á þessum stað.

Staðhættir:

Kattárdalur beygir til norðurs af Heimdal um 4km framan við Selið.

Lýsing:

Ekki var farið á staðinn sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í Djúpdæla Sögu segir Stefán Jónsson: „Frá því er sagt, að vorið 1826 fór heimafolk sumt frá Djúpadal til grasa fram á dalinn eftir beiðni Eiríks prests. Grasatekja var góð víða í dalnum og grasatekjuferðir mjög tíðkaðar á þeim árum víða um sveitir. Í þessa ferð fóru þeir bræður Bjarni og Eiríkur, Jónas húskarl prests og nokkrar stúlkur. Fór það fram í svonefndan Kattárdal framarlega á dalnum.“ (Stefán Jónsson 1984, bls. 137)

Heimildaskrá:

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Þjóðsögur og munnmæli



Mynd 42, Þorbjargarsteinn á gilbarmi Djúpadalsár, sunnan Djúpadals.

Djúpidalur 146275 – 234 - 42

Sérheiti: Þorbjargarsteinn

Hlutverk: Tilbeiðslustaður/Álfasteinn

Tegund: Steinn

Staðsetning: A 486957 N 561807

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Þar upp af, á Barminum, þ.e. gilbarminum, milli Klaufarinnar og gilsins, er Þorbjargarsteinn, stór steinn og auðkennilegur og stendur tæpt.“ (bls. 9).

Lýsing:

Steinninn er gríðarstór, á að giska 150cm hár, 200cm langur og 150cm breiður.

Aðrar upplýsingar:

Í neðanmálgrein örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir um steininn: „Jón Eiríksson telur, að steinninn sé kenndur við Þorbjörgu nokkra, sem endur fyrir löngu hafi búið í Djúpadal. Átti hún að hafa beðizt fyrir við stein þennan á hverjum degi.“ (bls. 20). Í Djúpdælasögu segir Stefán Jónsson um þetta: „Þorbjörg Eiríksdóttir bjó lengi í Djúpadal ógift og barnlaus og dó þar 1698, 83 ára gömul. Við hana er kenndur Þorbjargarsteinn á árgljúfurs-barminum frá Djúpadals-túni. Trúði hún því, að í honum byggi álfar og í gljúfrinu. Þóttist hún löngum sjá þar ljós, og mælt er, að hún léti þar ljós lifa á hverri nýársnótt við steininn, þegar fært var.“

Sigurður Hansen man eftir að hafa heyrt af því sögu að afi hans Eiríkur Jónsson snikkari hafi ásamt nokkrum félögum sínum gert atögu að því að velta steininum ofan í gilið. Þeir félagar höfðu þá setið að drykkju heima í Djúpadal og dottið í hug að gaman væri að heyra dynkinn, þegar steinninn félli í ána. Steinninn er mikið bjarg og lét sig ekki þótt karlar jöguðust á honum með vogarstöngum. Þó má sjá það loftar undir steininn norðanverðan og gæti það verið afrakstur þessa ágæta framtaks.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Djúpidalur 146275 – 234 - 59

Sérheiti: Húsgilsdrag

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „[...] Húsgil, klettagil mikið, og ofar og norðar Húsgilsdrag, en Húsgil og Húsgilsdrag skilja að Feykinn og Miðfjall, sem er næst fyrir norðan [austan (athugasemd SH)] hann. [...] Í Húsgili ofanverðu heitir Húsgilstunga, og er þar nokkur grasvegur.“ (bls. 12).

Lýsing:

Ekki var farið á þennan stað sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í aftanmálgrein í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal: „Um Húsgilsdrag og merka sögn, sem því er tengd, vísast til fróðlegrar greinar eftir Þormóð Sveinsson: „Felustaður frúarinnar á Hólum“ í ritinu Skagfirðingabók VI (Rvík 1973), bls. 71 og áfram.“ (bls. 20). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Framan við Brúsatorfur kemur mikið klettagil, Húsgilið og Húsgilsdrag upp úr því, upp á fjallinu; það

nær yfir í annað Húsgil, sem er Flugumýrarmegin og liggur niður á Flugumýrardal. Þaðan er greiðfært í dragið, en illfært Djúpadalsmegin. Dragið er talsvert langt, og á því er mikil bugða, svo að á einum stað sést hvorki út né suður, heldur bara upp í heiðan himin. Í draginu er lítil tjörn, sem ef til vill þornar í miklum sumarhitum. Í draginu er sagt, að Helga, fylgikona Jóns Arasonar, hafi leynzt heilt sumar, þegar Danir leituðu hennar um fjöllin milli Hjaltadals og Blönduhlíðar.“ (bls. 12-13).

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Þormóður Sveinsson. „Felustaður frúarinnar á Hólum“ í *Skagfirðingabók VI*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1973.



Loftmynd 5, dalurinn fram að Tungufjalli.

Djúpidalur 146275 – 234 - 104

Sérheiti: Grænuvötn

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Stöðuvatn

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Við botn Heimdals [norðari dalurinn inn af Djúpadal/Dalsdal] gengur grjótháls að sunnanverðu út í miðjan dalinn. Fyrir vestan hálsinn er lítil tjörn, sem ber ekki heiti, og þornar hún í þurrkum á sumrin. [...] Fyrir austan hálsinn eru tvö stöðuvötn með sérkennilega fallegum, grænum lit, sem eigi er vitað með vissu af hverju stafar. Í næsta umhverfi þeirra er enginn gróður, einungis urð og grjót. Vötn þessi nefnast Grænuvötn.“ (bls. 14).

Lýsing:

Ekki var farið á staðinn sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal: „Ekki er vitað til þess, að silungur gangi í vötnin. Sagnir voru um, að nykur hefðist þar við, og þóttust menn hafa séð spor eftir hann þar í grennd. Hross ganga ekki fram að Grænuvötnum, en fé gerir eitthvað af því, enda eru grassnapir nokkrar eigi langt frá.“ Þá segir í neðanmálgrein: „Um vötn þessi og umhverfi þeirra vísast til rits Ólafs Briem: Útilegumenn og auðar tóttir (Rvík 1959), bls. 170-173. Sumir hafa talið, að vötn þau, sem nú nefnast Grænuvötn, séu hin sömu vötn og Ullarvötn þau, sem ýmsar þjóðsögur (útilegumannasögur) eru til um, en um sagnir varðandi Ullarvötn vísast einkum til Ritsafns Hjálmars Jónssonar frá Bólu III (Laust mál), bls. 54-61.“ (bls. 21).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.



Loftmynd 6, Grænuvötn og Ullarvötn.

Djúpidalur 146275 – 234 - 105

Sérheiti: Víðivellir

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Nokkuð neðan við skálina [Víðivallaskál], í miðri fjallshlíðinni, er Grenstallur, en Víðivallagil gengur úr skálinni. Víðivallabrekkur eru við ána neðan undir Víðivallaskál, en Víðivellir taka síðan við, rétt frammar og aðeins ofar (þ.e. ekki alveg niður við ána). Er þar minni halli á landinu og ágætlega grösugt, þýft mólendi.“ (bls. 17).

Lýsing:

Ekki var farið á staðinn sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í neðanmálgrein í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir: „Reimt var talið á Víðivöllum, sbr. Frásögn í þá átt í Grímu hinni nýju IV (Rvík 1965), bls. 391-392.“ (bls. 21).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 103

Sérheiti: Gálgagil

Hlutverk: Tjaldstæði/Grasatekja/Þjóðsagnastaður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Sunnan í Tungufjallinu[...] framar [en Víðivellir] er drag nokkurt, sem kallast Klauf. Skammt þar fyrir framan verður gil að ánni, og nefnist Gálgagil á stuttum parti heimast, þar sem þrengst er, og gilið þar raunar örþröngt.“ (bls. 17-18).

Lýsing:

Ekki var farið á staðinn sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í neðanmálgrein í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar segir: „Örnefni þessu fylgir óljós sögn um, að í gilinu hafi (útilegu)þjófar verið hengdir, en hvergi hefur sögnin um það birt á prenti. Þess skal getið, að Gálgagil heitir einnig stuttur hluti árgilsins, sem liggur norðan Glóðafeykis á landamerkjum Flugumýrar og Flugumýrarhvamms, og skráði Gísli Konráðsson sögn um aftöku útileguþjófa þar (sem Ólafur Davíðsson tók m.a. upp í þjóðsagnasafn sitt), og virðist þar vera um svipaða sögn að ræða og varðandi syðra Gálgagilið.“ Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Þar átti að vera reimt, þegar fólk var við grasatekju.“ (bls. 21).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Djúpidalur 146275 – 234 - 107

Sérheiti: Ullarvötn

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Heimild

Staðsetning:

Staðhættir:

Í botni dalsins þegar farið er inn með Tungufjallinu sunnanverðu.

Lýsing:

Ekki var farið á þennan stað sumarið 2007.

Aðrar upplýsingar:

Í neðanmálgrein í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Um vötn þessi [Grænuvötn] og umhverfi þeirra vísast til rits Ólafs Briem: Útilegumenn og auðar tóttir (Rvík 1959), bls. 170-173. Sumir hafa talið, að vötn þau, sem nú nefnast Grænuvötn, séu hin sömu vötn og Ullarvötn þau, sem ýmsar þjóðsögur (útilegumannasögur) eru til um, en um sagnir varðandi Ullarvötn vísast einkum til Ritsafns Hjálmars Jónssonar frá Bólu III (Laust mál),

bls. 54-61.“ (bls. 21).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Leiðir

Djúpidalur 146275 – 234 - 108

Hlutverk: Leið (gönuleið)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Alkunn gönguleið var áður frá Djúpadal fram með Tungufjalli (yfir Víðivelli) og ofan í Horn, Seljárdal og Kleifar við Norðurárdal. Upp frá Grænuvötnum má fara um bratt og urðótt fjalllendi niður í Grjótárdal og eftir honum að Reykjum í Hjaltadal, og milli sömu staða má einnig komast eftir Suðurárdal, sem gengur inn af Hjaltadal. Frá Kattárdal má fara fjöll ofan í Hvammsdal, sem gengur út frá Hjaltadal, en allar eru leiðir þessar, nema e.t.v. hin fyrsttalda, torfarnar og varasamar. Ef fara átti milli Djúpadals og Hóla í Hjaltadal, lá vafalaust beinast við að fara um svokallaðan Rangala upp af Flugumýrarhvammi og þaðan um Austurdal ofan í botn Hvammsdals.“ (bls. 7-8).

Lýsing:

Götur liggja eftir dölunum líklega á svipuðum slóðum og þær hafa alltaf gert, en í dalbotnunum er lítill sem enginn gróður og engar slóðir.

Aðrar upplýsingar:

Í neðanmálgrein í örnefnaskrá Páls segir: „Í riti sínu Skagafjörður (Árbók Ferðafélags Íslands 1946, bls. 216, segir Hallgrímur Jónasson, að eitt sinn hafa Skarphéðinn Símonarson, bóndi í Litladal, farið þessa leið í skammdegi á jólaföstu og náð að kveldi sama dags að Fremri-Kotum í Norðurárdal, og bendir hann jafnframt á, að slíkt sé eigi heiglum hent á þeim árstíma.“ (bls. 21).

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 109

Hlutverk: Leið (gönguleið)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Alkunn gönguleið var áður frá Djúpadal fram með Tungufjalli (yfir Víðivelli) og ofan í Horn, Seljárdal og Kleifar við Norðurárdal. Upp frá Grænuvötnum má fara um bratt og urðótt fjalllendi niður í Grjótárdal og eftir honum að Reykjum í Hjaltadal, og milli sömu staða má einnig komast eftir Suðurárdal, sem gengur inn af Hjaltadal. Frá Kattárdal má fara fjöll ofan í Hvammsdal, sem gengur út frá Hjaltadal, en allar eru leiðir þessar, nema e.t.v. hin fyrsttalda, torfarnar og varasamar. Ef fara átti milli Djúpadals og Hóla í Hjaltadal, lá vafalaust beinast við að fara um svokallaðan Rangala upp af Flugumýrarhvammi og þaðan um Austurdal ofan í botn Hvammsdals.“ (bls. 7-8).

Lýsing:

Götur liggja eftir dölunum líklega á svipuðum slóðum og þær hafa alltaf gert, en í dalbotnunum er lítill sem enginn gróður og engar slóðir.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 110

Hlutverk: Leið (gönguleið)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Alkunn gönguleið var áður frá Djúpadal fram með Tungufjalli (yfir Víðivelli) og ofan í Horn, Seljárdal og Kleifar við Norðurárdal. Upp frá Grænuvötnum má fara um bratt og urðótt fjalllendi niður í Grjótárdal og eftir honum að Reykjum í Hjaltadal, og milli sömu staða má einnig komast eftir Suðurárdal, sem gengur inn af Hjaltadal. Frá Kattárdal má fara fjöll ofan í Hvammsdal, sem gengur út frá Hjaltadal, en allar eru leiðir þessar, nema e.t.v. hin fyrsttalda, torfarnar og varasamar. Ef fara átti milli Djúpadals og Hóla í Hjaltadal, lá vafalaust beinast við að fara um svokallaðan Rangala upp af Flugumýrarhvammi og þaðan um Austurdal ofan í botn Hvammsdals.“ (bls. 7-8).

Lýsing:

Götur liggja eftir dölunum líklega á svipuðum slóðum og þær hafa alltaf gert, en í dalbotnunum er lítill sem enginn gróður og engar slóðir.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Djúpidalur 146275 – 234 - 111

Hlutverk: Leið (gönguleið)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Alkunn gönguleið var áður frá Djúpadal fram með Tungufjalli (yfir Víðivelli) og ofan í Horn, Seljárdal og Kleifar við Norðurárdal. Upp frá Grænuvötnum má fara um bratt og urðótt fjalllendi niður í Grjótárdal og eftir honum að Reykjum í Hjaltadal, og milli sömu staða má einnig komast eftir Suðurárdal, sem gengur inn af Hjaltadal. Frá Kattárdal má fara fjöll ofan í Hvammsdal, sem gengur út frá Hjaltadal, en allar eru leiðir þessar, nema e.t.v. hin fyrsttalda, torfarnar og varasamar. Ef fara átti milli Djúpadals og Hóla í Hjaltadal, lá vafalaust beinast við að fara um svokallaðan Rangala upp af Flugumýrarhvammi og þaðan um Austurdal ofan í botn Hvammsdals.“ (bls. 7-8).

Lýsing:

Götur liggja eftir dölunum líklega á svipuðum slóðum og þær hafa alltaf gert, en í dalbotnunum er lítill sem enginn gróður og engar slóðir.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Landamerki

Djúpadalur 146275 – 234 - 116

Sérheiti: Nautaskálarmelur

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Páls Sigurðssonar fyrir Djúpadal segir: „Heimildarmenn [Jón og Skarphéðinn Eiríkssynir] töldu [...] að merkjum réði nú eigi Nautaskálarendi, heldur varða á Nautaskálarmelum [...]“ (bls. 5). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Úr naufinni eru merkin í stóra vörðu á Nautaskálarmel framan í Glóðafeyki“. (bls. 4).

Lýsing:

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi sumarið 2007, en öruggar heimildir eru fyrir því að hún sé horfin.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen (f. 1939) er þessi varða nú með öllu horfin, reyndar man hann ekki til að hafa séð þessa vörðu og má vera að hún hafi verið farin undir skriðu fyrir hans tíð, en skriðuföll eru tíð á þessu svæði og hafa margar skriður fallið niður á melinn á þessum stað.

Heimildaskrá:

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpadalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpadalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Eyktarmörk

Djúpadalur 146275 – 234 - 117

Sérheiti: Hádegishólar

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Hóll

Staðsetning: A 487238 N 561105

Staðhættir: Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir Djúpadal segir: „Engin eyktarmörk eru nú lengur þekkt frá Djúpadal, nema hádegi var á Hádegishólunum, en þeir eru í Litladalslandi, sunnan við árgilið, beint suður af Djúpadalsbænum“. (bls. 21).

Lýsing:

Ekki var farið á þennan stað sumarið 2007, en um er að ræða allstóra náttúrulega melhóla.

Aðrar upplýsingar:

Hólarnir fá hér númer innan Djúpadals þrátt fyrir að vera staðsettir í landi Litladals.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpadalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Torfmýri í Blönduhlíð

Torfmýrarland er nokkur hundruð metra breið spilda undir miðjum Glóðafeyki milli Flugumýrar og Djúpadals, neðan frá Djúpadalsáreyrum upp á fjallsbrún og fer mjókkandi upp fjallið.

Sögu ágríp

Torfmýri kemur fyrst fyrir í ráðsmannsreikningi Hólastaðar frá árinu 1388 „um bygging á jörðum staðarins“⁴⁹ Torfmýri var hjáleiga Flugumýrar og fór saman eignarhald hennar og höfuðbólsins fram til 1844. Eftir það var jörðin í leiguábúð. Árið 1897 komst jörðin í eigu Djúpadalsmanna og hefur haldist innan sömu ættar síðan. Torfmýri fór í eyði um aldamótin 1700, en hafði fyrir þann tíma verið í langvarandi byggð.⁵⁰ Ekki er vitað til að Torfmýri hafi verið í byggð aftur fyrr en 1824 en svo fór hún í eyði á ný 1934 og hefur ekki byggst upp síðan. En áform voru uppi um að endurbyggja jörðina árið 1949, ekki varð úr því.⁵¹

Náttúrufar og jarðabætur

Í byggðasögu Skagafjarðar segir: „Neðsti hluti landsins er hálfgrónar áreyrar upp að graslendinu sem er stór, óræstur flói en ofan hans tekur við túnið á framræstu landi. Áður var samfelmt mýrlendi umhverfis túnið sem að mestu hefur verið þurrkað með framræslu og að hluta ræktað. Austan við hið framræsta land taka við vallendisbrekkur og grashjallar með dálitlum djúvæitum hér og þar. Efsti grasstallurinn heitir Stólar. Hann er breiðastur í Flugumýrarlandi, út undir fjallsöxlinni, en mjókkar þegar sunnar dregur og hverfur alveg nær miðju fjallsins. Ofan við Stólana rís Glóðafeykirinn snarbrattur þar sem gróðurindar teygja sig upp undir neðstu klettabelti. Hið efra er fjallið gróðurlausar skriður og klettar. Landstærð 150 ha.“⁵²

Torfmýri kemur fyrst fyrir í ráðsmannsreikningi Hólastaðar frá árinu 1388 „um bygging á jörðum staðarins“⁵³ þar segir: „af torfmýre iij merkr j vadmalum h[alft] huart.“⁵⁴

Í jarðabókinni frá 1713 (tekin saman 1709 fyrir Skagafjörð) er jörðin talin með í dýrleika Flugumýrar, þá í eyði, en landskuld sögð 60 álnir um 1700 en kúgildi 2. Yfirleitt var landskuld tekin í hlutfallinu 20:1, þ.e. 5% af verðmæti jarðarinnar var borgað í skatt. Miðað við það má gera ráð fyrir að Torfmýri hafi verið metin á um 10 hdr. um aldamótin 1700. Í jarðabókinni segir enn fremur: „Fóðrast kunni ein kýr, x lömb. þessa grasnyt brúkar nú til slægna og beitar stóllinn og heimabóndinn til helmínga hver og kvittast af ábúandanum þorsteini ásamt landskuld af helmíngi jarðarinnar sem hann ábýr. Ekki má hjer aftur byggja á rýrðar heimajarðarinnar.“⁵⁵

⁴⁹ DI III, bls. 407.

⁵⁰ JÁM IX, bls. 186.

⁵¹ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 196.

⁵² *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 194.

⁵³ DI III, bls. 407.

⁵⁴ DI III, bls. 408.

⁵⁵ JÁM IX, bls. 186.

Árið 1847 er Torfmýri metin með Flugumýri en landskuld sögð 60 álnir, kúgildi 2 og einn leigjandi á jörðinni.⁵⁶ Árið 1849 var túnið „hérumbil 4 dagsláttur, allt þýft og deiglent og rýrnar hér taða við þurkk. Fóðrar til jafnaðar eina kú. Engjar fremur votlendar, sumpart greiðfærar, fremur heyléttar en í meðallagi grasgefnar. Bithaga er óskipt. Torfrista er til heimilisparfa. Á hjáleigunni má til jafnaðar framfæra 1 kú, 20 ær, 12 sauði og 9 lömb, eður 5 hundruð.“⁵⁷ Árið 1861 er Torfmýri talinn að dýrleika með Flugumýri, en þá metin á 9 hdr. af sýslumanni og hreppstjóra.⁵⁸

Árið 1918 var túnið talið 191 ari, þýft en í allgóðri rækt. Gefur af sér 80 hesta. Engjar nærtækar, samfelldar, greiðfærar, í meðallagi grasgefnar. Gefa af sér 160 hesta. Engjavegur hálfslæmur. Bygging léleg. Jörðin í leiguábúð og landskuldin 6 sauðir en kúgildi 1. Landið var metið á kr. 1.800, hús á 400 kr. Samtals 2.200.⁵⁹ Árið 1922 var Torfmýri metin á kr. 2.500 en 2.200 árið 1942, árið 1964 á 136.000, árið 1985 á 164.000 og 706.000 kr. um aldamótin 2000.⁶⁰

⁵⁶ *Jarðatal á Íslandi, með braudlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágríp úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: J. Johnsen, 1847.


⁵⁷ Jarðabók 1849, nr. 218; tilvitnun tekin úr bókinni *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 195.

⁵⁸ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 195.

⁵⁹ Jarðalýsing 1918; tilvitnun tekin úr bókinni *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 195.

⁶⁰ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, bls. 195.

Fornleifaskrá



Loftmynd 7, túnakort frá 1919 lagt yfir loftmynd af Torfmýri. Túngarðurinn er horfinn nema að vestanverðu og passar teikningin þar vel við loftmyndina. Öll útihúsin sem sýnd eru á teikningunni hins vegar horfin utan við fjárhúsin (nr. 2) sem byggð hafa verið upp. Númerin á myndinni svara til öftustu tölunnar í auðkennisnúmeri fornleifanna.

Minjar í túni

Torfmyri 146348 – 236 – 1

Sérheit: Torfmýri

Hlutverk: Bæjarhús

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A 485660 N 563119

Ástand: Einn veggur stendur, annað horfið.

Hættumat: Lítil hættu. Minjar tengdar gamla bænum eru ekki í sérstakri hættu nema bragginn verði rifinn og/eða farið í meiriháttar jarðrask á eða umhverfis bæjarstæðið.

Staðhættir:

Bæjarstæðið í Torfmýri er á aflíðandi hávaða í norðarlega í miðju undirlendi landareignarinnar.

Lýsing:

Engar tóftir eru sýnilegar á staðnum en þarna eru nú tvö sambyggð fjárhús með braggahlöðu austan við. Það eina sem eftir er af bæjarhúsum á staðnum er einn grjóthlaðinn veggur sem fékk að vera eftir þegar bragginn var byggður. Eithvað var þó tekið af veggnum og hlaðið




Mynd 43, leifar af vegghleðslu úr gamla torfbænum eru sýðst í sökkli braggans að austanverðu (næst okkur lengst til hægri á myndinni). Ljós. BZ.

við hann til norðurs, það sem er upprunalegt er því aðeins miðkafla undirstöðunnar fyrir braggann að austan. Bragginn er með steiptum undirstöðum að norðan vestan og sunnan og undir syðsta hluta austurveggjarins, um 1 m til norðurs, þá tekur við hleðsla úr gömlu bæjarhúsunum, úr torfi og grjóti, á um 4 m kafla áfram til norðurs, svo tekur við torf og grjóthlaðin viðbót (um 6 m löng) sem hlaðin var þegar bragginn var byggður 1960. Gamli veggurinn er um 1 m hár og rúmlega 1 m að breidd, það sem eftir stendur af honum.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen sem tók þátt í byggingu braggans er gamli veggurinn sem skilinn var eftir hluti af austurvegg gömlu baðstofunnar. Það eru þá leifar síðasta torfbæjarins í Torfmýri, líklega bær sem byggður var árið 1913 (sjá nánar hér að neðan). En áður en sá bær var byggður var þar annar fyrir og eru til allgreinargóðar lýsingar á honum. Í örnefnaskrá sem eignuð hefur verið Stefáni Magnússyni er bænum á Torfmýri lýst á þessa leið: „[...] þar var ákaflega lítil torfbær. Þrjár burstir snéru fram á hlaðið, ein lítil í miðju, en tvær svolítið stærri hvor til sinnar hliðar, og snéru þær mót vestri. Á burstunum, sem stóðu til hliðar, var þó ekki tréþil nema niður til hálf. Þar undir var torfveggur. Á milli þeirra voru bæjardyrnar.“ (RI, bls. 5). Hvort hér er átt við eldri eða yngri bæinn er óvíst en þó kemur þessi lýsing vel heim og saman við lýsingar á eldri bænum sem stóð fyrir 1913, þó er ekki útilokað að þessir bæir hafi verið með mjög svipuðu sniði og hér sé þeim yngri lýst. Í bókinni Hetjur hversdagslífsins segir Hannes J. Magnússon (1899-1972) frá aðkomu foreldra sinna að gamla bænum á Torfmýri vorið 1897: „Þetta var lágreistur torfbær með þremur, lágum burstum fram á hlaðið. Hann stendur á lágu hólbarði, en umhverfis hann eru blautar mýrar allt í kringum túnið, sem er kargapýft. Í miðju eru bæjardyrnar, en beggja megin eru tveir skálar með hálfþili, veggir neðst, en þil ofar. Norðurskálinn er lítið eitt hærri, á honum er fjöggra rúðu gluggi, ein rúðan er þó brotin, en gatið er troðið poka. Í glugga suðurskálans eru engar rúður. [...] Fyrst er litið inn í norðurskálann. [Þar] er þilið svo óþétt, að víða sér út um rifurnar. Sums staðar hefur verið troðið striga í þær stærstu. Þetta er víst matargeymslan. Suðurskálinn er svipaður. [...] Allläng göng liggja inn úr bæjardyrnunum, dimm og rök. Þeim er lokað bæði að framan og innan með skellihurðum, sem falla sjálfkrafa að stöfum. [...] Nokkru innan við mið göngin eru dyr til beggja handa. Til hægri er búrið, en eldhúsið til vinstri. Allt er þetta úr torfi og grjóti, hvergi þiljur. Allt myglað og rakt. Gólfið óslétt og holótt moldargólf. Á móts við innri skellihurðina eru dyr. [...] Þetta er fjósið. Til hægri liggja göng inn í baðstofuna. Hún er lítil, aðeins sex álnir á breidd, eða háf önnur rúmlengd. Tveir rúmbálkar eru undir austurvegg, en einn fyrir stafni. Skarsúð er undir þekjunni, og svo lágur biti yfir hana þvera, að allir, sem undir hann ganga, verða að beygja sig. Nálega engar þiljur eru í baðstofunni, þó er innri stafninn þiljaður að nafni til niður að rúmbálknum, og sá fremri niður að bita. Ofan við tvö rúmin eru þiljur, en við eitt er aðeins torfveggur. Gólfið er óslétt og holótt. Hafði verið reynt að fylla í holurnar með blautri ösku. Öll rúmin eru föst. Rúmstokkunum hafði verið slegið framan við torfbálkinn. [...] Þrjár gluggar eru á baðstofunni. Tveir snúa mót austri, hvor með tveimur rúðum, en einn snýr í vestur og er sá stærstur með fjórum, litlum rúðum. Það er því sámilega bjart í baðstofunni, en engan gluggann er hægt að opna. Aftur var strompur upp úr þekjunni, og var stungið í hann botnlausri flösku. Þetta var loftræstingin. Annars voru gluggarnir mjög óþéttir, svo að vindurinn blés inn með rúðunum.“ (bls. 16-18) Í fjórða kafla viku Hannes betur að húskostum á Torfmýri: „Ekkert eldstæði var til í bænum, nema hlóðirnar í eldhúsinu, og var svo, þar til ég var kominn yfir fermingu. [s.s. um 1912] Eldhúsið var með víðum strompi á þakinu, sem snjóaði og rigndi inn um, og hurðarlaust var það með öllu. [...] Hlóðirnar voru þannig, að elda mátti í tvennu lagi. Í syðri enda þeirra eldaði mamma allan mat. Fyrst þegar ég man eftir, á svonefndum „treifæti“. Það var hringur úr járn með þremur járnfótum, og ofan á þennan hring voru pottarnir settir, þannan eða ketillinn. En seinna voru þarna gerðar hlóðir, hlaðnar úr steinum. Í hinum enda hlóðanna var svonefnt hófband hangandi ofan úr mæninum, með krókum á neðri endunum, sem krækt var í eyrun á

pottunum. Þarna var sjaldan eldað annað en slátur, svo og soðinn þvottur. Þarna var einnig bakað allt brauð, pottbrauð, hveitibrauð og jólabrauð.“ (bls. 23-4) „Í búrin var geymt slátur, skyr, mjólk og smjör svo og allur soðinn matur. [...] Í búrinu var venjulega ein sláturtunna og ein skyrtonna. Þarna var lítið borð, sem mamma skammtaði á, annars engir skápar, engin þægindi. Þarna var heldur ekkert sæti, engar þiljur, aðeins berir og rakir moldarveggir og moldargólf. Þakið var ein sog í fjárhúsi, myglað torfþak. Lítil þakgluggi var á búrinu með tveimur rúðum í. [...] Frammi í norðurskála var geymdur allur annar matur, svo sem kornmatur, sem bæði var rúgmjöl, bankabygg, hrísgrjón og baunir, svo og kjöt og fiskur, bæði saltfiskur og harðfiskur. Þá voru þarna geymd spariföt okkar, [...] ull, söðullinn hennar



Teikning 17, Samkvæmt þeim bræðrum Hannesi og Stefáni hefur gamli bærinn í Torfmýri lítið eitthvað þessu líkt út. En Samkvæmt Stefáni var byggður nýr bær í Torfmýri árið 1913.

mömmu og ýmislegt fleira. Í suðurskálanum var geymdur eldiviður á veturna, bæði mór og sauðatað, en á sumrin voru geymd þar reiðtygi, amboð, reipi og fleira. “ (bls. 26-7) „Norðan við baðstofuna var fjósið, og var innangengt í það úr bæjargöngunum. Það var fjöggra kúa fjós, lítið og lágt, en sjaldan voru þar nema tvær kýr, einstöku sinnum þrjár, eða kálfur. Það voru mikil hlýindi að þessu fjósi norðan við baðstofuna. Norður af bænum og áföst við hann voru svo tvö fjárhús og löng heytóft á bak við, bæði fyrir fjósið og fjárhúsin.“ (bls. 27) Þá lýsir Stefán Magnússon (1906-1981) bókbindari á Sauðárkróki, yngri bróðir Hannesar, bæjarhúsunum á Torfmýri með svipuðum hætti: „Húsaskipan í Torfmýri var þannig, að þar var ákaflega lítil torfbær. Þrjár burstir sneru fram á hlaðið, ein lítil í miðju, en tvær svolítið stærri hvor til sinnar hliðar, og sneru þær á móti vestri. Á burstunum, sem stóðu til hliðar, var þó ekki tréþil nema niður til álfs. Þar undir var torfveggur. Á milli þeirra voru bæjardyrnar. Þegar inn úr þeim var komið, voru dyr til hvorrar handar. Að sunnanverðu var geymsla fyrir tað og mó til eldiviðar, en að norðan var skáli fyrir amboð, reiðinga, reipi og saltan mat. Innar í göngunum voru aftur tvennar dyr. Annars vegar var eldhús með hlóðum, og þar fór öll eldamennska fram, en hinum megin var búr, og þar voru geymdar m.a. sláturtunnur. Svo beint inn af göngunum voru dyr, og þar var gengið inn í fjósið, en aftur innst í göngunum til hægri var gengið inn í baðstofuna. Hún var afar lítil og hrörleg. Ég skal ekki segja, hve stór hún var í álnum, eins og þá var mælt, en rúmlengd og rúmbreidd á annan veginn, en um tvær rúmlengdir á hinn. Rúmin voru hlaðnir bálkar. Í þau var sett hey eða dýnur og rúmstokkur framan við. Súðin var þiljuð og veggirnir að mestu, a.m.k. yfir rúmunum. Gluggar voru litir tvískiptir á austur og vestursúð og gáfu ekki góða birtu, því að veggir voru þykkir. Gólfið var moldargólf, og ég man eftir því, að svona tvisvar á ári, fyrir jólin og á vorin þegar gert var hreint, var gólfið skafið og jafnað. Í það vildu koma holur, og í þær var sett blaut aska og hún troðin vel niður. [...] þegar ég var sjö ára var svo byggður nýr og stærri bær, en líka úr torfi.“ (Matthías Eggertsson, bls. 10). Í ævisögu Jónasar Jónassonar (1879-1965) frá Hofdölum segir frá því þegar hann var ráðinn sem smali að Torfmýri árið 1889 til þáverandi bónda Alberts Jónssonar og konu hans Stefaníu Pétursdóttur og var þar eitt sumar fram á haust. Hann lýsir bæjarhúsum á Torfmýri á þessa leið: „Ekki voru háreistar byggingar í Torfmýri. Þó voru þar öll venjuleg bæjarhús, en smá voru þau í sniðum. Geymsluskáli var norðan bæjardyra, en eldhús að sunnan, að mig minnir. Austur af skála var búrið, en kofi þar inn af, var eldsneyti í honum geymt og fleira. Baðstofa var sunnan

og austan í kofaþyrpingunni, og minnir mig, að hún snéri frá austri til vesturs, og þá gengið inn í hana að norðan. Baðstofan var sperrureist með reisifjöl ofan á langböndunum, eins og þá var tíðast. Fjórir rúmbálkar voru í baðstofunni, og átti að heita þiljað væri kringum þá, eða upp að lausholtum, en ekki voru þær þiljur þéttar. Svo var auðvitað torfgólf í baðstofunni.“ (bls. 120). Þessi frásögn er fremur ónákvæm og ber í viðamiklum atriðum frá lýsingum þeirra bræðra Hannesar og Stefán Magnússonar sem bjuggu í Torfmýri fram yfir unglingsár, en foreldrar þeirra fluttust að Torfmýri árið 1897 og bjuggu þar til 1917. Hugsanlega hefur bænum verið breitt í millitíðinni, einhvern tíma á þeim 8 árum sem þarna líða á milli, eldhúsið fært, eldiviðarkofi inn af búrinu tekinn og baðstofunni snúið, hitt er þó líklegra að frásögnin sé ónákvæm, enda var Jónas þarna aðeins eitt sumar og haust, 10 ára gamall.

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Jónas Jónasson. *Hofdala-Jónas: sjálfsævisaga, frásögubættir, bundið mál*. Akureyri: Bókaförlag Odds Björnssonar, 1979.

Matthías Eggertsson. „Stefán Magnússon bókbindari, Sauðárkróki.“ *Skagfirðingabók 24*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1996.

Stefáns Magnússon. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.



Mynd 44, núverandi fjárhús og hlöðubraggi standa á gamla bæjarstæðinu í Torfmýri og eru leifar af hlöðnum vegg úr bænum inni bragganum.

Torfmýri 146348 – 236 – 2

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 485655 N 563125

Ástand: Uppistandandi en breytt.

Hættumat: Lítill hættu. Engar minjar eru í hættu nema farið verið í meiriháttar framkvæmdir á svæðinu með tilheyrandi jarðraski.

Staðhættir:

Á gamla bæjarstæðinu í Torfmýri.

Lýsing:

Húsið er enn uppistandandi en búið er að skipta torfinu út fyrir bárujárn og asbest. Grindin er sú sama og var í torfhúsinu og allt fyrirkomulag lítið eða ekkert breytt.

Aðrar upplýsingar:

Í skýrslu Fasteignamatnefndar frá 1965 er talið upp „fjárhús fyrir 150 kindur, gamalt torfhús“. Sigurður byggði þetta hús ásamt Skarphéðni Eiríkssyni þáverandi bónda í Djúpadal. Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon: „Norður af bænum og áföst við hann voru svo tvö fjárhús og löng heytóft á bak við, bæði fyrir fjósið og fjárhúsin.“ (bls. 27).

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Skýrsla Fasteignamatnefndar Skagafjarðarsýslu. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, 1965.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Torfmýri 146348 – 236 – 3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir:

Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes J. Magnússon: „Norðan við baðstofuna var fjósið, og var innangengt í það úr bæjargöngunum.“ (bls. 27).

Lýsing:

Miðað við að gömlu hleðslurnar í austurvegg braggans sem nú stendur á Torfmýri séu upprunalegi austurveggur baðstofunnar, þá ætti fjósið að hafa staðið sem svarar nyrst í bragganum.

Aðrar upplýsingar:

Enn segir Hannes: „Það var fjöggra kúa fjós, lítið og lágt, en sjaldan voru þar nema tvær kýr, einstöku sinnum þrjár, eða kálfur. Það voru mikil hlýindi að þessu fjósi norðan við baðstofuna. Norður af bænum og áföst við hann voru svo tvö fjárhús og löng heytóft á bak við, bæði fyrir fjósið og fjárhúsin.“ (bls. 27).

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Torfmýri 146348 – 236 – 4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn

Staðhættir:

Óljósir, líklega skammt vestur af bænum.

Lýsing:

Engin merki þessa kálgarðar fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon: „Dagarnir liðu. Pabbi lauk við að slá Fjóstunguna. Þá var farið að slá neðan við gamla kálgarðinn [...] Nú var búið slá alveg niður að Sveinkahúsi, en það var hesthús og lambahús. Svo sló hann fyrir neðan Jónasarkofann, en þá flutti hann sig aftur suður að læk og tók nú spildur í austur og vestur og gekk nú sunnan á túnið.“ (bls. 69-70).

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Torfmýri 146348 – 236 – 6

Sérheiti: Jónasarkofi

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 485614 N 563188

Ástand: Horfinn

Staðhættir:

Í örnefnaskrá sem eignuð er Stefáni Magnússyni segir: „í túninu norður af bænum er þúfnastykki, Fjóstungan. Nyrst á henni er Jónasarkofi.“ (RI, bls. 5).

Lýsing:

Engjar menjar þessa húss fundust á vettvangi 14. ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús um 80-90m norður (norð-norðvestur) af bænum í Torfmýri (ca. A 485614 N 563188). Hugsanlega vísar það til þessarar sömu byggingar.

Heimildaskrá:

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.

Stefáns Magnússon. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort: *Torfmýri*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Torfmýri 146348 – 236 – 7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 485584 N 563144

Ástand: Horfinn

Staðhættir:

Á túnakorti er sýnt „peningshús“ í túninu um 60-70m norðvestur af bænum.

Lýsing:

Engjar menjar þessa húss fundust á vettvangi 14. ágúst 2007.

Aðrar upplýsingar:

Ekki er ljóst af öðrum heimildum hvaða bygging þarna hefur staðið.

Heimildaskrá:

Túnakort: *Torfmýri*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Torfmýri 146348 – 236 – 8

Hlutverk: Bæjarlækur

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn

Staðhættir:

Sunnan við bæjarstæðið.

Lýsing:

Þarna er nú búið að grafa skurði og slétta tún og því ekki ljóst nákvæmlega hvar lækurinn hefur runnið, þótt það hafi að líkindum verið þar sem skurðurinn er nú sem liggur í austur vestur, sunnan og neðan við bæjarstæðið.

Aðrar upplýsingar:

Í bók sinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon um bæjarlækinn á Torfmýri:

„Sunnan við bæinn minn rann lítill lækur. [...] Við þennan læk var ullin þvegin á hverju vori. [...] Og svo einn bjartan og fagran morgun er stóri potturinn hennar mömmu borinn suður að læk. Pabbi hafði dyttað að hlóðunum sunnan við lækinn, og mamma hafði borið þangað eldivið í poka. Eftir litla stund var potturinn kominn yfir hlóðirnar, og það var farið að kafrjúka. Við systkinin bárum ullarpokana á milli okkar suður að læknum. [...] Svo þegar farið var að sjóða í pottinum, hófst ullarþvotturinn fyrir alvöru. Hann stóð ekki nema einn dag hjá okkur, en á sumum nágrannabæjunum, svo sem Flugumýri og Djúpadal, stóð hann í marga daga. [...] Mamma sauð ullina í pottinum, en því næst var hún skoluð undir lækjarbununni í svonefndum lár. Hann var rimlakassi eins og kýmreis, nema nokkru minni og rimlarnir þéttari. Það var verk okkar systkinanna að skola ullina í lárnum, taka hana því næst upp úr honum og bera hana út á nærliggjandi þúfur til þerris.“ (bls. 53-54).

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Torfmyri 146348 – 236 – 19

Hlutverk: Þvottastaður

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn

Staðhættir:

Hlóðir voru á bakkanum handan við bæjarlækinn sem rann áður sunnan við bæjarstæðið.

Lýsing:

Þarna er nú búið að grafa skurði og slétta tún og engin merki um hlóðirnar sýnilegar. Ekki er heldur ljóst nákvæmlega hvar lækurinn hefur runnið, þótt það hafi að líkindum verið þar sem skurðurinn er nú sem liggur í austur vestur, sunnan og neðan við bæjarstæðið.

Aðrar upplýsingar:

Í bók sinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon um bæjarlækinn á Torfmyri: „Sunnan við bæinn minn rann lítill lækur. [...] Við þennan læk var ullin þvegin á hverju vori. [...] Og svo einn bjartan og fagran morgun er stóri potturinn hennar mömmu borinn suður að læk. Pabbi hafði dyttað að hlóðunum sunnan við lækinn, og mamma hafði borið þangað eldivið í poka. Eftir litla stund var potturinn kominn yfir hlóðirnar, og það var farið að kafrjúka. Við systkinin bárum ullarpokana á milli okkar suður að læknum. [...] Svo þegar farið var að sjóða í pottinum, hófst ullarþvotturinn fyrir alvöru. Hann stóð ekki nema einn dag hjá okkur, en á sumum nágrannabæjunum, svo sem Flugumýri og Djúpadal, stóð hann í marga daga. [...] Mamma sauð ullina í pottinum, en því næst var hún skoluð undir lækjarbununni í svonefndum lár. Hann var rimlakassi eins og kýmreis, nema nokkru minni og rimlarnir þéttari. Það var verk okkar systkinanna að skola ullina í lárnum, taka hana því næst upp úr honum og bera hana út á nærliggjandi þúfur til þerris.“ (bls. 53-54)

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Torfmýri 146348 – 236 – 9

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

Staðhættir:

Skammt austan við bæinn.

Lýsing:

Parna er nú búið að grafa skurði og slétta tún og því ekki ljóst nákvæmlega hvar lindin hefur verið.

Aðrar upplýsingar:

Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon: „Lindin, sem vatnið var sótt í, var í mýri skammt austan við bæinn, svo sem 40 eða 50 metra frá bæjardyrnum.“ (bls. 215).

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Torfmýri 146348 – 236 – 18

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Torf- og grjóthleðsla

Staðsetning: A 485516 N 563108

Ástand: Sokkinn og gróinn, horfinn að hluta.

Hættumat: Nokkur hættu. Það sem eftir er af túngarðinum gæti verið í hættu vegna jarðvinnslu.

Staðhættir:

Það sem eftir er af túngarðinum er neðst við jaðar gamla túnsins, vestan við bæjarstæðið.

Lýsing:

Túngarðurinn er algróinn um 50 sm breiður, 20-30 sm hár að jafnaði en fer upp í 50 sm þar sem hann er hæstur.

Aðrar upplýsingar:

Túngarður náði áður allt í kringum bæjarhúsin á Torfmýri, en nú sér ekkert af honum nema vestur hliðin og hornið þar sem garðurinn beygir upp til austurs við skurð sem þar er.



Mynd 45, horft til suðurs eftir vesturhlið túngarðsins á Torfmýri (146348 – 236 – 18). Ljós. BZ.

Torfmýri 146348 – 236 – 20**Hlutverk:** Hesthús**Tegund:** Heimild**Ástand:** Horfið**Staðhættir:**

Hesthúsið stóð samkvæmt Sigurði Hansen skammt norðan við núverandi fjárhús og hlöðu.

Lýsing:

Búið er að jafna þetta hús við jörðu og sjást engar menjar um það á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í skýrslu Fasteignamatnefndar frá 1965 er talið upp „hesthús fyrir 12 hross, gamalt torfhús“. Sigurður byggði þetta hús ásamt Skarphéðni Eiríkssyni þáverandi bónda í Djúpadal. Svo ekki ver um eiginlegar fornminjar að ræða.

Heimildaskrá:

Skýrsla Fasteignamatnefndar Skagafjarðarsýslu. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, 1965.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Torfmýri 146348 – 236 – 21**Hlutverk:** Fiskasteinn**Tegund:** Steinn**Hættumat:** Nokkur hætta er á að steinninn verði fjarlægður ásamt öðru grjóti úr túninu.**Staðhættir:**

Steinninn á að hafa staðið á hlaðinu en ef þetta er sami steinn þá hefur hann verið færður.

Lýsing:

Þegar farið var á vettvang þann 14. ágúst 2007 var stór næsta ferkantaður steinn um 40m sunnan við fjárhúsin. Mögulega er þetta fiskasteinninn gamli sem var við bæinn.

Aðrar upplýsingar:

Í bók Hannesar J. Magnússonar Á hörðu vori segir hann frá staðháttum á Torfmýri vorið 1913: „Hljóðlát fóttatak tímans hafði ekki skilið þarna eftir nein veruleg spor, og plógur hans hafði engu bylt við. Þúfurnar í túninu voru enn hinar sömu. Fiskasteinninn stendur enn á hlaðinu, óbifanlegur og stöðugur.“ (bls. 13).

Heimildaskrá:Hannes J. Magnússon. *Á hörðu vori*. Akureyri: Norðri, 1958.

Mynd 46, stór steinn stendur sunnan við braggann í Torfmýri, hugsanlega gamli fiskasteinninn á bænum.

Minjar utan túns



Mynd 47, horft til norðurs yfir tóftir (146348 – 236 – 5), rétt neðan við túngarðinn á Torfmýri, líklega leifar Sveinkahúss. Ljós. BZ.

Teikning 18

Torfmýri 146348 – 236 – 5

Sérheiti: Sveinkahús

Hlutverk: Fjarhús/hesthús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A 485485 N 563131

Ástand: Hleðslur að mestu fallnar, grónar.

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar gætu verið í hættu vegna jarðvinnslu.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá sem eignuð er Stefáni Magnússyni segir: „Sunnan við bæinn er Syðribali og neðar á túninu er Sveinkahús“ (RI, bls. 5).

Lýsing:

Um 80 m VNV af fjarhúsbragganum eru tóftir útihúsa neðan við túngarðurinn. Þreföld hús sem snúa norður-suður og eru dyr mót vestri. Óljós merki eru um garða í syðstu húsunum. Tóftin er algróin og stendur á lágrri upphækkun. Utanmál er 8,5x13,5m hæð veggja mest 40 sm, mesta veggja breidd er 2 m á suðurvegg nyrsta hússins. Fjargata liggur í gegnum tóftina, skurður er norðan hússins meðfram túngarðinum.

Aðrar upplýsingar:

Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon: „Nú var búið slá alveg niður að Sveinkahúsi, en það var hesthús og lambahús.“ (bls. 69-70) Á öðrum stað segir hann: „Aðalfjánhúsin voru áföst við bæinn, en lambhúsið og hesthúsið voru góðan spöl frá bænum.“ (bls. 216).

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.
Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.
Stefáns Magnússon. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.

Torfmýri 146348 – 236 – 10

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Ástand: Horfnar

Staðhættir:

Óljósir.

Lýsing:

Engin örugg merki kvía fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes J. Magnússon (1899-1972): „Kvíaærnar voru hafðar úti og niðri á Hólmunum. Það land var ekki í eign Torfmýrar, þó kom það mjög sjaldan fyrir, að við þeim væri amast [...]. Þangað voru þær reknar á morgnana, og þangað sóttum við þær á kvöldin.“ (bls. 41).

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Torfmýri 146348 – 236 – 11

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Ástand: Horfinn

Staðhættir:

Stekkjاربakki er um 500m vest-suðvestur af bæjarstaðinu á Torfmýri, niður við Dalsáreyrar.

Lýsing:

Engar tóftir fundust á vettvangi 13. ágúst 2007 sem bentu til stekkjara. Eina mannvirkid á þessum stað kartöflugarður syðst á bakkanum, með torf og grjótgarði umhverfis. Hugsanlega hefur stekkurinn verið á sama stað.

Aðrar upplýsingar:

Engar heimildir aðrar en örnefnið eru um stekk á þessum stað.



Mynd 48, horft yfir hleðslur umhverfis kartöflugarð (146348 – 236 – 12) syðst á Stekkjاربakka. Horft til norðurs. Ljósm. BZ.

Torfmýri 146348 – 236 – 12**Hlutverk:** Kartöflugarður**Tegund:** Torf- og grjóthleðsla**Staðsetning:** A 485176 N 562982**Ástand:** Hleðslur standa.**Hættumat:** Lítill hættu. Helsta hættan sem að minjunum stafar er ágangur búfjár.**Staðhættir:**

Stekkjarbakki er um 500m vest-suðvestur af bæjarstæðinu á Torfmýri, niður við Dalsáreyrar.

Lýsing:

Garðurinn er um 17x12m að ummáli, veggir um 1m breiðir og mest um 1m háir. Torf er í norður og vesturvegg, en nær eingöngu grjót annarsstaðar. Dyr hafa verið nyrst á austurveggnum. Hleðslur eru í heild nokkuð vel uppistandandi en hefur hrunið úr þeim á köflum.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Hansen var þarna kartöflugarður á seinni helmingi 20. aldar. Hér er því ekki um eiginlegar fornminjar að ræða. Það er þó venja að skrá öll mannvirki sem bera vitni um fornt verklag og því fær þetta að fylgja með í þessari skýrslu.

Heimildaskrá:

Heimildamaður Sigurður Hansen

Torfmýri 146348 – 236 – 13**Sérheiti:** Stekkjarbakki**Hlutverk:** Þurrkvöllur**Tegund:** Heimild**Hættumat:** Engin hættu.**Staðhættir:**

Stekkjarbakki er um 500m vest-suðvestur af bæjarstæðinu á Torfmýri, niður við Dalsáreyrar.

Lýsing:

Bakkinn harðlendur en algróinn.

Aðrar upplýsingar

Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes Magnússon: „Við höfðum lokið við að heyja á Fitinni og flóanum fyrir neðan bæinn. Þar var svo blautt, að flytja varð heyið burt til þurrkunar. Mamma rakaði það í sátur, en þær voru síðan fluttar á vögum suður á Stekkjarbakkann. Það var rennislétt grund suður við Dalsáreyrar. Þetta var mikið hey. Þegar við höfðum dreift því, var það stærsti flekkurinn, sem við höfðum séð um sumarið. Og svo risu þarna upp margir, langir bólstrar. Það var búsældarlegt að horfa á þessa löngu bólstra af iðjagrænu, ilmandi stargresi. Þarna á litlum bletti áttum við 20-25 hesta.“ (bls. 139-140).

Heimildaskrá:Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.

Torfmyri 146348 – 236 – 15

Sérheiti: Mógrafarbakki

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Mógröf

Staðsetning: A 485760 N 562703

Hættumat: Nokkur hætta. Minjarnar gætu verið í hættu vegna jarðræktar.



Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur segir: „Sunnar (en Steinholt) var Mógrafarbakki og þar var töluvert mikið tekið upp af mó. Neðan við bakkana taka svo Eyrarnar við.“ (RI, bls. 5).

Lýsing:

Mógrafirnar eru enn vel greinilegar, en að mestu grónar. Þó sjást enn bakkar með beinum brúnum á stöku stað. Grafirnar hafa verið mjög umfangsmiklar.

Aðrar upplýsingar:

Í bókinni *Hetjur hversdagslífsins* segir Hannes J. Magnússon (1899-1972): „[...] var tekinn upp mór á hverju vori, en venjulega nokkuð seint, þegar klaki var farinn úr jörðu. Það var ágæt mótekja suður með Bökkunum, en þeir dagar voru erfiðir. Fyrst þurfti að stinga 3-4 skóflustungur af ruðningi, áður en komið var niður á móinn, þá tóku líka við 6-8 skóflustungur af ágætum mó. En seinast var erfitt að kasta hnausunum upp úr gröfinni, sem hálfylltist af vatni. [...] Ef þurrkar gengu næstu daga og vikur, mátti hreykja mónum fljótlega. Var hann fyrst borinn saman í litla hrauka, en síðar, þegar hann var orðinn enn betur þurr, var hann borinn saman í stærri hlaða og geymdur þannig til haustsins. En þá var honum annaðhvort hlaðið saman í einn stóran hlaða, eða fluttur heim.“ (bls. 32). Mórinn var svo geymdur í suðurskálanum yfir veturinn.

Heimildaskrá:

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins*. Akureyri: Norðri, 1953.


Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Torfmyri*. Örnefnastofnun Íslands.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Torfmyri*. Örnefnastofnun Íslands.

Mynd 49, horft til norðurs yfir mógrafir (146348 – 236 – 15) á svokölluðum Mógrafarbakka suður við merki Torfmyrar og Kringlumýrar.



Mynd 50, horft til vesturs yfir tóftir beitarhúsa (146348 – 236 – 16) ofan við Torfmyri, sem sést í fjarska. Ljós. BZ.



Teikning 20

Torfmýri 146348 – 236 – 16

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Fjánhús og heytóft/hlaða

Staðsetning: A 485968 N 563379

Ástand: Hleðslur fallnar, sokknar og blásnar.

Hættumat: Lítill hættu. Helsta hættan sem að minjunum stafar er ágangur búfjár.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur segir: „Neðan við Hausana utan til voru beitarhús frá Torfmýri, löngu aflögð. Þar neðan við tekur við Torfmýrarflóinn, og nær hann niður undir túnið.“ Húsin eru í brekkunni ofan við efsta skurðinn í landi Torfmýrar, um 40m sunnan við merkjaskurð sem afmarkar landið til norðurs að Flugumýri.

Lýsing:

Tóftirnar liggja norðaustur-suðvestur og eru um 9x16m að utanmáli, hús með garða sem Sigurður Hansen telur hafa verið um 50 kinda hús. Breidd garða 1m, lengd 9m og hæð 35sm. Heytóft eða hlaða hefur verið austan við og innangengt inní húsið. Veggir eru mest um 30sm háir, grjóti hefur verið hlaðið neðst með innbrúnum fjárhúsveggjanna og garðinn grjóthlaðinn neðst, ekkert grjót var hins vegar sýnilegt í heytóftinni eða hlöðunni.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamaður Sigurður Hansen

Torfmýri 146348 – 236 – 17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A 485973 N 563398

Ástand: Hleðslur grónar

Hættumat: Lítill hættu. Helsta hættan sem að minjunum stafar er ágangur búfjár.

Staðhættir:

Um 7m norðaustur af beitarhúsunum í Torfmýri. Beitarhúsin eru í brekkunni ofan við efsta skurðinn í landi Torfmýrar, um 40m sunnan við merkjaskurð sem afmarkar landið til norðurs að Flugumýri. Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur segir: „Neðan við Hausana utan til voru beitarhús frá Torfmýri, löngu aflögð. Þar neðan við tekur við Torfmýrarflóinn, og nær hann niður undir túnið.“

Lýsing:

Tóftin/niðurgröfturinn liggur nálega austur-vestur, 7x2,5m að innanmáli, og virðist grafin inní brekkuna að austan, þar er veggurinn 110sm háur, og að því er virðist grjóthlaðinn. Skriða hefur runnið yfir og inní mannvirkið að norðan. Útbrúnir veggja eru mjög óljósar. Hugsanlega eru þetta kvíar, en skriðuföll hafa í gegnum tíðina afmyndað tóftina svo erfitt er að segja til um það með nokkurri vissu. Þetta geta þó varla hafa verið kvíarnar sem Hannes Magnússon talar um í bók sinni *Hetjur hversdagslífsins*, því þær virðast hafa verið heim



Mynd 51, óþekktur niðurgröftur (146348 – 236 – 17) skammt út og upp af beitarhúsunum (146348 – 236 – 16) á Torfmýri. Ljósm. BZ.

við bæ eða þar nálægt og kvíærnar samkvæmt honum þá reknar niður á Hólmana.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.
Heimildamaður Sigurður Hansen

Landamerki



Mynd 52, horft til norðurs yfir Merkjabúfu (146348 – 236 – 14) á merkjum Flugumýrar og Torfmýrar. Ljós. BZ.

Torfmýri 146348 – 236 – 14

Sérheiti: Merkjabúfa

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Náttúrumyndun

Staðsetning: A 485065 N 563143

Hættumat: Lítill hættu. Óvíst er hvort þarna er mannvirki að ræða, eða náttúrulega þúfu.

Staðhættir:

Í örnefnaskrá sem eignuð er Stefáni Magnússyni segir: „Utan við Stekkjarbakka er Reiðholt [einnig kallað Steinholt] og á því miðju er Merkjabúfa.“ (RI, bls. 5). Í örnefnaskrá Nönnu Rögnvaldardóttur segir um Steinholt: „Neðan við Torfmýrartúnið,

sem var lítið áður fyrir, var mýrasvæði sem kallað var Fit eða Torfmýrarfit. Þar neðan við var Stekkjarbakki, og norðan við hann, á merkjum móti Flugumýri, hét Steinholt.“ (RI, bls. 5).

Lýsing:

Engin augljós mannaverk eru á þúfunni önnur en girðing sem liggur yfir hana miðja, sennilega er hún náttúruleg.

Hættumat:

Girðing liggur yfir þúfuna, sem að öðru leyti er ekki í hættu af ábúð eða mögulegu raski.

Heimildaskrá:

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.
Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.
Stefáns Magnússon. Örnefnaskrá: *Torfmýri*. Örnefnastofnun Íslands.

Samantekt

Minjar og varðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Ef varðveist hefur heild slíkra minja kann það að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör/lífshætti manna til forna.

Á undanförunum árum hefur hugtakið menningarlandslag verið mjög í umræðunni í sambandi við svokallaða menningartengda ferðapjónustu og má segja að fólk sé farið að átta sig á mikilvægi þess menningararfs sem í sjálfu landinu býr, til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, byggingahætti og landnotkun. Minjar í landslaginu, menningarminjarnar, geta skipt verulegu máli við umhverfismat og kynning á fornleifum er mikilvæg, því hún eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og sögu jarðar og búskaparhætti. Þekking á menningarlandslaginu er grundvöllur góðrar minjaverndar og skipulags.

Fornleifar eru metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. Það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Fjöldi fornleifa á jörðunum

Sumarið 2007 voru jarðirnar Djúpidalur og Torfmýri skráðar. Heildarfjöldi fornleifa á jörðunum eru 151, þar af voru 50 horfnar og 20 óskráðar. Af skráðum fornleifum á þessum tveim jörðum voru því alls um þriðjung þeirra horfnar eða 33%.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Horfnar/Ófundnar	Óskráð á vettvangi	Horfnar % (af skráðum tóftum)
Djúpidalur	130	41	20	32%
Torfmyri	21	9	0	42%
Samtals	151	50	20	33%

Fornleifar í landi Djúpadals

Heildarfjöldi fornleifa í Djúpadal voru 130, þar af voru 41 horfnar eða fundust ekki á vettvangi eða 32 % af skráðum tóftum. Tuttugu staðir sem koma fram í heimildum voru ekki kannaðar að þessu sinni, flestir framan við Djúpadalssel, staðirnir sem um ræðir eru einkum grasatekjustaðir, tjaldstæði og þjóðsagnastaðir.

Hlutu gamla bæjarins stendur enn sambyggður íbúðarhúsinu, sem var byggt 1942. Flest gömlu útihúsanna í heimatúninu eru með öllu horfin, veggjabrot eru að vísu eftir af þremur þeirra, þar af í tveimur tilfellum inni núverandi útihúsum, en engar heillegar tóftir. Túngarðurinn er sömuleiðis horfinn og öll ummerki um beðasléttur. Þegar komið er út fyrir túnið er hins vegar töluvert af minjum, en í mjög misjöfnu ástandi. Flestar bera minjarnar

Þess merki að töluvert er um ágang búfjár, hesta og kinda á landareigninni. Hvergi er t.a.m. að finna vel uppistandandi torfvegg en hleðslur úr grjóti hafa staðið betur. Búið var á Stekknum eða Tilveru á þriðja áratug tuttugustu aldar en þær minjar eru nær jafnaðar við jörðu. Það eru helst túngarðarnir umhverfis Stekkinn og Selið sem standa hvað best. Beitarhúsin á Selinu eru að vísu vel greinileg en töluvert hrunin. Merkilegasti afrakstur þessarar skýrslugerðar er án nokkurs vafa fundur áður óþekktra minja umhverfis og á Kvíhóli á Selgrundunum fram í dalnum. Flest bendir til að þar sé fundið fornbyli þar sem virðist hafa verið búið á 14.-15. öld og jafnvel fyrr.

Tóftum í landi Djúpadals stafar helst hætta vegna almennrar landnýtingar, ágangi búfjár og jarðræktar.

Fornleifar í landi Torfmýrar

Heildarfjöldi fornleifa í Torfmýrar voru 21, þar af voru 9 sem horfnar eða 42% af skráðum tóftum.

Bærinn er horfinn utan við einn veggstubb sem sagður er vera úr baðstofunni, þegar hlöðubraggin var byggður við núverandi fjárhús var þessi veggur nýttur í undurstöður hans að austan. Núverandi fjárhús eru á sama stað og gömlu torfhúsin, en þeim var haldið við og smátt og smátt var torfi og grjóti skipt út fyrir bárujárn og aspestplötur. Vestasti hluti túngarðsins er enn óskaddaður og tóftir neðan hans. Þær eru þó töluvert sokknar og troðnar eftir búfé. Fyrir ofan ræktarlandið eru leifar beitarhúsa, aðeins neðstu steinaraðirnar eftir, annað hefur orðið að lúta í lægra haldi fyrir náttúröflunum og ágangi búfjár. Þá eru uppistandandi hleðslur kartöflugarðs frá 20. öld vestur á Stekkjarbakka, en stekkurinn horfinn. Mjög greinileg ummerki eru um mótekju suður við merki Torfmýrar og Kringlumýrar.

Tóftum stafar helst hætta vegna almennrar landnýtingar, ágangi búfjár og jarðræktar.

Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða henta vel til kynningar

Grænutóftir, forvitnilegt væri að kanna hverslags byggingar þarna hafa staðið og frá hvaða tíma. En nafnið bendir til að þarna séu gamlar minjar, þar sem sama ættin hefur búið í Djúpadal síðan 1734 og ekki er annað nafn þekkt á tóftunum.

Bakkakot er mjög forvitnilegur staður þar sem grunur leikur á að þar gæti hafa verið mannabústaður eins og nafnið gefur til kynna. Könnun á því hverslags minjar þar er að finna og aldursgreining þeirra væri því mjög fróðleg og gæti hugsanlega breytt sögu byggðar á staðnum.

Stekkurinn, hóllinn sem stekkurinn sjálfur var síðast á geymir greinilega eldri byggingar mjög líklega beitarhús sem heimildir eru um, en þar gæti einnig leynst eitthvað eldra undir. Þarna var búið á þriðja áratug 20. aldar en ekki heimildir um eldri byggð. Aldursgreining á túngarðinum umhverfis Stekkurinn mjög fróðlegur, þar sem túngarðar eru yfirleitt settir í samhengi við heilsársbyggð og gæti aldur hans því gefið vísbendingar aldur byggðar á staðnum.

Selið, bæði tóftir meðfram beitarhúsunum að austan og sér í lagi hringlaga mannvirkið neðan (sunnan) við beitarhúsin, en það er fremur óvenjulegt og væri gaman að fá úr því skorið hvort þar sé að finna rétt eða jafnvel byggingu með þaki, líka þeirri sem sögð er hafa staðið þar sem réttin er á Tungufjallssporði. Elsti hluti túngarðsins umhverfis selið er grjóthlaðinn og því gæti verið örðugt að aldursgreina hann, en það væri engu að síður fróðlegt, þar sem, eins og áður segir, það gæti gefið vísbendingu um eldri byggð á staðnum.

Fornbýlið við Kvíhól, mjög fróðlegt væri að kanna nánar aldur þessara minja, s.s. með profuskurði í túngarðinn og sjálfan Kvíhólinn. Þá væri mjög forvitnilegt að grafa í hringlaga tóftina sunnan við túngarðinn og komast að því um hverslags mannvirki þar er um að ræða. *Þessar minjar eru í hættu vegna landrofs og þola illa mikinn átroðning, það er því nauðsynlegt að þær verði rannsakaðar sem fyrst.*

Áhugavert til kynningar í Djúpadal

Það eykur mikið á gildi minjanna hve mikil saga er tengd sumum þeirra og væri sjálfsagt hægt að gera meira úr sögu Mera-Eiríks og þeim minjum sem tengjast honum og fyrstu kynslóðum afkomenda hans, s.s. hestasteininum heima á hlaðinu, fjárborgunum og vörðunum fram eftir dalnum, vörslugörðum ofan við Djúpadal og á Stóruskriðu, beitarhúsunum og Selinu ofl.

Hægt að kynna gönguleiðir fram dalinn ýmist fram á Selið og/eða í Tungufjallið sem léttari göngu, eða erfiðari göngu fyrir vant fólk fram Heimdal og þaðan niður í einhvern afdala Hjaltadals, eða fram Tungufjallið að sunnan og ofan í Kleifar eða Horn. Mögulega með gistingu á draugaslóðum við Gálgagil fyrir þá sem því þora. Jafnvel væri hægt að leita útilegumanna við Ullarvötn, eða nykurs við Grænuvötn eftir því hvert er haldið. Í slíkum ferðum væri hægt að koma við á minjastöðum á leiðinni og virða þá fyrir sér eftir því sem ferðinni miðar fram dalina og segja sögur af ábúendum, af nógu er að taka í því efni.

Einnig væri áhugavert fyrir marga að fara á slóðir frúarinnar á Hólum upp í Húsgilsdrag, þar sem Helga Sigurðardóttir kona Jóns Arasonar á að hafa hafst að í felum eftir að Jón var tekinn höndum. Jafnvel að ganga þangað frá Hólum eða fara frá Djúpadal til messu á Hólum eins og stundum var gert áður fyrr.

Áhugavert til kynningar í Torfmýri

Eftir að hafa lesið bók Hannesar Magnússonar getur verið gaman að fara í Torfmýri og sjá fyrir sér söguumhverfi bókarinnar, þrátt fyrir að margt sé nú breytt. Minjaumhverfið er þó fremur rýrt og lítið eftir af eiginlegum byggingum, en eitt og eitt atriði eins og mógrafirnar

niður á Mógrafarbakka minna þó enn á erfiða lífsbaráttu sem háð var á kotbýlum eins og Torfmýri allt fram á 20. öld.

Niðurlag

Minjarnar á þessum jörðum eru einkum hefðbundnar búsetu minjar frá 19. og 20. öld, annars vegar kotbýlis í Torfmýri og hins vegar ríflegs meðalbýlisins í Djúpadal. Heimatúnin á báðum jörðunum eru að mestu laus við áberandi minjar en minjaumhverfið heildstæðara þegar komið er útfyrir núverandi ræktunarsvæði. Einkum er svæðið á Dalnum frá Djúpadal og fram að Tungufjalli ríkt af minjum og þar er einnig að finna leifar mun eldri mannvirkja a.m.k. frá 14.-15. öld og jafnvel mun eldri hugsanlega frá fyrstu tíð Íslandsbyggðar.

Skráning fornleifa er mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar. Þess ber einnig að geta að minjar geta leynst neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildaskrá

Biskupasögur III. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1998.

Hannes J. Magnússon. *Hetjur hversdagslífsins: nokkrar þjóðlífsmyndir frá upphafi 20. aldar*. Akureyri: Norðri, 1953.

Hannes J. Magnússon. *Á hörðu vori: nokkrar minningar frá upphafi nýrrar aldar*. Akureyri: Norðri, 1958.

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953, 3. hefti. [Útgáfustað vantar]: Sögufélag Skagfirðinga, 1956.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafél. 1930.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrip úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn: J. Johnsen, 1847.

Jónas Jónasson. *Hofdala-Jónas: sjálfsævisaga, frásöguþættir, bundið mál*. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar, 1979.

Matthías Eggertsson. „Stefán Magnússon bókbindari, Sauðárkróki.“ *Skagfirðingabók 24*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1996.

Ritsafn Hjálmars Jónssonar frá Bólu III (Laust mál). Reykjavík: Ísafold, 1975.

Símon Eiríksson. *Saga Eiríks Magnússonar (Mera-Eiríks)*. Eyrarbakka: Símon Bjarnason Dalaskáld, 1912.

Stefán Jónsson. *Djúpdælasaga*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1984.

Margeir Jónsson. *Bæjanöfn á Norðurlandi: rannsókn og leiðréttingar. - 1 bindi. Torskilin Bæjanöfn í Skagafjarðarsýslu*. Akureyri: [Útgefanda vantar], 1921.

Pormóður Sveinsson. „Felustaður frúarinnar á Hólum“ í *Skagfirðingabók VI*. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1973.

Aðrar heimildir

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur - Athugasemdir og viðbætur*. Örnefnastofnun Íslands, 1985.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1983.

Nanna Rögnvaldardóttir. Örnefnaskrá: *Torfmyri*. Örnefnastofnun Íslands.

Páll Sigurðsson. Örnefnaskrá: *Djúpidalur*. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá: *Torfmyri*. Örnefnastofnun Íslands.

Stefáns Magnússon. Örnefnaskrá: *Torfmyri*. Örnefnastofnun Íslands.

Skýrsla Fasteignamatsnefndar Skagafjarðarsýslu. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, 1965.

Túnakort: *Djúpidalur*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort: *Torfmyri*. (1919) Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Heimildamenn

Sigurður Hansen (f. 1939), fæddur og uppalinn í Djúpadal, bóndi í Kringlumýri.

Eiríkur Skarphéðinsson (f. 1969), fæddur og uppalinn í Djúpadal, bóndi í Djúpadal.

Fylgiskjöl

Skrá yfir myndir

Mynd 1, horft í suðvestur yfir heimagrafreitinn í Djúpadal.....	19
Mynd 2, horft Rústirnar, einn af öskuhaugunum í Djúpadal	21
Mynd 3, horft yfir leifar Gíslhúsa suður af íbúðarhúsin í Djúpadal	28
Mynd 4, hleðslur við Réttarhúshól.....	31
Mynd 5, Réttarhúshóllinn	31
Mynd 6, Réttarhúsin og stæði Nýhúsa.....	34
Mynd 7, túngarður ofan við heimatúnið í Djúpdal	36
Mynd 8, leifar réttarkofans réttarkofinn.....	38
Mynd 9, Kvíasteinn á Kvíhól ofan við réttina í Djúpadal.....	38
Mynd 10, svokallað Byrgi ofan við bæinn Skriðu.....	48
Mynd 11, vörslugarður ofan við og í svokölluðu Hólfi ofan við Djúpadal	51
Mynd 12, Brúarstæði Eiríks hreppstjóra á Djúpadalsá í Flagmýrarhvammi	54
Mynd 13, Stekkurinn/Tilvera.....	55
Mynd 14, tóftir mannbústaðar á Stekknun.....	55
Mynd 15, túngarðurinn á Stekknun/Tilveru.	57
Mynd 16, rústir fjárborgar í Miðfjalli	61
Mynd 17, varða á Hrútaskriðu	63
Mynd 18, varða á Hrútaskriðu	64
Mynd 19, hleðsla á Hrútaskriðu.....	64
Mynd 20, rústir fjárbyrgis á Hrútaskriðu	65
Mynd 21, varða á skriðu úr heimara Selgili.....	66
Mynd 22, rústir beitarhúsanna á Selinu	67
Mynd 23, rústir beitarhúsanna á Selinu	68
Mynd 24, eldri tóftir á Selinu.....	69
Mynd 25, hringlaga mannvirki neðan við beitarhúsin á Selinu.....	70
Mynd 26, túngarðurinn vestan við Selið.....	71
Mynd 27, túngarðurinn norðan við Selið.....	72
Mynd 28, túngarðurin austan við Selið.....	73
Mynd 29, hleðsla á malarbakkanum suðaustur af Selinu í Djúpadal.....	74
Mynd 30, hleðsla suðaustast á Selgrundunum, suður af Kvíhól.....	75
Mynd 31, Kvíhóll framan við Selið í Djúpadal.	75
Mynd 32, fornar tóftir við Kvíhól.	77
Mynd 33, garðlög og tóftir við Kvíhól	78
Mynd 34, aflöng tóft suður af Kvíhóli.	81
Mynd 35, hringlaga mannvirki suður af Kvíhól.	82
Mynd 36, Byrgishóll	83
Mynd 37, hleðsla á Byrgishóli	84
Mynd 38, hleðslur á Byrgishóli	86
Mynd 39, rétt á Tungufjallssporði	88
Mynd 40, hleðsla á Tungufjallssporði	90
Mynd 41, Þorbjargarsteinn.....	94
Mynd 42, leifar af gamla torfbænum í Torfmýri.	104

Mynd 43, núverandi fjárhús og hlöðubraggi í Torfmýri.....	107
Mynd 44, hugsanlega gamli fiskasteinninn á bænum.....	112
Mynd 45, vesturhlið túngarðsins í Torfmýri.....	111
Mynd 46, líklega leifar Sveinkahúss.....	113
Mynd 47, hleðslur umhverfis kartöflugarð á Stekkjarbakka	114
Mynd 48, mógrafir suður við merki Torfmýrar og Kringlumýrar.....	116
Mynd 49, tóftir beitarhúsa ofan við Torfmýri.....	116
Mynd 50, niðurgroftur við beitarhúsin í Torfmýri.....	117
Mynd 51, Merkjapúfa á merkjum Flugumýrar og Torfmýrar.....	118

Skrá yfir loftmyndir

Loftmynd 1, Túnakort frá 1919 lagt yfir loftmynd af heimatúni Djúpadals.....	17
Loftmynd 2, heimreiðin og leiðin í framhlíðina, suðurhluta Blönduhlíðar.....	41
Loftmynd 3.....	52
Loftmynd 4, Tilvera/Stekkurinn.....	60
Loftmynd 5, dalurinn fram að Tungufjalli.....	96
Loftmynd 6, Grænuvötn og Ullarvötn.....	97
Loftmynd 7, túnakort frá 1919 lagt yfir loftmynd af Torfmýri.....	104

Djúpidalur 146275 234

Nr. Fornleifa			Hlutverk	Tegund	Sérheiti	Hættumat	Hættuorsök	Tímabil	Austun	Norðun	bls.
146275	234	1	Bær	Torfbær	Djúpidalur	Lítill hætta	Ábúð*	(14.-) 19.-20. öld	486921	562069	17
146275	234	2	Bænhús/kirkja	Heimild***				14.-18. öld			18
146275	234	3	Bæjarhóll/óþekkt	Heimild	Bæjarhóll	Lítill hætta	Greftrun	?	486892	562024	19
146275	234	4	Öskuhóll	Hóll	Rústir/Rústahóll	Lítill hætta	Ábúð	(18.-) 19.-20. öld	486894	562065	20
146275	234	5	Vatnsból	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	486920	562061	21
146275	234	6	Óþekkt	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	?	486896	562051	21
146275	234	7	Smiðja	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	486908	562094	22
146275	234	8	Skemma	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	20. öld	486906	562090	23
146275	234	9	Skemma	Heimild	Skemma Maura-Jóns	Lítill hætta	Ábúð	19. öld	486894	562065	23
146275	234	10	Fjós	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	486914	562122	23
146275	234	11	Óþekkt	Heimild	Jónshús			19.-20. öld			24
146275	234	12	Matjurtagarður	Heimild	Rústir/Rústahóll	Lítill hætta	Ábúð	20. öld	486894	562065	24
146275	234	13	Öskuhólar	Heimild	Öskuhólarnir			(14.-19. öld)**			26
146275	234	14	Óþekkt	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	(14.-20. öld)	486906	562089	26
146275	234	15	Óþekkt	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	(14.-20. öld)			27
146275	234	16	Óþekkt	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	(14.-20. öld)			27
146275	234	17	Beðaslétta	Heimild	Lambhússlétta	Engin hætta		19.-20. öld			27
146275	234	18	Beðaslétta	Heimild		Engin hætta		19.-20. öld			28
146275	234	19	Fjánhús	Tóft	Gíslhús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	486941	561944	28
146275	234	20	Fjánhús	Hleðsla	Réttarhús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	487031	561979	29
146275	234	21	Rétt	Heimild	Réttarhúshóll			?			29
146275	234	22	Túnslétta	Heimild		Engin hætta		19. öld			30
146275	234	23	Túngarður	Heimild	Elínartúngarður	Lítill hætta	Ábúð	?-20. öld	486965	562036	30
146275	234	24	Óþekkt	Hleðsla		Lítill hætta	Ábúð	20. öld	487025	561966	31
146275	234	25	Taðþurrkun	Þurrkvöllur		Engin hætta		19.-20. öld	487002	561945	31
146275	234	26	Fjánhús	Fjánhús	Samstæðuhús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	487068	562007	32
146275	234	27	Réttarkofi	Hleðsla		Nokkur hætta	Ábúð	19.-20. öld	487098	562017	38
146275	234	28	Fjárrétt	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	487091	562018	37
146275	234	29	Kvíar	Heimild	Kvíhóll	Lítill hætta	Ábúð	? -20. öld	487128	562000	39
146275	234	30	Kvíar	Heimild	Kvíagjá			? -20. öld			53
146275	234	31	Vatnsból	Uppspretta	Lindin	Engin hætta		?-20. öld	486915	561959	31
146275	234	32	Leið	Reiðvegur		Engin hætta		?-21. öld	486818	561963	39
146275	234	33	Vegur	Torfhleðsla	Brúin	Nokkur hætta	Ábúð	19.-20. öld	486787	561897	40
146275	234	34	Vað	Vað		Engin hætta		?-21. öld	486751	561855	40
146275	234	35	Ullarþurrkun	Þurrkvöllur	Ullarberg	Engin hætta		19.-20. öld	486795	561860	41
146275	234	36	Yfirsetustaður	Heimild	Sauðaskjól	Engin hætta		19.-20. öld	486844	561826	42
146275	234	37	Rétt	Heimild		Lítill hætta	Náttúruleg	(18.-) 19.-20. öld	486888	561789	33
146275	234	38	Vegur	Heimild	Brúin	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld			49

Djúpidalur 146275 234

146275	234	39	Vegur	Heimild	Litlubrýr	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	486553	562437	46
146275	234	40	Byrgi/Gullabú	Hleðsla	Byrgið	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	486646	562738	48
146275	234	41	Óþekkt/Gullabú	Hleðsla		Lítill hætta	Ábúð	?	486508	562580	48
146275	234	42	Þjóðsagnastaður	Steinn	Þorbjargarsteinn	Engin hætta			486957	561807	96
146275	234	43	Fjánhús	Heimild	Lambhús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	486845	562132	33
146275	234	44	Fjánhús	Heimild	Nýhús	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	487007	562024	34
146275	234	45	Taðþurrkun	Heimild	Nýhúshóll			? 19.-20. öld	487006	562042	34
146275	234	46	Túngarður	Garðlag		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	487047	562063	36
146275	234	47	Hesthús	Heimild	Gilsakofi	Lítill hætta	Ábúð	20. öld	487045	562058	35
146275	234	48	Túngarður	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	? 19.-20. öld			37
146275	234	49	Hesthús	Heimild	Gamla hesthúsið	Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	486950	562120	35
146275	234	50	Vatnsból	Heimild	Lambalækur	Engin hætta		? -20. öld	487102	562294	50
146275	234	51	Óþekkt	Bæjarhóll?	Bakkakot	Nokkur hætta	Ábúð	?	486615	562040	42
146275	234	52	Óþekkt	Heimild	Bakkakot	Nokkur hætta	Ábúð/Náttúrul.	?	486615	562039	43
146275	234	53	Mylla	Heimild		Lítill hætta	Ábúð/Náttúrul.	?-19. öld	486495	562134	44
146275	234	54	Óþekkt	Tóftahóll	Grænutóftir	Nokkur hætta	Ábúð	?	486335	562305	44
146275	234	55	Náma (torf)	Heimild	Reiðingamýri	Engin hætta		? -20. öld			45
146275	234	56	Vatnsból	Heimild	Brynningamýri	Engin hætta		? -20. öld			49
146275	234	57	Áningarstaður	Laut/drag	Matarlaut	Engin hætta		? -20. öld	486381	562649	49
146275	234	58	Náma (torf)	Heimild	Flói	Engin hætta		? -20. öld			45
146275	234	59	Þjóðsagnastaður	Drag	Húsgilsdrag			16. öld			97
146275	234	60	Geitabyrgi	Heimild				? -20. öld			53
146275	234	61	Nátthagi	Heimild				? -20. öld			53
146275	234	62	Brú	Heimild		Engin hætta		19. öld	487339	561781	54
146275	234	63	Bústaður	Tóft	Tilvera	Lítill hætta	Ábúð	20. öld	487944	561907	56
146275	234	64	Óþekkt	Tóft	Stekkurinn/Tilvera	Lítill hætta	Ábúð	? - 20. öld	487927	561914	57
146275	234	65	Túngarður	Garðlag	Stekkurinn/Tilvera	Lítill hætta	Ábúð	? - 20. öld	487846	561921	60
146275	234	66	Vatnsból?	Lækur	Stekkjarlækur	Engin hætta		? - 20. öld	487798	561926	61
146275	234	67	Stekkur	Tóft	Stekkur	Lítill hætta	Ábúð	19. -20. öld	487870	561846	58
146275	234	68	Óþekkt/Varnargarður	Garðlag	Stekkurinn/Tilvera	Lítill hætta	Ábúð	? - (18. öld)	487884	561863	59
146275	234	69	Beitarhús	Heimild	Stekkurinn/Tilvera	Lítill hætta	Ábúð	18. öld			60
146275	234	70	Vað	Vað	Stekkjjarvað	Engin hætta		? - 21. öld	488003	561761	61
146275	234	71	Fjárborg	Tóft		Lítill hætta	Ábúð	18. öld	488302	561946	63
146275	234	72	Fjárborg	Heimild							64
146275	234	73	Fjárborg	Tóft		Lítill hætta	Ábúð	18. öld	488847	562000	66
146275	234	74	Beitarhús	Tóft	Djúpadalssel/Sel	Lítill hætta	Ábúð	20. öld	489751	561971	70
146275	234	75	Óþ./Sel/Sauðahús	Tóft	Djúpadalssel/Sel	Lítill hætta	Ábúð	?-18. öld	489761	561970	71
146275	234	76	Túngarður	Garðlag	Djúpadalssel/Sel	Lítill hætta	Ábúð	?-20. öld	489717	562025	73

Djúpidalur 146275 234

146275	234	77	Varnargarður	Hleðsla	Djúpadalssel/Sel	Lítill hætta	Ábúð	20. öld	489751	562062	74
146275	234	78	Túngarður	Garðlag	Djúpadalssel/Sel	Lítill hætta	Ábúð	?-19.-20. öld	489754	562021	75
146275	234	79	Óþekkt	Tóft	Djúpadalssel/Sel	Lítill hætta	Ábúð	?-18. öld	489744	561947	72
146275	234	80	Kvíar	Heimild	Djúpadalssel/Sel						76
146275	234	81	Bæjarhóll/Kvíar	Tóft	Kvíhóll	Lítill hætta	Ábúð	? (14.-19. öld)	489948	562005	78
146275	234	82	Óþekkt	Tóft	Kvíhóll	Lítill hætta	Ábúð	? (14.-15. öld)	489960	562012	79
146275	234	83	Óþekkt	Tóft	Kvíhóll	Lítill hætta	Ábúð	? (14.-15. öld)	489963	562003	80
146275	234	84	Óþekkt	Tóft	Kvíhóll	Lítill hætta	Ábúð	? (14.-15. öld)	489970	562001	80
146275	234	85	Óþekkt	Garðlag	Kvíhóll	Lítill hætta	Ábúð	? (14.-15. öld)	489972	561993	81
146275	234	86	Túngarður	Garðlag	Kvíhóll	Mikil hætta	Ábúð/Náttúruleg	? (14.-15. öld)	489963	562021	82
146275	234	87	Óþekkt	Tóft	Kvíhóll	Lítill hætta	Ábúð	? (14.-15. öld)	489942	562019	82
146275	234	88	Óþekkt	Tóft	Kvíhóll	Nokkur hætta	Ábúð	14.-15. öld	489962	561969	83
146275	234	89	Óþekkt	Óþekkt	Kvíhóll	Nokkur hætta	Ábúð	? (19.-20. öld)	489927	561936	84
146275	234	90	Óþekkt	Hleðsla	Byrgishóll	Lítill hætta	Ábúð	?	490142	562153	85
146275	234	91	Brú	Heimild				19. öld			89
146275	234	92	Rétt	Hleðsla		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	490351	561888	90
146275	234	93	Óþekkt/fjárborg	Tóft		Lítill hætta	Ábúð	18. öld	490356	561901	91
146275	234	94	Vörslugarður	Garðlag		Nokkur hætta	Náttúruleg	18. öld			92
146275	234	95	Smalabyrgi	Heimild				18. öld			93
146275	234	96	Smalabyrgi	Heimild				18. öld			93
146275	234	97	Smalabyrgi	Heimild				18. öld			94
146275	234	98	Tjaldstæði	Heimild	Tjaldhvamur			?-20. öld			94
146275	234	99	Grasatekja	Heimild	Lækjarhlíð			?-20. öld			94
146275	234	100	Grasatekja	Heimild	Gamburmosar			?-20. öld			95
146275	234	101	Grasatekja	Heimild	Fossmór			?-20. öld			95
146275	234	102	Grasatekja	Heimild	Kattárdalur			?-20. öld			96
146275	234	103	Tjaldst./Grasat./Þjóðs.st.	Heimild	Gálgagil			?-20. öld			100
146275	234	104	Þjóðsagnastaður	Stöðuvatn	Grænuvötn						98
146275	234	105	Þjóðsagnastaður	Heimild	Víðivellir						99
146275	234	106	Vegur	Heimild	(Litlubrýr)	Engin hætta		19.-20. öld	486172	562404	46
146275	234	107	Þjóðsagnastaður	Stöðuvatn	Ullarvötn (-vatn)						100
146275	234	108	Leið	Heimild				?-20. öld			101
146275	234	109	Leið	Heimild				?-20. öld			101
146275	234	110	Leið	Heimild				?-20. öld			102
146275	234	111	Leið	Heimild				?-20. öld			102
146275	234	112	Óþekkt	Varða		Lítill hætta	Ábúð	18.-20. öld	489302	561963	68
146275	234	113	Óþekkt	Varða		Lítill hætta	Ábúð	18.-20. öld	488654	561943	64
146275	234	114	Óþekkt	Varða		Lítill hætta	Ábúð	18.-20. öld	488663	561926	65
146275	234	115	Óþekkt	Hleðsla		Lítill hætta	Ábúð	18.-20. öld	488630	561908	65

Djúpidalur 146275 234

146275	234	116	Varða	Heimild	Nautaskálmelur						?	-20. öld				103
146275	234	117	Hestasteinn	Steinn				Engin hættu				19.-20. öld				25
146275	234	118	Vatnsból	Lækur	Sellækur			Engin hættu				? -20. öld				76
146275	234	119	Óþekkt	Hleðsla				Nokkur hættu	Náttúruleg			?	489849	561904		77
146275	234	120	Óþekkt	Hleðsla				Nokkur hættu	Náttúruleg			?	489965	561894		77
146275	234	121	Óþekkt	Varða	Byrgishóll			Lítill hættu	Ábúð			?	490143	562149		86
146275	234	122	Óþekkt	Hleðsla	Byrgishóll			Lítill hættu	Ábúð			?	490143	562152		87
146275	234	123	Óþekkt	Hleðsla	Byrgishóll			Lítill hættu	Ábúð			?	490141	562155		88
146275	234	124	Óþekkt	Varða				Lítill hættu	Ábúð			?	490360	561988		92
146275	234	125	Vörslugarður	Garðlag				Nokkur hættu	Ábúð			?-19. öld	487168	562224		50
146275	234	126	Gullabú	Hleðsla				Lítill hættu	Ábúð			19.-20. öld	487202	562266		52
146275	234	127	Varða	Heimild								?				47
146275	234	128	Rétt	Garðlag				Lítill hættu	Náttúruleg			? (18.öld)				91
146275	234	129	Mótekja	Heimild												43
146275	234	130	Smalabyrgi	Tóft				Lítill hættu	Náttúruleg			?	486798	563216		47

* Ábúð sem skilgreining á hættuorsök nær yfir allar mögulegar framkvæmdir tengdri ábúð á jörðinni, s.s. byggingaframkvæmdir, jarðvinnslu og almenna landnýtingu.

** Þar sem svigi er utan um ártöl er um að ræða áætlaðan aldur án öruggra heimilda. Þá eru skyggðir reitirnir utan um minjar sem eru eldri en frá 19. öld og ljósskyggðir reitir utan um minjar sem grunur leikur á að séu eldri en frá 19. öld án þess að öruggar heimildir séu fyrir því.

*** Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi. Þar með verður að setja ákveðinn fyrirvara á nákvæmni staðsetningarhnita í þeim tilfellum.

Engin hættu: Engar þekktar minjar geta orðið fyrir skemmdum

Lítill hættu: Engin fyrirsjáanleg hættu steðjar að þekktum minjum á staðnum.

Nokkur hættu: Líkur eru á að þekktar minjar verði fyrir skemmdum.

Mikil hættu: Fyrirsjáanlegt að minjar verði fyrir skemmdum eða eyðileggingu ef ekkert er aðhafst.

Þar sem hættumatsreiturinn er auður er staðsetning minjanna óljós eða of ónákvæm til að hægt sé að meta hættuna.

Skilgreiningin "þekktar minjar" nær jafnt yfir minjar sem sýnilegar eru á yfirborði og minjar sem leynst geta undir sverði en heimildir eru um á staðnum.

Þar sem hættumatsreiturinn er auður er staðsetning minjanna óljós eða of ónákvæm til að hægt sé að meta hættuna.

Torfmýri 146348 - 236

Nr.	Fornleifa	Hlutverk	Tegund	Sérheiti	Hættumat	Hættuorsök	Tímabil	Austun	Norðun	bls.	
146348	236	1	Bæjarstæði	Hleðsla	Torfmyri	Lítill hætta	Ábúð	(14.) 19.-20. öld	485660	563119	104
146348	236	2	Fjánhús	Hús		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	485655	563125	107
146348	236	3	Fjós	Heimild		Lítill hætta	Ábúð	19.-20. öld	485660	563119	108
146348	236	4	Matjurtagarður	Heimild				19.-20. öld			108
146348	236	5	Fjánhús/hesthús	Tóft	Sveinkahús	Nokkur hætta	Ábúð	19.-20. öld	485485	563131	112
146348	236	6	Óþekkt	Heimild	Jónasarkofi			19.-20. öld	485614	563188	109
146348	236	7	Óþekkt/útihús	Heimild				19.-20. öld	485584	563144	109
146348	236	8	Bæjarlækur	Heimild				(14.) -20. öld			109
146348	236	9	Vatnsból	Heimild				(14.) -20. öld			111
146348	236	10	KvÍar	Heimild				19.-20. öld			113
146348	236	11	Stekkur	Heimild				(19.-20. öld)			113
146348	236	12	Kartöflugarður	Garðlag		Lítill hætta	Ábúð	20. öld	485176	562982	114
146348	236	13	Þurrkvöllur	Heimild		Engin hætta		(19.-20. öld)			114
146348	236	14	Landamerki	Þúfa	Merkjaþúfa	Lítill hætta	Ábúð	?	485066	563143	117
146348	236	15	Mótekja	Mógröf		Nokkur hætta	Ábúð	19.-20. öld	485760	562703	115
146348	236	16	Beitarhús	Tóft		Lítill hætta	Ábúð	(19.-20. öld)	485968	563379	116
146348	236	17	Óþekkt	Niðurgroftur		Lítill hætta	Ábúð	(19.-20. öld)	485973	563398	116
146348	236	18	Túngarður	Garðlag		Nokkur hætta	Ábúð	19.-20. öld	485516	563108	111
146348	236	19	Þvottastaður	Heimild				19.-20. öld			110
146348	236	20	Hesthús	Heimild				20. öld			112
146348	236	21	Fiskasteinn	Steinn		Nokkur hætta	Ábúð	19.-20. öld			112

* Ábúð sem skilgreining á hættuorsök nær yfir allar mögulegar framkvæmdir tengdri ábúð á jörðinni, s.s. byggingaframkvæmdir, jarðvinnslu og almenna landnýtingu

** Þar sem svigi er utan um ártöl er um að ræða áætlaðan aldur án öruggra heimilda. Þá eru skyggðir reytirnir utan um minjar sem eru eldri en frá 19. öld og ljósskyggðir reitir utan um minjar sem grunur leikur á að séu eldri en frá 19. öld án þess að öryggar heimildir séu fyrir því.

*** Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi. Þar með verður að setja ákveðinn fyrirvara á nákvæmni staðsetningarhnita í þeim tilfellum.

Engin hætta: Engar þekktar minjar geta orðið fyrir skemmdum

Lítill hætta: Engin fyrirsjánleg hætta steðjar að þekktum minjum á staðnum.

Nokkur hætta: Líkur eru á að þekktar minjar verði fyrir skemmdum.

Mikil hætta: Fyrirsjálegt að minjar verði fyrir skemmdum eða eyðileggingu ef ekkert er aðhafst.

Þar sem hættumatsreiturnir eru auðir er staðsetning minjanna óljós eða of ónákvæm til að hægt sé að meta hættuna.

Skilgreiningin "þekktar minjar" nær jafnt yfir minjar sem sýnilegar eru á yfirborði og minjar sem leynst geta undir sverði en heimildir eru um á staðnum.



Bygðasafn Skagfirðinga
2008